

Alþingi  
Erindi nr. P 137/768  
komudagur 14.9.2009



**Akureyrarbær**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Alþingi  
hr. Gauti Sturluson,  
sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 10. september 2009  
2009080056 / 01-106-05

**Efni: Frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum við EES-samning - 147. mál**

Bæjarráð Akureyrar hefir á fundi sínum í dag gert eftirfarandi bókun:

"Frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum við EES-samning - 147. mál  
2009080056

Erindi dags. 24. ágúst 2009 frá Gauti Sturlusyni f.h. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-saminginn, 147. mál, matvælaöggjöf, EES-reglur. Þingskjalið er að finna á slóðinni:

<http://www.althingi.is/altext/137/s/0241.html>

Bæjarráð tekur undir álit Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Sambands íslenskra sveitarfélaga og undrast að ekkert tillit hafi verið tekið til fyrri ábendinga þessara sömu aðila."

Petta tilkynnist hér með.

Virðingarmyils  
f.h. Akureyrarbæjar

*Brynja Björk Pálsdóttir*

Brynja Björk Pálsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. **D 137/809**  
komudagur 2.10.2009



Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2009

**Efni: Umsögn um Frumvarp til laga, (“Matvælafrumvarp”) um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES - samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. Þskj. 241 – 147. mál.**

Félagið “Beint frá býli” hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Á fundi sínum hinn 24. september sl. fjallaði stjórn félagsins “Beint frá býli” um frumvarpið. Eftirfarandi texti er umsögn stjórnar BFB um “Matvælafrumvarpið” ásamt síðari breytingartillögum við það.

Mikilvægt er að innflutningur á hráu kjöti verði ekki leyfður. Einnig telur félagið að innflutningur á unnum kjötvörum þurfi að hlíta ströngum reglum. Þótt núverandi tillögur banni innflutning á hráu kjöti, þá þarf einnig að banna innflutning á hráum eggjum og ógerilsneiddum eggjamassa, sem og ósótthreinsuðum skinnum og húðum. Þá ber að hindra allan innflutning á jarðvegi/gróðurmold, en lágmarksskilyrði er að slíkar vörur séu sótthreinsaðar.

Með afnámi tolla o.fl., þá er nokkuð ljóst að innfluttar kjötvörur munu leiða til lækkunar verðs á þessum vörum. Ofangreindir þættir munu því auka samkeppni á innlendum markaði og leiða til lækkunar á innlendum samkeppnisvörum. Þetta getur/mun hafa neikvæð áhrif á innlenda framleiðslu, þ.á.m. á vörur beint frá býli.

Þá er óljóst hvað áhrif það hefur á smáframleiðendur hérlendis, eins og t.d. þá sem framleiða undir merkjum beint frá býli, ef sláturhúsum, kjötvinnslum og mjólkurbúum fækkar enn frekar eins og spáð er með aukinni samkeppni erlendis frá.

Kostnaður við að framfylgja reglum og eftirlit hvers konar skiptir miklu fyrir smáframleiðendur. Hætta er á að með nýrri löggjöf verði þessi þáttur síst minni en áður, jafnvel meiri, en upplýsingar um það liggja ekki nægjanlega vel fyrir. Tryggja verður að kostnaður smáframleiðenda við eftirlit hvers konar verði viðráðanlegur. Einnig er mikilvægt að smáframleiðendur, eins og aðrir bændur, eigi tryggan aðgang að sérfræðipjónustu dýralækna og annarra sérfræðinga án aukins kostnaðar.

Í Evrópu eru gamlar hefðir fyrir framleiðslu á vörum úr ógerilsneiddri mjólk og slíkt tíðkast þrátt fyrir gildandi matvælalöggjöf hjá Evrópusambandinu. Mikilvægt er að

loka engum leiðum hérlendis í þessum efnum, því á þessu sviði kunna að leynast nýjir möguleikar fyrir íslenska smáframleiðendur.

Í sumum landa Evrópu er – þrátt fyrir gildandi reglur – hefð fyrir rekstri lítilla sláturhúsa (færanleg sláturhús þekkjast einnig) og hvortveggja gengur vel að sögn. Mikilvægt er að ný matvælalöggjöf auðveldi slíka starfsemi, því ókannaðir möguleikar gætu verið þar til staðar fyrir ýmiss konar smárekstur og úrvinnslu matvæla.

Í mörgum löndum Evrópu á sér stað umtalsverð og fjölbreytt framleiðsla matvæla á bændabýlum (Beint frá býli) og í minni fyrirtækjum í samvinnu við bændur. Ef ný matvælalöggjöf auðveldar slíkt þá eru þarna nýjir möguleikar sem ber að fagna.

Beint frá býli leggur áherslu á að í nýrri matvælalöggjöf verði gert mögulegt (með sérákvæði) að heimila það að hér verði framleiddar og markaðssettar séríslenskar vörur sem uppfylla íslenska gæðastaðla þótt heildarlöggjöf kunni að takmarka slíkt. Möguleikar íslenskra smáframleiðenda eru miklir á þessu sviði þótt aðeins sé miðað við staðbundna/svæðisbundna framleiðslu og sölu heima í héraði. Lögin þurfa að gefa svigrúm á þessu sviði.

Þá skiptir máli hvort það verður að veruleika að sk. frumframleiðsla verði skilgreind frá annarri framleiðslu og hvort nýttar verði reglur ESB um frumframleiðslu. Náist þetta þá getur það orðið framleiðslu Beint frá býli til framdráttar.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Beint frá býli



Árni Snæbjörnsson,  
verkefnisstjóri BFB



# Byggðastofnun

## Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. 137/796  
komudagur 21.9.2009

Dagsetning  
17.09.2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, mál 147.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun hefur áður veitt umsagnir um hliðstæð frumvörp sem hafa verið flutt á fyrri þingum. Meginbreyting þess frumvarps sem hér er lagt fram er, m. a. að gert er ráð fyrir að ekki verði veittar heimildir til innflutnings á hráu kjöti og rotmassa fyrir alidýraáburð og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði. Lagabreytingar þessar þurfa að standast ákvæði EES-samningsins og mega ekki skaða hagsmuni útflutningsgreina í sjávarútvegi. Þessar breytingar ættu að styrkja samkeppnisstöðu innlendrar búvöruframleiðslu. Staða landbúnaðar og úrvinnslufyrirtækja búvara er erfið um þessar mundir, auk þess sem Ísland hefur þá sérstöðu að vera laust við ýmsa búfjárjúkdóma, sem eru landlægir víða í Evrópu. Ákvæði um flutning ákveðinna þátta matvælaeftirlits frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna til Matvælastofnunar og um aðskilnað eftirlits sem dýralæknar sinna og annarra starfa þeirra, munu væntanlega hvoru tveggja hafa áhrif á starfsemi þessara aðila á landsbyggðinni.

Virðingarfyllt

---

Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. september  
2009  
EBI/hó

**Efni. Umsögn um:**

**Þskj. 241 — 147. mál. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)**  
*Tilv. 2008040009*

Bændasamtök Íslands gera svofelldar athugasemdir við frumvarpið.

1. Vísað er til fyrri umsagna BÍ um frumvörp sama efnis frá 11. september 2008 og 11. mars 2009 með fylgiskjölum.
2. Við 32. gr frumvarps er varðar breytingu á 10. gr laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim þarf að bæta inn banni við innflutningi á hráum eggjum og ógerilsneiddum eggjamassa, ógerilsneiddri mjólk eða vörum unnum úr henni og óhitameðhöndlaðri gróðurmold en þessi atriði eru tilgreind í gildandi lögum. Þá þarf að tilgreina áfram sérstaklega ósótthreinsuð skinn og húðir, dýrahár, ull, fiður, fjaðrir og dún, blóð og blóðafurðir, hverskonar óhreinsaðan fatnað sem komist hefur í snertingu við dýr og fôðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð. Nauðsynlegt er að telja þessi atriði upp í 32. gr. fremur en að tiltaka þau í athugasemdum, en um rökstuðning er vísað til fyrri umsagna og fylgigagna, t.d. í umsögn Lagastofnunar háskólans varðandi sjúkdómastöðu búfjár. Rökstuðningurinn er þannig sá sami og fyrir hrátt ófrosið kjöt. Við leggjum einnig til að 13. gr EES samningsins sé með skýrari hætti nefnd sem varnarákvæði í athugasemdum við 32. gr. frumvarpsins. (Taka skal fram að ofangreint hindrar ekki innflutning á frjóeggjum til kynbóta. Undanþáguákvæði hvað það varðar er efnislega óbreytt).

3. Vísað er til ályktana Búnaðarþings um heilbrigðisþjónustu við dýr. Í ályktun Búnaðarþings 2008 segir: “Búnaðarþing 2008 skorar á ríkisvaldið að leggja fram fjármagn til að tryggja dýralæknaþjónustu á strjálbýlum svæðum svo allir dýraeigendur landsins hafi aðgang að þjónustu dýralækna. Greinargerð: Þegar endanlegur aðskilnaður eftirlits og almennrar dýralæknaþjónustu verður að veruleika er nauðsynlegt að tryggja þjónustubáttinn á svæðum sem eru of fámenn til þess að sjálfstætt starfandi dýralæknar sjái sér hag í að bjóða þar fram þjónustu sína. Nauðsynlegt er að hið opinbera leggi fram fé til að tryggja fullnægjandi þjónustu og dýravelferð á þessum svæðum.” Með hliðsjón af þessari ályktun skal tekið er undir það sem fram kemur í umsögn dýralæknafélagsins um frumvarp það sem hér er til umfjöllunar þar sem segir: „Stjórn DÍ leggur þunga áherslu á rétt dýra og dýraeigenda til aðgangs að sólarhringsþjónustu dýralækna um land allt, þ.e. að dýralæknir verði ávallt tiltækur til að lina þjáningar dýra og bregðast við ef grunur vaknar um skæða smitsjúkdóma eða atvik er varða ímynd landbúnaðar og matvælavinnslu.“
4. Bændasamtök Íslands leggja sérstaka áherslu á að íþyngjandi gjaldtöku sé stillt sem mest í hóf og að sá vilji komi fram í athugasemdum með frumvarpi.
5. Að þessu úr bættu leggjast Bændasamtökin ekki gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Eiríkur Blöndal

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 137/777**  
**komudagur 16.9.2009**

Reykjavík 15.09.09

Nefndasvið Alþingis  
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn stjórnar Dýralæknafélags Íslands vegna 147. máls (þskj. 241), þ.e. frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða**

Stjórn Dýralæknafélags Íslands (DÍ) er samþykkt því sjónarmiði frumvarpsins að almennt skuli aðskilja eftirlit og þjónustu dýralækna m.t.t. vanhæfis- og samkeppnis-sjónarmiða.

Stjórn DÍ leggur jafnframt áherslu á að ekki verði settar takmarkanir á atvinnufrelsi dýralækna umfram það sem gildir innan Evrópubandalagsins; nánar tiltekið er nauðsynlegt að sjálfstætt starfandi dýralækna geti undir ákveðnum skilyrðum tekið að sér opinber eftirlitsverkefni (t.d. árstíðabundin verkefni, s.s. vegna heilbrigðis-skoðunar í sláturhúsum og kjötvinnslum) og að sama skapi geti opinberir eftirlitsdýralækna og héraðsdýralækna undir ákveðnum skilyrðum tekið að sér þjónustu við dýraeigendur (t.d. til að halda uppi viðunandi vaktþjónustu í strjálbýli utan almenns vinnutíma).

Slíkur sveiganleiki er sérstaklega mikilvægur í strjálbýli varðandi árstíðabundin eftirlitsverkefni og vaktþjónustu. Skilyrði fyrir rekstri sjálfstætt starfandi dýralækna í strjálbýli eru mjög erfið, m.a. vegna samdráttar í landbúnaði, erfiðra samgangna og vandkvæða með afleysingu. Tryggja verður a.m.k. tvískiptar vaktir á öllum vaktsvæðum og hverfa frá því fyrirkomulagi að einum og sama dýralækni verði ætlað að sinna sólarhringsvakt í héraði mánuðum saman án afleysinga.

Matvælafrumvarpið gerir ráð fyrir setningu reglugerðar sem mæli fyrir um starfsaðstöðu, greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralækna sem taka að sér að veita þjónustu í strjálbýli, en ekkert hefur verið upplýst um hvernig reglugerðin verður útfærð. Tafir og óvissa hvað þetta varðar skapa óvissu og óróa hjá héraðsdýralæknum og sjálfstætt starfandi dýralæknum sem veita þessa mikilvægu grunnþjónustu í dag.

Vaktsvæði dýralækna skv. matvælafrumvarpi eru mörg stór og erfið yfirferðar og er eindregið mælt með að vaktsvæðum verði fjölgað þannig að útkallstími verði ekki of langur og bitni á velferð dýra.

**Stjórn DÍ leggur þunga áherslu á rétt dýra og dýraeigenda til aðgangs að sólarhringsþjónustu dýralækna um land allt, þ.e. að dýralæknir verði ávallt tiltækur til að lina þjáningar dýra og bregðast við ef grunur vaknar um skæða smitsjúkdóma eða atvik er varða ímynd landbúnaðar og matvælavinnslu.**

*Nánari athugasemdir og ábendingar um einstakar greinar frumvarpsins*

Í 3. málsgrein 9. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr kemur fram að dýralækni ber að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálp í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að koma upp sjóði hjá ráðuneyti eða Matvælastofnun sem hafi það hlutverk að greiða kostnað dýralækna vegna eigendalausra dýra, villtra dýra og í þeim tilvikum þar sem ekki næst í eiganda og nauðsynlega þarf að sinna dýri m.t.t. dýravelferðar. Ekki er hægt að ætlast til þess að dýralæknar beri sjálfir þennan kostnað og er vísað til hvernig þessi mál hafa verið leyst í nágrannalöndum okkar (opinberir sjóðir). **Mælst er til þess að ákvæði um slíkan sjóð verði bætt í frumvarpið.** Má hér nefna nýlegt atvik þegar upp kom salmónellasýking í 40 hrossum á Kjalarnesi um jól og hross lágu í hrönnum fárveik og deyjandi. Kalla þurfti út marga dýralækna sem unnu yfir jólin við að veita þessum hrossum hjálp og sitja þeir uppi með tugi þúsunda í kostnað af lyfjum og fjölda tíma í ógreidda vinnu þar sem eigendur voru ekki tiltækir. Mun verða erfitt að fá dýralækna til að bregðast við neyðarhjálp í framtíðinni þegar ekki er tryggt að dýralæknar bera ekki þann kostnað sjálfir.

37. grein:

Stjórn DÍ er samþykkt því sjónarmiði að almennt skuli aðskilja eftirlit og þjónustu m.t.t. vanhæfis- og samkeppnissjónarmiða og leggur jafnframt áherslu á að réttur og atvinnufrelsi verði ekki skert án bóta eða helgunarálags.

Varðandi störf eftirlitsdýralækna, þá er minnt á að í bréfi yfirdýralæknis dags. 11. nóvember 2000 segir eftirfarandi: “yfirdýralæknir hefur ávallt skilgreint starf þessara dýralækna (þ.e.a.s. eftirlitsdýralækna) á þann veg að þeir mættu eingöngu sinna eftirlitsstörfum á skilgreindum vinnutíma sínum. Hvað þeir gerðu utan skilgreinds vinnutíma væri þeirra mál. Á þeim tíma mættu þeir sinna almennum dýralækningum og taka vaktir eins og hver annar dýralæknir”.

Í skýringum með 37. gr. er vísað til skuldbindinga skv. alþjóðlegum samningum hvað varðar aðskilnað á eftirliti og þjónustu. Hér er væntanlega vísað til EES samningsins. Stjórn DÍ vekur athygli á að skv. reglum Evrópubandalagsins (EB) er ekki tekið fram í skilgreiningu á opinberum eftirlitsdýralæknum (“official veterinarian”) að slíkir skuli vera í fullu starfi eða megi ekki sinna öðrum störfum.

Einnig er vakin athygli á að sjálfstætt starfandi dýralæknar innan EB geta aflað sér viðbótar menntunar í eftirlitsstörfum (“approved veterinarian”) og er þá heimilt að taka að sér opinber eftirlitsstörf í hlutastarfi undir ákveðnum forsendum. Þar er átt við t.d. fjósaskoðun og skoðun gripa heima á bæjum áður en þeir fara til slátrunar.

Til frekari upplýsinga vísar stjórn DÍ til reglugerðar (EB) 882/2004 (almenn regla um öll matvæli, dýraheilbrigði, dýravernd, fóður og að eftirlitsaðili skuli óháður) og reglugerðar (EB) 853/2004 og (EB) 854/2004, þ.e. sértækar reglur um matvæli úr



dýraríkinu og eftirlit með þeim, þar sem m.a. er fjallað um störf dýralækna sem sinna bæði opinberu eftirliti og þjónustu í hlutastörfum (“approved veterinarian”).

**Stjórn DÍ leggur áherslu á að héraðsdýralæknum, eftirlitsdýralæknum, sérgreinadýralæknum, sjálfstætt starfandi dýralæknum og öðrum dýralæknum sem starfa hér á landi verði ekki settar takmarkanir á atvinnufrelsi umfram þau ákvæði sem er að finna í lögum og reglum EB um störf dýralækna.**

Stjórn DÍ vekur athygli landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar á nauðsyn þess að setja inn takmarkanir á heimildir Matvælastofnunar til að fela héraðsdýralækni og öðrum starfsmönnum umdæmisstofa að annast verkefni í öðrum umdæmum án undangengins samráðs við viðkomandi starfsmann.

Það er ekki sanngjarnt eða eðlilegt að Matvælastofnun geti skipað starfsmanni án fyrirvara og án samráðs að taka að sér störf svo vikum og mánuðum skiptir í öðrum landshluta, fjarri sínu heimili.

Í þessu sambandi er vísað til meðfylgjandi erindis Matvælastofnunar sem barst félagsmanni DÍ fyrirvaralaust og án undangengins samráðs. Sjá jafnframt meðfylgjandi álitargerð lögmanns um heimildir Matvælastofnunar til að skylda héraðsdýralækna til að starfa fyrir utan umdæmi þeirra og ályktun aðalfundar DÍ frá 14. mars 2009 um mikilvægi vandaðrar starfsmannastefnu og að vaktir verði alls staðar a.m.k. tvískiptar.

38. grein:

Stjórn DÍ lýsir yfir ánægju með að bakvaktir dýralækna verði skipulagðar og greiddar af hinu opinbera um land allt og aðgengi að grunnþjónustu dýralækna þannig tryggt á samfélagslegum grunni. Athygli er þó vakin á að flest öll vaktsvæði skv. frumvarpinu eru feiki stór og ógjörningur fyrir einn dýralækni að sinna vakt á slíkum svæðum á viðunandi hátt. Þannig verður vaktsvæðum 6, 8 og 13 ekki sinnt með góðu móti nema að til staðar verði tveir til þrjú dýralæknar á vakt. **Eindregið er mælt með að vaktsvæðum verði fjölgað þannig að útkallstími verði ekki of langur og bitni á velferð dýra;** að vaktsvæðin fylgi landfræðilegum mörkum; taki mið af umfangi landbúnaðar og dýrafjölda á svæðunum og verði sem jöfnust að stærð og umfangi. Fjölga þarf frekar vaktsvæðum frá núgildandi lögum en fækka, þar sem vaktageiðslur yrðu helsta forsenda fyrir dýralæknaþjónustu á landsbyggðinni. Án viðunandi vaktageiðslna er hætt við að afar erfitt verði að fá sjálfstætt starfandi dýralækna til starfa í dreifbýli.

Dýralæknafélag Íslands hefur alla tíð lagt mikla áherslu á að réttur dýra og/eða dýraeigenda til aðgangs að dýralæknaþjónustu verði tryggður í lögum á grundvelli **dýravelferðar**, þ.e. að dýralæknir verði ávallt tiltækur til að lina þjáningar dýra (sama hverrar tegundar) og að **sólarhringsþjónusta verði tryggð um land allt.**

Stjórn DÍ mælist til þess að sett verði inn í frumvarpið nánari skýring á verkefnum dýralækna á bakvakt, þ.e. að hann skuli veita almenna þjónustu við dýraeigendur og einnig gera nauðsynlegar fyrstu ráðstafanir í umboði **héraðsdýralækna** ef grunur vaknar um alvarlega smitsjúkdóma og þegar upp koma mál er varða velferð dýra og bráðatilvik.

39. grein:

Stjórn DÍ bendir á að það er afar mikilvægt að sem allra fyrst verði hafist handa við gerð reglugerðar þeirrar sem ætlað er það mikilvæga hlutverk að **tryggja dreifðum byggðum þjónustu dýralækna**. Reglugerðinni er ætlað að mæla fyrir um starfsaðstöðu, greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu. Tryggja verður **a.m.k. tvískiptar vaktir á öllum vaktsvæðum** og hverfa alfarið frá því fyrirkomulagi að einum og sama dýralækni verði ætlað að sinna sólarhringsvakt í héraði mánuðum saman án afleysinga, sjá meðfylgjandi ályktun aðalfundar DÍ frá 14. mars 2009 um mikilvægi vandaðrar starfsmannastefnu og að vaktir verði alls staðar a.m.k. tvískiptar.

Tafir og óvissa hvað þetta varðar skapar mikla óvissu hjá þeim dýralæknum sem eru að veita þessa mikilvægu grunnþjónustu í dag. Reynslan segir okkur að hætta er á að dýralæknar hverfi til annara starfa innanlands sem utan þegar starfsumhverfi dýralækna er sett í uppnám með þessum hætti (fækkun á stöðum héraðsdýralækna úr 16 í 6). Bent er á að héraðsdýralæknar starfa flestir í héruðum þar sem atvinnulíf er einsleitt og brothætt. Allar breytingar á starfshögum dýralækna í dreifbýli eru því sérstaklega viðkvæmar og erfiðar.

**Stjórn DÍ hefur þungar áhyggjur af því dýralækar hverfi úr störfum í strjálbýli og að erfitt verði að manna stöðurnar í ljósi þeirrar óvissu sem umrætt frumvarp hefur þegar skapað.**

Í þessu sambandi er athygli vakin á að nýliðun dýralækna er takmörkuð, dýralæknánám er kostnaðarsamt (u.þ.b. 6 ára nám erlendis) og afar mikilsvert að íslensku samfélagi haldist vel á starfandi dýralæknum og að dýralæknar skili sér heim að loknu námi og starfsþjálfun erlendis.

40. grein:

Farið er fram á að 40. gr. orðist svo:

Matvælastofnun skal ráða **sérmenntaða** dýralækna á eftirtöldum sérsviðum:

Sviði sóttvarna, dýravelferðar, dýrallyfja, alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, gælu-dýrasjúkdóma, hrossasjúkdóma, jörturdýrasjúkdóma, loðdýrasjúkdóma, svína-sjúkdóma og heilbrigðis dýraafurða.

Athygli er vakin á að þjónusta við gæludýr er ört vaxandi svið dýralækninga og afar mikilvægt að Matvælastofnun rækti skyldur sínar við eigendur gæludýra til jafns við eigendur annara dýra.

*Að lokum*

Stjórn DÍ lýsir yfir vilja til að eiga gott samstarf við Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd og veitir fúslega nánari upplýsingar eftir því sem nefndin óskar.

F.h. stjórnar DÍ

  
Guðbjörg Þorvarðardóttir  
Formaður

Meðfylgjandi gögn:  
Bréf MAST til héraðsdýralæknis  
Lögfræðileg álitsgerð.  
Umsögn Héraðsdýralækna

## **Ályktun aðalfundar Dýralæknafélags Íslands þann 14. mars 2009**

Aðalfundur Dýralæknafélags Íslands, haldinn þann 14. mars 2009, beinir þeim tilmælum til forstjóra Matvælastofnunar að hann beiti sér fyrir því að unnin verði vönduð og vel ígrunduð starfsmannastefna Matvælastofnunar. Í starfsmannastefnu verði haft að leiðarljósi að stjórnendur hafi samráð við starfsmenn um þau málefni er þá varða. Upplýsingastreymi verði virkt og starfsmönnum gefinn kostur á hlutdeild við ákvarðanatöku, framkvæmd og eftirfylgni. Þá verði sérstaklega hugað að starfsaðstöðu og vinnutíma þeirra héraðsdýralækna sem starfa einir í héraði og veita sólarhringsþjónustu. Mörkuð verði sú stefna að vaktir verði alls staðar a.m.k. tvískiptar og þess gætt að fara í hvívetna eftir gildandi lögum og reglum um vaktavinnu.

Alfreð Schiöth  
fundarritari



Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra  
Hákon Ingvi Hansson  
Ásvegi 31  
760 Breiðdalsvík

Austurvegur 64 800 Selfoss  
Sími: 530 4800 · Fax: 530 4801  
mast@mast.is www.mast.is

Selfoss, 16. febrúar 2009  
Tilvísun: Mast09020130/1.0

**Efni: Kjötskoðun á Kópaskeri og sumarafleysingar héraðsdýralækna**

Á undanförmum árum hafa afleysingar vegna orlofs héraðsdýralæknis Austurlandsumdæmis syðra verið með þeim hætti að nærliggjandi héraðsdýralæknar hafa sinnt afleysingunni og verður það með óbreyttu sniði í ár. Jafnframt má gera ráð fyrir að leitað verði til þín hvað varðar afleysingar í nærliggjandi umdæmum með sama hætti. Nauðsynlegt er að orlofsóskir liggi fyrir sem fyrst til að hægt sé að taka afstöðu til þeirra og skipuleggja afleysingar í þínu umdæmi. Vegna aukins álags verður greiðsla fyrir umræddar afleysingar 25% af mánaðarlaunum fyrir afleysingatímann auk vaktgreiðslna á viðkomandi svæði.

Í ljósi þess efnahagsástands sem nú ríkir er hins vegar þörf á að endurskoða öll útgjöld stofnunarinnar í tengslum við þann 51,3 mkr. niðurskurð sem stofnuninni hefur verið gert að framkvæma á þessu ári.

Sem hluti af niðurskurði útgjalda stofnunarinnar hefur verið tekin ákvörðun um að fela þér að starfa sem eftirlitsdýralæknir við kjötskoðun á Kópaskeri meðan á sauðfjárslátrun stendur á komandi hausti. Eins og undanfarin ár mun stofnunin útvega húsnæði á Kópaskeri á umræddu tímabili.

Þetta er ein af fjölmörgum aðgerðum sem gripið verður til í þeim niðurskurði sem stofnuninni hefur verið gert að framkvæma í því efnahagsástandi sem nú ríkir og miðar að því að nýta fjármuni stofnunarinnar sem best.

F.h. Matvælastofnunar,

  
Jón Ólafsson, forstjóri

# LÖGFRÆÐILEG ÁLITSGERÐ

**Efni:** Um heimild Matvælastofnunar til að skylda héraðsdýralækna til að starfa fyrir utan umdæmi þeirra.

Dýralæknafélag Íslands hefur leitað til neðangreinds lögfræðings og óskað eftir athugun á því hvort Matvælastofnun sé heimilt að skylda héraðsdýralækna til að starfa í öðru umdæmi en þeir eru ráðnir til starfa í samkvæmt lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998. Athugunin hefur verið unnin af neðangreindum lögfræðingi.

## I. Álitaeefni

Athugun þessi er tilkomin vegna erindis Dýralæknafélags Íslands.

Það álitaeefni sem athugun þessari er ætlað að svara er, eins og að framan segir, hvort Matvælastofnun sé heimilt að skylda héraðsdýralækna til að starfa í öðru umdæmi en þeir eru ráðnir til starfa í samkvæmt lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998.

## II. Lagaumhverfi

Helstu lagabálkar, reglur og tilskipanir sem málið varða eru eftirfarandi:

1. Lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998.
2. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
3. Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins um breytingar á starfi almennra starfsmanna og embættismanna nr. 1/2004.

## III. Réttarstaða

### III.1. Almenn um breytingar á starfi ríkisstarfsmanna<sup>1</sup>

Í þessu sambandi þarf að líta til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (stml.) en löggin gilda um héraðsdýralækna, sbr. 6. mgr. 11. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998 (dýralæknaölög). Jafnframt þarf að hafa í huga hina óskráðu meginreglu vinnuréttarins um stjórnunarrétt vinnuveitanda og þá kunna sérákvæði laga um hlutaðeigandi stofnun eða starfsstétt einnig að skipta máli, en fjallað verður um þau í kafla III.2. hér á eftir.

Í reglunni um „stjórnunarrétt vinnuveitanda“ felast valdheimildir til að stýra og stjórna starfsemi innan þeirra marka sem lög og samningar gera ráð fyrir. Stjórnunarheimildir forstöðumanna lúta m.a. að ákvörðunum um skipulag vinnunnar, hvaða verk skuli vinna, hver skuli vinna þau, með hvaða hætti, hvenær og hvar. Ákvarðanir sem teknar eru dags daglega um störf og verksvið einstakra starfsmanna rúmast jafnan innan þeirra heimilda sem felast í reglunni um „stjórnunarrétt vinnuveitanda“. Almenn eru ekki gerðar förmkröfur til slíkra ákvarðana.<sup>2</sup>

Í 19. gr. stml. er sérstaklega kveðið á um skyldu starfsmanns til að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því hann tók við starfi, jafnvel þó að það leiði til skerðingar á launakjörum eða réttindum hans. Ákvæðið er svohljóðandi:

<sup>1</sup> Kafliinn er að mestu leyti unninn upp úr dreifibréfi Fjármálaráðuneytisins um breytingar á starfi almennra starfsmanna og embættismanna nr. 1/2004.

<sup>2</sup> Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004.

„Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Starfsmaður getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkra breytinga, enda skýri hann ráðherra eða forstöðumanni frá því innan eins mánaðar frá því að breytingarnar voru tilkynntar honum. Ef breytingarnar hafa í för með sér skert launakjör starfsmanns eða réttindi skal hann halda óbreyttum launakjörum og réttindum þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í embætti eða jafnlangan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er samkvæmt ráðningarsamningi, sbr. 46. gr.“

Það er ekki nauðsynlegt að beita framangreindu ákvæði við minniháttar breytingar á starfi. Við aðrar breytingar, einkum þær sem eru afgerandi, er rétt að byggja á heimild 19. gr. stml.<sup>3</sup> Með vísan til þessa verður að telja ljóst að ákvörðun Matvælastofnunar (MAST), um að skylda héraðsdýralækni til starfa utan umdæmis síns, falli undir 19. gr. laganna.

19. gr. stml. byggir á almennum stjórnunarrétti og hefur meðal annars þann tilgang að náð verði markmiðum um árangursríka nýtingu fjármuna stofnunar, sbr. 2. mgr. 38. gr. stml. Ef breyta á verksviði starfsmanns á grundvelli 19. gr. þarf að byggja þá ákvörðun á málefnalegum sjónarmiðum og ganga úr skugga um að hún sé ekki meira íþyngjandi í garð starfsmanns en nauðsyn ber til.<sup>4</sup>

Ekki verður tæmandi talið hvers konar breytingar eru heimilar samkvæmt 19. gr. stml. Tilefnið getur verið breytingar á skipulagi og rekstri stofnunar en einnig atriði sem varða starfsmanninn sjálfan. Starfsmaður getur ekki vænst þess að eðli og inntak þeirra verka sem honum eru falin í upphafi, haldist með öllu óbreytt út starfstíma hans. Forsendur verksviðs hans geta breyst. Forstöðumaður hefur töluvert svigrúm til að breyta einhliða verkefnum starfsmanns án þess að nauðsynlegt sé að segja ráðningarsamningi upp. Slíkar breytingar geta til dæmis haft í för með sér annað starfsheiti og að starfsmanni beri að sinna störfum sínum í annarri deild eða eftir atvikum annarri starfsstöð og undir stjórn annars yfirmanns en áður. Þá hafa sumar stofnanir fleiri en eina starfsstöð (ráðningarstað) og geta því fært starfsmenn milli starfsstöðva. Samkvæmt dreifibréfi Fjármálaráðuneytisins um breytingar á starfi almennra starfsmanna og embættismanna nr. 1/2004<sup>5</sup> er samþykki starfsmanns nauðsynlegt ef flytja á hann milli starfsstöðva og hin nýja starfsstöð er á öðru atvinnusvæði.<sup>6</sup> Þegar MAST tekur ákvörðun um að skylda héraðsdýralækni til starfa utan umdæmis síns hlýtur það að falla undir „annað atvinnusvæði.“ Þrátt fyrir að framangreint dreifibréf teljist formlega séð ekki vera réttarheimild, er ljóst að afstaða ráðuneytisins er sú að samþykki aðila sé skilyrði í þessum tilvikum, enda er eðlilegt að gera kröfu um að það liggi fyrir.

Breyting á starfi telst til ákvarðana um innra skipulag stofnunar. Þær teljast ekki til stjórnvaldsákvarðana í skilningi stjórnsýslulaga og eiga þau því ekki við. Hafi breytingarnar í för með sér skert launakjör eða réttindi hefur þó verið talið rétt að fylgja ákvæðum þeirra laga. Sem dæmi má hér nefna lækkun um launaflokk. Aftur á móti telst minni yfirvinna eða minni möguleikar á yfirvinnu ekki til skertra launakjara eða réttinda.<sup>7</sup> Hæstiréttur hefur nú staðfest að þegar um skerðingu á mikilsverðum réttindum starfsmanns er að ræða þá beri stjórnvaldi að fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga, sbr. t.d. H. frá 18. september 2008, í máli nr. 430/2007. Stjórnvöld verða því að gæta þess að reglum stjórnsýsluréttarins sé fylgt við töku slíkra ákvarðana, þ.á.m meðalhöfsreglunni, sbr. 12. gr., reglunni um andmælarétt, sbr. 13. gr. og

<sup>3</sup> Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004.

<sup>4</sup> Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004.

<sup>5</sup> Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004.

<sup>6</sup> Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004.

<sup>7</sup> Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004.

reglunni um rétt málsaðila til rökstuðnings, sbr. 21. og 22. gr. Ákvörðun MAST um að skylda héraðsdýralækni til starfa utan umdæmis síns hefur það víðtæk áhrif á réttindi starfsmannsins að telja verður að MAST hafi borið að fylgja ákvæðum stjórnslulaga við töku ákvörðunarinnar. Því er sérstök ástæða til að vekja athygli á því að stofnuninni er í þessum tilvikum skylt að gefa aðila kost á að gæta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

### *III.2. Um heimild Matvælastofnunar til að skylda héraðsdýralækna til starfa utan umdæmis þeirra.*

Auk framangreindra reglna sem fjalla almennt um starfsmenn ríkisins er, við úrlausn álitafnisins, rétt að líta til þeirra sérlaga og reglna er gilda um dýralækna. Nánar tiltekið er hér átt við lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998 (dýralæknalög). Í lögnum er landinu skipt í 14 umdæmi héraðsdýralækna sbr. 1. mgr. 11. gr. laganna. Í þessu sambandi skal jafnframt vísað til ákvæðis 1. tl. 3. mgr. 11. gr. dýralæknalaga sem fjallar um starfsskyldur héraðsdýralækna en þar segir:

„Héraðsdýralækna skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða.“  
[undirstrikun, höfundar]

Ljóst er af þessu ákvæði að lögin gera ekki ráð fyrir því að héraðsdýralækna skuli skyldaðir til starfa utan síns umdæmis sbr. orðin „hver í sínu umdæmi.“ Framangreind ákvæði verða að teljast sérákvæði gagnvart ákvæðum starfsmannalaga sem fjallað var um í kafla III.1. Af þessum sökum verður að líta svo á að þau gangi framur þeim að því leyti sem þau kunna að stangast á.<sup>8</sup>

Þá skal þess getið að þegar þetta er skrifað liggur fyrir hjá Alþingi frumvarp til breytinga á ýmsum lögum<sup>9</sup> þ.á.m. dýralæknalögum, en samkvæmt 37. gr. frumvarpsins er lagt til að 11. gr. dýralæknalaga verði breytt. Þá er m.a. lagt til að tekinn verði upp eftirfarandi ákvæði í 5. tl. 2. mgr. 11. gr.:

„Matvælastofnun getur falið héraðsdýralækni og öðrum starfsmönnum umdæmisskrifstofu stofnunarinnar að annast verkefni í öðrum umdæmum þegar þörf er á og einnig önnur eftirlitsverkefni sem stofnuninni eru falin.“

Þannig liggur nú fyrir Alþingi að taka afstöðu til lagaheimildar fyrir MAST til að skylda héraðsdýralækna til starfa utan umdæma þeirra. Það er vissulega álitafni hversu víðtækar ályktanir megji draga af gildandi rétti með vísan til frumvarpa er liggja fyrir í þinginu. Þó verður a.m.k. að telja líklegt, með vísan til framangreinds ákvæðis frumvarpsins, að þörf sé talin á sérstöku lagaákvæði til að MAST verði þetta heimilt. Slíka heimild er ekki að finna í gildandi lögum og bendir það því til þess að stofnunin geti ekki tekið slíka ákvörðun án samþykkis viðkomandi héraðsdýralæknis.

## **IV. Samantekt og niðurstaða**

<sup>8</sup> Þetta er í samræmi við viðurkenndar lögskýringarreglur sbr. reglan um *Lex specialis*.

<sup>9</sup> Sjá þingskjal nr. 418, mál nr. 258. Lag fyrir á 136 lögjafarþingi.



- Telja verður að ákvörðun Matvælastofnunar um að skylda héraðsdýralækni til starfa utan umdæmis síns falli undir 19. gr. starfsmannalaga nr. 70/1996.
- Með vísan til dreifibréfs Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004 verður að telja ólíklegt að MAST geti tekið slíka ákvörðun án samþykkis viðkomandi dýralæknis.<sup>10</sup>
- Ákvörðun Matvælastofnunar um að skylda héraðsdýralækni til starfa utan umdæmis síns telst til stjórnvaldsákvörðunar í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og er því skylt að gæta reglna laganna við töku slíkrar ákvörðunar, og skal sérstaklega bent á regluna um andmælarétt aðila í þessu sambandi sbr. 13. gr. laganna.
- Ljóst er, með vísan til laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, að ekki er gert ráð fyrir því að Matvælastofnun geti skyldað héraðsdýralækna til starfa utan síns umdæmis án samþykkis þeirra.

Samkvæmt framansögðu er það álit neðangreinds lögfræðings að Matvælastofnun sé ekki heimilt, án samþykkis héraðsdýralæknis, að skylda hann með ákvörðun til starfa utan síns umdæmis.

Jóhannes Stefán Ólafsson, lögfræðingur

---

<sup>10</sup> Gera verður fyrirvara við þessa ályktun enda telst dreifibréfið ekki til réttarheimilda.

Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir  
Hákon Hansson, héraðsdýralæknir  
Rúnar Gíslason, héraðsdýralæknir

## Háttvirta landbúnaðarnefnd Alþingis

Hvanneyri, 14. september 2009

### Varðar þingskjal 241 – 147. mál

Umsögn nokkurra héraðsdýralækna um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá 1. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

### Inngangur

**Undirritaðir héraðsdýralæknar er ósáttir við þann hluta frumvarpsins er varðar breytingar á lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, með síðari breytingum vegna þess að :**

*Vegið er að þróuðu kerfi um heilbrigðisþjónustu við dýr sem reynst hefur í flesta staði vel.*

*Breytingin sem lögð er til mun leiða til þess að stór landssvæði munu verða án dýralæknisþjónustu innan fárra ára.*

*Dýravernd í frumvarpinu er í raun lakari en nú er.*

*Þjónusta við bændur og aðra dýraeigendur í dreifbýli mun versna til muna.*

*Engin krafa er frá ESB um þessar breytingar.*

*Unnt er að leysa aðskilnað þjónustu og eftirlits á einfaldari og ódýrari hátt.*

*Frumvarpið er atлага að dýralæknastéttinni, sem hefur mátt þola uppsagnir oftar en flestar aðrar stéttir þessa lands vegna kerfisbreytinga hin síðari ár.*

*Nýtt kerfi mun hindra nýliðun í stéttinni úti á landsbyggðinni.*

*Ákvæði í frumvarpsdrögum veita stjórnendum Matvælastofnunar ægivald yfir héraðsdýralæknum, sem er í engu samræmi við almennan vinnurétt.*

## Almennt álit

Fyrstu lög um dýralækna voru sett árið 1891, ný lög voru ekki sett fyrr en 1947, en þá voru embætti héraðsdýralækna 8. Lögin voru endurskoðuð 1970, 1981 og 1998. Eftir að ný lög tóku gildi 1981 voru embætti héraðsdýralækna 31, en frá 1998 hafa þau verið 17, þar af eru þrjú héraðsdýralækna eingöngu embættisdýralækna, en sinna ekki almennum dýralækningum.

Um áramóti 2008 - 2009 var eitt héraðsdýralæknisembætti lagt niður (í Þingeyjar-umdæmi) og áður hafði eitt embætti verið gert að hálfu starfi (í Austurlandsumdæmi nyrðra).

Eftir eru því 12.5 stöður héraðsdýralækna í dreifbýli og 3 stöður í þéttbýli (Höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Eyjafirði- Skagafirði).

Árið 1998 var 10 af reyndustu dýralæknum landsins sagt upp störfum og embætti þar sem enginn dýralæknir fékkst til að sinna voru lögð niður og sameinuð öðrum. Þetta voru m.a. embætti á Þórshöfn, Hólmavík, Hofsósi og Patreksfirði.

Frá því sem var 1981 og fram undir 1998 hefur héraðsdýralæknum því fækkað um meira en helming. Á þeim svæðum þar sem þéttbýli er mest og gripafjöldi mestur starfa nú sjálfstætt starfandi dýralækna.

Það er almenn skoðun þeirra sem best til þekkja, að með kerfi héraðsdýralækna, sem bæði hafi sinnt embættisstörfum og almennum dýralækningum, hafi tekist að veita góða þjónustu um allt land, með ótrúlega hagkvæmu og skilvirku skipulagi. Með núgildandi lögum er tryggð dýralækniþjónusta á öllu landinu, allan sólarhringinn, alla daga ársins.

En hvers vegna vilja stjórnvöld breyta dýralæknaölgunum á svo rótækan hátt ?  
Frumvarpshöfundar orða það í athugasemdum um frumvarpið um 37. greinina á bls. 57 svo fagurlega *að aðskilnaður opinbers eftirlits og faglegrar/klínískrar þjónustu byggist þannig bæði á skuldbindingum samkvæmt alþjóðasamningum, almennum vanhæfisreglum stjórnsýsluréttarins og samkeppnissjónarmiðum.* Ef þessi atriði eru brotin til mergjar kemur eftirfarandi í ljós.

### Samkeppnissjónarmið

Áform stjórnvalda um að sjálfstætt starfandi dýralækna sinni störfum sem héraðsdýralækna hafa sinnt í hinum dreifðu byggðum um áratugaskeið eru draumsýn og byggð á vanþekkingu á málaflokknum. Við sem þekkjum best til, sum eftir meira en 30 ára störf úti á landsbyggðinni vitum, að tekjur af dýralækniþjónustu á strábýlli svæðum landsins eru það litlar að þær nægja ekki einar sér til framfærslu. Ástæða þessa er einfaldlega sú að fjöldi dýra á þessum svæðum er ekki nógur og byggðin er of dreifð. Þeir sem hugsanlega munu reyna fyrir sér á þeim vettvangi munu fljótlega gefast upp og leita sér að léttara starfi, þar sem afkoman er betri.

### Alþjóðasamningar

Frumvarpshöfundar hafa ítrekað gefið í skyn og sagt að þessi aðskilnaður og breytingar væri krafa ESB. Héraðsdýralækna leituð álit Dr. Ólafs Oddgeirssonar á þessari fullyrðingu, en Dr. Ólafur er sérfræðingur varðandi matvælaeignir ESB, en hann var starfsmaður ESA til fjölda ára og hefur m.a. verið ráðgjafi ýmissa ríkisstjórna varðandi Evrópurétt. Hann segir eftirfarandi í bréfi til héraðsdýralækna um íslenska

dýralæknakerfið: „Ég bendi einfaldlega á að það er ekkert í (matvæla) reglugerðum ESB sem gerir það að verkum að það verði að leggja núverandi kerfi niður.“ Og Ólafur segir einnig: „Þetta er því miður algengur siður, ekki bara á Íslandi, að nota ESB sem grýlu - að það þurfi að breyta þessu og hinu vegna ESB. Ef íslensk yfirvöld vilja breyta kerfinu þá væri skynsamlegra og eðlilegra að segja eins og er, að þeir telji að kerfið verði hagkvæmara eða að það séu svo miklir hagsmunarárekstrar að ekki verði við unað, eða að kerfið stangist á við eitthvað annað í íslenskum lögum“

Síðar í bréfi sínu segir Ólafur: „Það sem að mínu mati skiptir máli í þessu fyrir ESB, EFTA og Norðmenn er að Íslendingar, þ.e.a.s. Alþingi, samþykki að yfirtaka pakkann, en í honum er listi af reglugerðum ESB, en ekkert beint um breytingu á íslensku eftirlitskerfi. Það er íslenskt mál og hefur ekki beint með heildarpakkann að gera“.

Í umræðum á Alþingi í júlí sl. sagði Sigurður Ingi Jóhannsson alþingismaður og dýralæknir að „að í frumvarpinu væri „laumufarþegi“ sem eigi enga skírskotun í tilskipun ESB, en það sé kaflinn um dýralækna“.

Þetta er í samræmi við orð Dr. Ólafs Oddgeirssonar.

### Vanhæfisreglur stjórnásluréttarins

Héraðsdýralæknum er það fyllilega ljóst að það gerir dýralækni vanhæfan samkvæmt íslenskum stjórnáslurétti að stunda bæði opinbert eftirlit og viðskipti við sama aðilann. Þessi mál hafa verið í þessum farvegi til margra áratuga og hafa okkur vitandi ekki leitt til stjórnáslukæru á hendur nokkrum héraðsdýralækni í landinu. Stjórnáslukæru vegna eftirlits- og stjórnáslustarfa hins opinbera í landbúnaðargeiranum koma fyrst til með starfsemi þáverandi Landbúnaðarstofnunar og núverandi Matvælastofnunar.

Undirritaðir telja að leysa megi þessi mál á einfaldan hátt þannig að nágretta héraðsdýralæknar, sem ekki hafa hagsmuna að gæta í héraði sjái um opinbert eftirlit í nágrannahéraði og gagnkvæmt. Menn verða að gera sér grein fyrir að eftirlitsstörf eru ekki svo mörg á strjábýlum svæðum. Í frumvarpinu eru lögð drög að stofnun eftirlitsdýralæknastarfa, sem samkvæmt lögum mega stunda almenn dýralæknastörf utan síns vinnutíma, þeir hljóta líka að verða þar með vanhæfir til að sinna þessum eftirlitsstörfum svo og sjálfstætt starfandi dýralæknar. Það er greinilegt að málið hefur ekki verið hugsað til þaula.

### Sparnaðar áform

Í skýringum með frumvarpinu kemur eftirfarandi fram og það las ráðherra í framsögu með matvælafrumvarpinu hinn 27. júlí sl.: *Matvælastofnun er gert að spara umtalsverða fjármuni í sínum rekstri og talið hagkvæmt að gera umræddar breytingar á skemmri tíma en eldra frumvarp gerði ráð fyrir.*

Við þetta er ýmislegt að athuga:

Í fyrsta lagi, hver verður sparnaðurinn? Áætlað er að sex héraðsdýralæknar starfi áfram, sem embættisdýralæknar. Stofna verður umdæmisskrifstofur fyrir þá, leigja eða kaupa húsnæði ásamt búnaði.

Í öðru lagi stendur til samkvæmt frumvarpinu í athugasemdum um 39. grein að til að tryggja dreifðum byggðum reglubundna dýralæknabjónustu verður að stuðla að því að fyrir hendi verði nauðsynleg starfsaðstaða fyrir sjálfstættstarfandi dýralækna á Snæfellsnesi, í Dalasýslu, á Vestfjörðum, í Austur- og Vestur Húnavatnssýslum, í Suður – og Norður Þingeyjarsýslum, í Norður- og Suður Múlasýslum og í Austur – og Vestur Skaftafellssýslum. Vitað er að Matvælastofnun á sums staðar dýralæknabústaði, sem gætu hugsanlega hentað til þessara nota, en annars staðar ekki. Ljóst er að þarna verður mikill kostnaður sem leggja verður í. Í dag fer öll starfsemi héraðsdýralækna fram á

heimilum þeirra, þar sem þeir hafa skrifstofu annað hvort í eigin eigu eða hins opinbera. Öðrum, sem sagt verður upp á að bjóða störf áfram hjá Matvælastofnun.

Í þriðja lagi segir í athugasemdum 39. greinar að *hið opinbera þurfi að greiða einhverja staðaruppbót og/eða kostnað við ferðir dýralækna á þessum stöðum*. Ekki verður séð að þetta leiði til sparnaðar. Þetta ákvæði er afar óljóst og algerlega óviðunandi frá sjónarhóli dýralækna. Rætt er um greiðslu staðaruppbótar og/eða greiðslu ferðakostnaðar. Greiðsla ferðakostnaðar er ekki fyrir dýralækna, heldur fyrir bændur og aðra þiggjendur þjónustunnar. Löng ferðalög draga úr möguleikum sjálfstætt starfandi dýralækni til að afla sér viðunandi tekna og auka á fjarveru frá aðsetri dýralækni. Engar líkur eru á að dýralæknar fái til starfa í dreifðum byggðum skv. þessu ákvæði, nema að þeir verði áfram opinberir starfsmenn á föstum launum, þar sem þjónustuvæði þeirra yrði skilgreint. Auk þess eru þessar tillögur illa útfærðar og alls ekki ljósar.

Í fjórða lagi á áfram að starfrækja vaktakerfi, sambærilegt því sem nú er í gildi, nema hvað þeim er fækkað um tvö. Ekki er augljóst að einhver sparnaður náist við þetta, nema hvað vaktsvæðin verða sums staðar stækkuð, sem mun leiða til vandræða.

### Afleysingar héraðsdýralækna

Um árábil hefur reynst mjög erfitt að fá dýralækna til afleysinga í sumarleyfum eða forföllum héraðsdýralækna. Helst hafa dýralæknar á eftirlaunum fengist til tímabundinna starfa og sama á við um tímabundin verkefni, svo sem eftirlitsstörf í sauðfjársláturhúsum. Matvælastofnun hefur boðið sjálfstætt starfandi dýralæknum að leysa héraðsdýralækna af í sumarleyfum upp á 25% af launum héraðsdýralækni, sem þeir hafa að sjálfsögðu ekki þegið.

Verði sköpuð mikil óvissa varðandi framtíðarmöguleika dýralækna í almennum lækningum og þjónustu við dýraeigendur, bændur og búfénað, má búast við því að innan fárra ára fái engir ungir dýralæknar til að sinna þeim störfum sem losna. Nú þegar eru erfiðleikar í þessa veru, en ekki bætir úr ef ungir dýralæknar sjá ekki framtíðarmöguleika til að starfa á þessu sviði.

## **Athugasemdir við einstakar greinar**

### Starfsstaður héraðsdýralækna

Í 37. grein frumvarpsins er ákvæði um að „*Matvælastofnun geti falið héraðsdýralækni og öðrum starfsmönnum umdæmisskrifstofu stofnunarinnar að annast verkefni í öðrum umdæmum þegar þörf er á*“. Þetta ákvæði er allt of rúmt og óviðunandi fyrir þá sem þessum störfum sinna að geta búist við að vera sendir hist og her að geðþótta Matvælastofnunar. Í raun er þetta stundað nú þegar þar sem héraðsdýralæknum er skipað að flytja vikum saman á annan stað fjarri heimili sínu, fjölskyldu og viðskiptavinum, án nokkurrar sérstakrar umbunar. Líkur á að einhverjir vilji sækja um þessi störf minnka, ef þeir geta hvenær sem er búist við nokkurs konar hreppaflutningum.

Lagt er til að þessi setning verði felld út.

### Athugasemdir vegna vaktsvæða

Í 38. grein eru gerðar athugasemdir við að vaktsvæðum skuli vera fækkað úr 15 í 13. Þarna eru að okkar mati mjög óraunhæfar hugmyndir um að dýralæknar geti sinnt einir vöktum á mjög stórum svæðum. Einnig hafa frumvarpshöfundar tekið þá ákvörðun að láta vaktsvæðin fylgja mörkum sveitarfélaga, sem er ekki skynsamlegt, þar sem þau hafa

mörg hver stækkað og breyst. Helst er þar að nefna að Skagafjörður til og með Bæjarhreppi á Ströndum skuli vera eitt vaktsvæði. Einnig að Þingeyjarsýslur báðar austan Vaðlaheiðar til og með Bakkafirði eru gerðar að einu vaktsvæði, þ.e. vaktsvæðið er stækkað í vestri um Fnjóskadal, við sameiningu Hálshrepps við Þingeyjarsveit og í austri um Bakkafjörð við sameiningu í Langanesbyggð. Ætli láti ekki nærri að 350 km séu enda á milli. Einnig er gerð tillaga um að eitt vaktsvæði verði á Héraði frá Vopnafirði í norðri til og með Stöðvarfjarðar í suðri, auk alls Fljótsdalshéraðs. Vaktsvæðin verða að vera þannig að stærð, að raunhæfur möguleiki sé að sinna þjónustu á þeim fyrir einn mann.

*Varðandi vaktsvæði 2. Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur.*

Hér er Kolbeinsstaðahreppur færður inn í vaktsvæði Borgarfjarðar, sem er í raun miklu meira en nógu stórt vaktsvæði fyrir einn dýralækni, enda nær það yfir alla Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Kolbeinsstaðahreppur hefur tilheyrt Snæfellsnesumdæmi í áratugi, hér er einnig ástæðulaust að vaktsvæði fylgi mörkum sveitarfélaga, miklu eðlilegra er að þau taki mið af landfræðilegum þáttum, umfangi landbúnaðar á svæðinu og að svæðin verði sem jöfnust að stærð og umfangi.

*Varðandi vaktsvæði 6. Akrahreppur, Blönduósþétt, Bæjarhreppur, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd.* Það er mjög sérstakt að gera Húnavatnssýslur og Skagafjörð að einu vaktsvæði og alls ekki raunhæft fyrir einn dýralækni að sinna þessu stóra svæði utan dagvinnutíma og um helgar. Hér ættu tvímælalaust að vera tvö vaktsvæði hið minnsta, annað í Húnavatnssýslum, hitt í Skagafirði. Í raun er eitt vaktsvæði í Húnavatnssýslum of stórt, fjarlægðir þar geta reynst alltof langar fyrir einn dýralækni að sinna, svo ekki sé talað um þegar veður eru váleg að vetrum.

*Varðandi 10. vaktsvæðið, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.*

Frá því að vaktsvæði voru tekin upp hefur vaktsvæði sem hér er merkt 10 náð að Reyðarfirði, verið það sama og núverandi Austurlandsumdæmi syðra, þ.e. sveitarfélögin sem áður voru Austurbyggð og Fáskrúðsfjarðarhreppur, sem sagt Stöðvarfjörður og Fáskrúðsfjörður tilheyru því. Vaktsvæði 9 er mjög stórt og því eðlilegra að láta Fáskrúðsfjörð og Stöðvarfjörð tilheyra vaktsvæði 10 líkt og áður. Þar með væri skipting vaktsvæða jafnari.

Lagt er til að vaktsvæðin eins og þau eru skilgreind í lögnum frá 1998 verði látin halda sér.

*Aðlögunartími lagabreytinga*


Um 41. grein. Héraðsdýralæknar mótmæla því að sá aðlögunartími, sem um getur í fyrra frumvarpi verði stytur, og hvetja til þess að aðlögunartími verði a.m.k. 5 ár og sá tími nýttur til að hanna kerfi, sem yrði framtíðarlausn fyrir dreifðar byggðir. Við bendum aftur á að það er ekkert í matvælaeaglugerðum ESB sem gerir það að verkum að það verði að leggja núverandi kerfi niður (sjá að framan, orð Ó.O.). Ef reyndin er önnur, sem við reyndar teljum ekki, þ.e. að einhver atriði matvælagarða EBS stangist á við lögin um dýralækna má segja að það jaðri við afglöp af samningamönnum Íslands að láta ekki á reyna hvort ekki næðust inn undanþágur sem tækju tillit til staðhátta á Íslandi. Hér á landi er strjábýlið miklu meira en þekkist í Evrópu og hvergi sambærilegt nema kannski í allra nyrstu héruðum Skandinavíu.

Lagt er til að aðlögunartími að breyttri skipan héraðsdýralæknisembætta verði 5 ár hið minnsta.

## Niðurstaða

Við undirritaðir héraðsdýralæknar skorum á stjórnvöld og Alþingi að fresta gildistöku þess hluta áður nefndra laga er fjallar um dýralæknaögin og nýta tímann, t.d. að minnsta kosti 5 ár til að endurskoða skipan dýralæknamála í dreifðum byggðum og hafa þar samráð við þá aðila sem gerst þekkja. Ekkert kallar á að ráðast í þessar breytingar án markviss undirbúnings, slíkt skapar óásættanlegt öryggisleysi fyrir dýralækna, bændur og aðra dýraeigendur. Undirritaðir hafa skilning á að Matvælastofnun verði gerð að hreinni eftirlitsstofnun, en telja að sú breyting megi ekki leiða til þess að ágætt dýralæknaerfi landsins verði sett í uppnám. Ef menn vilja breytingar þá verður að gera þær út frá íslenskum forsendum, en ekki taka í blindni upp norrænt regluverk þar sem aðstæður eru gjörólíkar.

Virðingarfyllst fyrir hönd neðangreindra héraðsdýralækna.



Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis

Egill Þorri Steingrímsson, héraðsdýralæknir Austur- Húnaþingssumdæmis

Flora-Josefine H. Liste héraðsdýralæknir Dalaumdæmis (50%)

Freydís Dana Sigurðardóttir, héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis nyrðra (50%)

Gunnar Gauti Gunnarsson, héraðsdýralæknir Borgarfjarðar- og Mýraumdæmis

Gunnar Þorkelsson, héraðsdýralæknir

Hákon Hansson, héraðsdýralæknir

Hjalti Viðarsson, héraðsdýralæknir Dalaumdæmis (50%)

Hjörtur Magnason, héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis nyrðra

Janine Arens, héraðsdýralæknir Austur- Skaftafellsumdæmis

Ingunn Reynisdóttir, héraðsdýralæknir Vestur - Húnaþingssumdæmis

Rúnar Gíslason, héraðsdýralæknir Snæfellsumdæmis

Sigríður Inga Sigurjónsdóttir, héraðsdýralæknir Vestfjarðaumdæmis

Vignir Sigurólason, héraðsdýralæknir Þingeyjarumdæmis

24.6.2009

Alþingi  
Erindi nr. P 137/811  
komudagur 24.6.37/811

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.**

**Háttvírta sjávarútvegs- og Landbúnaðarnefnd.**

Dýrlæknar hafa verulega áhyggjur á þeim fyrirhuguðu breytingum á lögum um dýralækna sem er inni í matvælafrumvarpinu. Viljum við biðja þingmenn um að kynna sér vel þær breytingar sem munu leiða að erfitt verður að fá dýralækna til starfa í erfiðum héruðum t.d. Vestfjörðum, Húnaþingi og N-þingeyjarsýslu svo eitthvað sé nefn. Fækkun vaktsvæða í Húnaþingi mun gera stöðuna þar erfiða. Heimild Matvælastofnunar til að fela héraðsdýralæknum og dýralæknum önnur eftirlitsstörf þurfa að vera betur skilgreind. Sjá meðfylgjandi viðhengi.

Viljum við benda á frekari upplýsingar um Dýralæknafélag Íslands og athugasemdir á

<http://dyr.is/?c=webpage&id=76&lid=136&option=links>

Vil DÍ minna á umsögn félagsins sent nefndinni í mars síðastliðnum.

Guðbjörg Þorvarðardóttir  
Formaður DÍ



Reykjavík 10.06.09

Ágæti þingmaður

Um leið og stjórn Dýralæknafélags Íslands (DÍ) óskar þér og þínum flokki velfarnaðar í störfum á Alþingi, þá er hér með komið á framfæri helstu athugasemdum stjórnar DÍ varðandi boðaðar breytingar á lögum um dýralækna í matvælafrumvarpi (528. mál, þ.e. frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, EES reglur, breyting ýmissa laga).

Stjórn Dýralæknafélag Íslands er samþykkt því sjónarmiði frumvarpsins að almennt skuli aðskilja eftirlit og þjónustu dýralækna m.t.t. vanhæfis- og samkeppnis-sjónarmiða.

Stjórn DÍ leggur jafnframt áherslu á að ekki verði settar takmarkanir á atvinnufrelsi umfram það sem gildir innan Evrópubandalagsins; nánar tiltekið er nauðsynlegt að sjálfstætt starfandi dýralæknar geti undir ákveðnum skilyrðum tekið að sér opinber eftirlitsverkefni (t.d. árstíðabundin verkefni, s.s. vegna heilbrigðisskoðunar í sláturhúsum og kjötvinnslum) og að sama skapi geti opinberir eftirlitsdýralæknar og héraðsdýralæknar undir ákveðnum skilyrðum tekið að sér þjónustu við dýraeigendur (t.d. til að halda uppi viðunandi vaktþjónustu í strjálbýli utan almenns vinnutíma).


Í strjálbýli er sveigjanleiki varðandi árstíðabundin eftirlitsverkefni og vaktþjónustu sérstaklega mikilvægur. Skilyrði fyrir rekstri sjálfstætt starfandi dýralækna í strjálbýli eru mjög erfið, m.a. vegna samdráttar í landbúnaði, erfiðra samgangna og erfiðleika með afleysingu.

Matvælafrumvarpið gerir ráð fyrir setningu reglugerðar sem mæli fyrir um starfsaðstöðu, greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralækna sem taka að sér að veita þjónustu í strjálbýli, en ekkert hefur verið upplýst um hvernig reglugerðin verður útfærð. Tafir og óvissa hvað þetta varðar skapa óvissu og óróa hjá þeim héraðsdýralæknum sem veita þessa mikilvægu grunnþjónustu í dag.

Vaktsvæði dýralækna skv. matvælafrumvarpi eru mjög stór og nauðsynlegt að fjölga þeim þannig að útkallstími verði ekki of langur og bitni á velferð dýra. Stjórn DÍ leggur þunga áherslu á rétt dýra og dýraeigenda til aðgangs að grunnþjónustu, þ.e. að dýralæknir verði ávallt tiltækur til að lina þjáningar dýra og bregðast við ef grunur vaknar um skæða smitsjúkdóma eða atvik er varða ímynd landbúnaðar og matvælavinnslu.

Hjálögð er umsögn stjórnar DÍ til landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar vegna matvælafrumvarps, dags. 2. mars 2008, ásamt fylgiskjölum.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar DÍ



Guðbjörg Þorvarðardóttir  
formaður

Reykjavík 02.03.09

Nefndasvið Alþingis  
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn stjórnar Dýralæknafélags Íslands vegna 528. máls, þ.e. frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, EES reglur, breyting ýmissa laga**

Stjórn DÍ kemur hér með eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

37. grein:

Stjórn DÍ er samþykkt því sjónarmiði að almennt skuli aðskilja eftirlit og þjónustu m.t.t. vanhæfis- og samkeppnissjónarmiða, **enda njóti héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar, sérgreinadýralæknar og aðrir dýralæknar helgunarálags vegna þessa, þ.e. að réttur og atvinnufrelsi verði ekki skert án bóta.**

Varðandi störf eftirlitsdýralækna, þá er minnt á að í bréfi yfirdýralæknis dags. 11. nóvember 2000 segir eftirfarandi: “yfirdýralæknir hefur ávallt skilgreint starf þessara dýralækna (þ.e.a.s. eftirlitsdýralækna) á þann veg að þeir mættu eingöngu sinna eftirlitsstörfum á skilgreindum vinnutíma sínum. Hvað þeir gerðu utan skilgreinds vinnutíma væri þeirra mál. Á þeim tíma mættu þeir sinna almennum dýralækningum og taka vaktir eins og hver annar dýralæknir”.

Í skýringum með 37. gr. er vísað til skuldbindinga skv. alþjóðlegum samningum hvað varðar aðskilnað á eftirliti og þjónustu. Hér er væntanlega vísað til EES samningsins. Stjórn DÍ vekur athygli á að skv. reglum Evrópubandalagsins (EB) er ekki tekið fram í skilgreiningu á opinberum eftirlitsdýralæknum (“official veterinarian”) að slíkir skuli vera í fullu starfi eða megi ekki sinna öðrum störfum.

Einnig er vakin athygli á að sjálfstætt starfandi dýralæknar innan EB geta aflað sér auka menntunar í eftirlitsstörfum (“approved veterinarian”) og er þá heimilt að taka að sér opinber eftirlitsstörf í hlutastarfi undir ákveðnum forsendum. Þar er átt við t.d. fjósaskoðun og skoðun gripa heima á bæjum áður en þeir fara til slátrunar.

Til frekari upplýsinga vísar stjórn DÍ til reglugerðar (EB) 882/2004 (almenn regla um öll matvæli, dýraheilbrigði, dýravernd, fóður og að eftirlitsaðili skuli óháður) og reglugerðar (EB) 853/2004 og (EB) 854/2004, þ.e. sértækar reglur um matvæli úr dýraríkinu og eftirlit með þeim, þar sem m.a. er fjallað um störf dýralækna sem sinna bæði opinberu eftirliti og þjónustu í hlutastörfum (“approved veterinarian”).

**Stjórn DÍ leggur þunga áherslu á að héraðsdýralæknum, eftirlitsdýralæknum, sérgreinadýralæknum og öðrum dýralæknum sem starfa hér á landi verði ekki settar takmarkanir á atvinnufrelsi umfram þau ákvæði sem er að finna í lögum og reglum EB um störf dýralækna.**

Stjórn DÍ vekur athygli landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar á nauðsyn þess að setja inn takmarkanir á heimildir Matvælastofnunar til að fela héraðsdýralækni og öðrum starfsmönnum umdæmisstofa að annast verkefni í öðrum umdæmum án undangengins samráðs við viðkomandi starfsmann. Það er ekki sanngjarnt eða eðlilegt að Matvælastofnun geti skipað starfsmanni án fyrirvara að taka að sér störf svo vikum og mánuðum skiptir í öðrum landshluta, fjarri sínu heimili. Í þessu sambandi er vísað til meðfylgjandi erindis Matvælastofnunar sem barst félagsmanni DÍ fyrirvaralaust og án undangengins samráðs.

Einnig er vakin athygli á afar óheppilegum vinnubrögðum nýverið, þegar önnur af tveimur stöðum héraðsdýralækna í Þingeyjarumdæmi var lögð niður fyrirvarlaust og án vitneskju viðkomandi starfsmanna, sjá meðfylgjandi mótmæli til fyrrverandi ráðherra og forstjóra Matvælastofnunar, ásamt bréfaskiptum við forstjóra Matvælastofnunar.

38. grein:

Stjórn DÍ lýsir yfir ánægju með þá breytingu sem hefur verið gerð á frumvarpinu þess efnis að bakvaktir dýralækna verði greiddar um land allt og aðgengi að dýralæknaþjónustu tryggt hvað þetta varðar.

Dýralæknafélag Íslands hefur alla tíð lagt á það mikla áherslu að réttur dýra og/eða dýraeigenda til aðgangs að dýralæknaþjónustu verði tryggður í lögum á grundvelli **dýravelferðar**, þ.e. að dýralæknir verði ávallt tiltækur til að lina þjáningar dýra, sama hverrar tegundar.

Stjórn DÍ mælist til þess að sett verði inn í frumvarpið nánari skýring á verkefnum dýralæknis á bakvakt, þ.e. að hann skuli veita almenna þjónustu við dýraeigendur og einnig gera nauðsynlegar fyrstu ráðstafanir ef grunur vaknar um alvarlega smitsjúkdóma og ef upp koma mál er varða velferð dýra.

39. grein:

**Stjórn DÍ bendir á að það er afar mikilvægt að sem allra fyrst verði hafist handa við gerð reglugerðar þeirrar sem ætlað er það mikilvæga hlutverk að tryggja dreifðum byggðum þjónustu dýralækna. Reglugerðinni er ætlað að mæla fyrir um starfsaðstöðu, greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu.**

Tafir og óvissa hvað þetta varðar skapar mikla óvissu hjá þeim dýralæknum sem eru að veita þessa mikilvægu grunnþjónustu í dag. Reynslan segir okkur að hætta er á að dýralæknar hverfi til annara starfa innanlands sem utan þegar starfsumhverfi dýralækna er sett í uppnám með þessum hætti. Bent er á að héraðsdýralæknar starfa

flestir í héruðum þar sem atvinnulíf er einsleitt og brothætt. Allar breytingar á starfshögum dýralækna í dreifbýli eru því sérstaklega viðkvæmar og erfiðar.

**Stjórn DÍ hefur þungar áhyggjur af því dýralækar hverfi úr störfum í strjálbýli og að erfitt verði að manna stöðurnar í ljósi þeirrar óvissu sem umrætt frumvarp hefur þegar skapað.**

Í þessu sambandi er athygli vakin á að nýliðun dýralækna er takmörkuð; dýralæknanámið þarf að sækja út fyrir landsteinana (u.þ.b. 6 ára nám) og afar mikilsvert að samfélaginu haldist vel á dýralæknum.

40. grein:

Farið er fram á að 40. gr. orðist svo:

Matvælastofnun skal ráða **sérmenntaða** dýralækna á eftirtöldum sérsviðum:

Sviði sóttvarna, dýravelferðar, dýralyfja, alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, gælu-dýrasjúkdóma, hrossasjúkdóma, jörturdýrasjúkdóma, loðdýrasjúkdóma, svína-sjúkdóma og heilbrigðis dýraafurða.

Athygli er vakin á að þjónusta við gæludýr er ört vaxandi svið dýralækninga og afar mikilvægt að Matvælastofnun rækti skyldur sínar við eigendur gæludýra til jafns við eigendur annara dýra.

41. grein:

Athygli er vakin á ósamræmi á milli frumvarpsins og skýringa með 41. gr. Í síðustu málsgrein skýringa um 41. gr. kemur fram að opinberir eftirlitsdýralæknar verði starfandi í öllum sex umdæmum héraðsdýralækna og muni sem slíkir sinna almennri dýralæknaþjónustu á viðkomandi svæði ef ekki fæst sjálfstætt starfandi dýralæknir í umdæmið. Væntanlega er ekki ætlast til þess að opinberir eftirlitsdýralæknar stundi jöfnum höndum opinber eftirlitsstörf og almenna dýralæknaþjónustu, þó svo að þeim sé heimilt að taka þátt í vöktum á móti sjálfstætt starfandi dýralæknum í sínum frítíma.

Að lokum:

**Stjórn DÍ lýsir yfir vilja til að eiga gott samstarf við Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd og veitir fúslega nánari upplýsingar eftir því sem nefndin óskar.**

F.h. stjórnar DÍ

---

Sif Traustadóttir  
formaður

# LÖGFRÆDILEG ÁLITSGERÐ

**Efni: Um heimild Matvælastofnunar til að skylda héraðsdýralækna til að starfa fyrir utan umdæmi þeirra.**

Dýralæknafélag Íslands hefur leitað til neðangreinds lögfræðings og óskað eftir athugun á því hvort Matvælastofnun sé heimilt að skylda héraðsdýralækna til að starfa í öðru umdæmi en þeir eru ráðnir til starfa í samkvæmt lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998. Athugunin hefur verið unnin af neðangreindum lögfræðingi.

## I. Álitæfni

Athugun þessi er tilkomin vegna erindis Dýralæknafélags Íslands.

Það álitæfni sem athugun þessari er ætlað að svara er, eins og að framan segir, hvort Matvælastofnun sé heimilt að skylda héraðsdýralækna til að starfa í öðru umdæmi en þeir eru ráðnir til starfa í samkvæmt lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998.

## II. Lagaumhverfi

Helstu lagabákar, reglur og tilskipanir sem málið varða eru eftirfarandi:

1. Lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998.
2. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
3. Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins um breytingar á starfi almennra starfsmanna og embættismanna nr. 1/2004.

## III. Réttarstaða

### III.1. Almenn um breytingar á starfi ríkisstarfsmanna<sup>1</sup>

Í þessu sambandi þarf að líta til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (stml.) en lögin gilda um héraðsdýralækna, sbr. 6. mgr. 11. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998 (dýralæknaölög). Jafnframt þarf að hafa í huga hina óskráðu meginreglu vinnuréttarins um stjórnunarrétt vinnuveitanda og þá kunna sérákvæði laga um hlutaðeigandi stofnun eða starfsstétt einnig að skipta máli, en fjallað verður um þau í kafla III.2. hér á eftir.

Í reglunni um „stjórnunarrétt vinnuveitanda“ felast valdheimildir til að stýra og stjórna starfsemi innan þeirra marka sem lög og samningar gera ráð fyrir. Stjórnunarheimildir forstöðumanna lúta m.a. að ákvörðunum um skipulag vinnunnar, hvaða verk skuli vinna, hver skuli vinna þau, með hvaða hætti, hvenær og hvar. Ákvarðanir sem teknar eru dags daglega um störf og verksvið einstakra starfsmanna rúmast jafnan innan þeirra heimilda sem felast í reglunni um „stjórnunarrétt vinnuveitanda“. Almenn eru ekki gerðar formkröfur til slíkra ákvarðana.<sup>2</sup>

Í 19. gr. stml. er sérstaklega kveðið á um skyldu starfsmanns til að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því hann tók við starfi, jafnvel þó að það leiði til skerðingar á launakjörum eða réttindum hans. Ákvæðið er svohljóðandi:

<sup>1</sup> Kaflinn er að mestu leyti unninn upp úr dreifibréfi Fjármálaráðuneytisins um breytingar á starfi almennra starfsmanna og embættismanna nr. 1/2004.

<sup>2</sup> Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004.

„Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Starfsmaður getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkra breytinga, enda skýri hann ráðherra eða forstöðumanni frá því innan eins mánaðar frá því að breytingarnar voru tilkynntar honum. Ef breytingarnar hafa í för með sér skert launakjör starfsmanns eða réttindi skal hann halda óbreyttum launakjörum og réttindum þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í embætti eða jafnlangan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er samkvæmt ráðningarsamningi, sbr. 46. gr.“

Það er ekki nauðsynlegt að beita framangreindu ákvæði við minniháttar breytingar á starfi. Við aðrar breytingar, einkum þær sem eru afgerandi, er rétt að byggja á heimild 19. gr. stml.<sup>3</sup> Með vísan til þessa verður að telja ljóst að ákvörðun Matvælastofnunar (MAST), um að skylda héraðsdýralækni til starfa utan umdæmis síns, falli undir 19. gr. laganna.

19. gr. stml. byggir á almennum stjórnunarrétti og hefur meðal annars þann tilgang að náð verði markmiðum um árangursríka nýtingu fjármuna stofnunar, sbr. 2. mgr. 38. gr. stml. Ef breyta á verksviði starfsmanns á grundvelli 19. gr. þarf að byggja þá ákvörðun á málefnalegum sjónarmiðum og ganga úr skugga um að hún sé ekki meira íþyngjandi í garð starfsmanns en nauðsyn ber til.<sup>4</sup>

Ekki verður tæmandi talið hvers konar breytingar eru heimilar samkvæmt 19. gr. stml. Tilefnið getur verið breytingar á skipulagi og rekstri stofnunar en einnig atriði sem varða starfsmanninn sjálfan. Starfsmaður getur ekki vænst þess að eðli og inntak þeirra verka sem honum eru falin í upphafi, haldist með öllu óbreytt út starfstíma hans. Forsendur verksviðs hans geta breyst. Forstöðumaður hefur töluvert svigrúm til að breyta einhliða verkefnum starfsmanns án þess að nauðsynlegt sé að segja ráðningarsamningi upp. Slíkar breytingar geta til dæmis haft í för með sér annað starfsheiti og að starfsmanni beri að sinna störfum sínum í annarri deild eða eftir atvikum annarri starfsstöð og undir stjórn annars yfirmanns en áður. Þá hafa sumar stofnanir fleiri en eina starfsstöð (ráðningarstað) og geta því fært starfsmenn milli starfsstöðva. Samkvæmt dreifibréfi Fjármálaráðuneytisins um breytingar á starfi almennra starfsmanna og embættismanna nr. 1/2004<sup>5</sup> er samþykki starfsmanns nauðsynlegt ef flytja á hann milli starfsstöðva og hin nýja starfsstöð er á öðru atvinnusvæði.<sup>6</sup> Þegar MAST tekur ákvörðun um að skylda héraðsdýralækni til starfa utan umdæmis síns hlýtur það að falla undir „annað atvinnusvæði.“ Þrátt fyrir að framangreint dreifibréf teljist formlega séð ekki vera réttarheimild, er ljóst að afstaða ráðuneytisins er sú að samþykki aðila sé skilyrði í þessum tilvikum, enda er eðlilegt að gera kröfu um að það liggja fyrir.

Breyting á starfi telst til ákvarðana um innra skipulag stofnunar. Þær teljast ekki til stjórnvaldsákvarðana í skilningi stjórnsýslulaga og eiga þau því ekki við. Hafi breytingarnar í för með sér skert launakjör eða réttindi hefur þó verið talið rétt að fylgja ákvæðum þeirra laga. Sem dæmi má hér nefna lækku um launaflokk. Aftur á móti telst minni yfirvinna eða minni möguleikar á yfirvinnu ekki til skertra launakjara eða réttinda.<sup>7</sup> Hæstiréttur hefur nú staðfest að þegar um skerðingu á mikilsverðum réttindum starfsmanns er að ræða þá beri stjórnvaldi að fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga, sbr. t.d. H. frá 18. september 2008, í máli nr. 430/2007. Stjórnvöld verða því að gæta þess að reglum stjórnsýsluréttarins sé fylgt við töku slíkra ákvarðana, þ.á.m meðalhófsreglunni, sbr. 12. gr., reglunni um andmælarétt, sbr. 13. gr. og

<sup>3</sup> Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004.

<sup>4</sup> Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004.

<sup>5</sup> Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004.

<sup>6</sup> Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004.

<sup>7</sup> Dreifibréf Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004.

reglunni um rétt málsaðila til rökstuðnings, sbr. 21. og 22. gr. Ákvörðun MAST um að skylda héraðsdýralækni til starfa utan umdæmis síns hefur það viðtæk áhrif á réttindi starfsmannsins að telja verður að MAST hafi borið að fylgja ákvæðum stjórnslulaga við töku ákvörðunarinnar. Því er sérstök ástæða til að vekja athygli á því að stofnuninni er í þessum tilvikum skylt að gefa aðila kost á að gæta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

### *III.2. Um heimild Matvælastofnunar til að skylda héraðsdýralækna til starfa utan umdæmis þeirra.*

Auk framangreindra reglna sem fjalla almennt um starfsmenn ríkisins er, við úrlausn álitaefnisins, rétt að líta til þeirra sérlaga og reglna er gilda um dýralækna. Nánar tiltekið er hér átt við lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998 (dýralæknalög). Í lögnum er landinu skipt í 14 umdæmi héraðsdýralækna sbr. 1. mgr. 11. gr. laganna. Í þessu sambandi skal jafnframt vísað til ákvæðis 1. tl. 3. mgr. 11. gr. dýralæknalaga sem fjallar um starfsskyldur héraðsdýralækna en þar segir:

„Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða.“  
[undirstrikun, höfundar]

Ljóst er af þessu ákvæði að lögin gera ekki ráð fyrir því að héraðsdýralæknar skuli skyldaðir til starfa utan síns umdæmis sbr. orðin „hver í sínu umdæmi.“ Framangreind ákvæði verða að teljast sérákvæði gagnvart ákvæðum starfsmannalaga sem fjallað var um í kafla III.1. Af þessum sökum verður að líta svo á að þau gangi framar þeim að því leyti sem þau kunna að stangast á.<sup>8</sup>

Þá skal þess getið að þegar þetta er skrifað liggur fyrir hjá Alþingi frumvarp til breytinga á ýmsum lögum<sup>9</sup> þ.á.m. dýralæknalögum, en samkvæmt 37. gr. frumvarpsins er lagt til að 11. gr. dýralæknalaga verði breytt. Þá er m.a. lagt til að tekinn verði upp eftirfarandi ákvæði í 5. tl. 2. mgr. 11. gr.:

„Matvælastofnun getur falið héraðsdýralækni og öðrum starfsmönnum umdæmisskrifstofu stofnunarinnar að annast verkefni í öðrum umdæmum þegar þörf er á og einnig önnur eftirlitsverkefni sem stofnuninni eru falin.“

Þannig liggur nú fyrir Alþingi að taka afstöðu til lagaheimildar fyrir MAST til að skylda héraðsdýralækna til starfa utan umdæma þeirra. Það er vissulega álitaefni hversu viðtækar ályktanir megi draga af gildandi rétti með vísan til frumvarpa er liggja fyrir í þinginu. Þó verður a.m.k. að telja líklegt, með vísan til framangreinds ákvæðis frumvarpsins, að þörf sé talin á sérstöku lagaákvæði til að MAST verði þetta heimilt. Slíka heimild er ekki að finna í gildandi lögum og bendir það því til þess að stofnunin geti ekki tekið slíka ákvörðun án samþykkis viðkomandi héraðsdýralæknis.

## **IV. Samantekt og niðurstaða**

<sup>8</sup> Þetta er í samræmi við viðurkenndar lögskýringarreglur sbr. reglan um *Lex specialis*.

<sup>9</sup> Sjá þingskjal nr. 418, mál nr. 258. Lag fyrir á 136 lögjafarþingi.

- Telja verður að ákvörðun Matvælastofnunar um að skylda héraðsdýralækni til starfa utan umdæmis síns falli undir 19. gr. starfsmannalaga nr. 70/1996.
- Með vísan til dreifibréfs Fjármálaráðuneytisins nr. 1/2004 verður að telja ólíklegt að MAST geti tekið slíka ákvörðun án samþykkis viðkomandi dýralæknis.<sup>10</sup>
- Ákvörðun Matvælastofnunar um að skylda héraðsdýralækni til starfa utan umdæmis síns telst til stjórnvaldsákvörðunar í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og er því skylt að gæta reglna laganna við töku slíkrar ákvörðunar, og skal sérstaklega bent á regluna um andmælarétt aðila í þessu sambandi sbr. 13. gr. laganna.
- Ljóst er, með vísan til laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, að ekki er gert ráð fyrir því að Matvælastofnun geti skyldað héraðsdýralækna til starfa utan síns umdæmis án samþykkis þeirra.

Samkvæmt framansögðu er það álit neðangreinds lögfræðings að Matvælastofnun sé ekki heimilt, án samþykkis héraðsdýralæknis, að skylda hann með ákvörðun til starfa utan síns umdæmis.

Jóhannes Stefán Ólafsson, lögfræðingur

---

<sup>10</sup> Gera verður fyrirvara við þessa ályktun enda telst dreifibréfið ekki til réttarheimilda.



Alþingi  
Erindi nr. P 137/801  
komudagur 24.9.2009

Félag eggjaframleiðenda  
Bændahöllinni v/Hagatorg  
107, Reykjavík  
Sími: 354 563 0300  
Fax: 354 511 0990  
Netfang: hildur@bondi.is

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík 22. september 2009

**EFNI: Beiðni um umsögn Félags eggjaframleiðenda um: Þskj. 241 — 147. mál. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiðra gerða. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi árið 2009.)**

**Félag eggjaframleiðenda gerir athugasemd við 32. gr. frumvarpsins.**

Í 32. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 10 gr. í núgildandi lögum um Dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim (nr. 25/1993). Í a-lið (sjá athugasemdir í frumvarpinu) eru fellt út bann við innflutningi á hráum eggjum. Félag eggjaframleiðenda fer fram á áframhaldandi bann við innflutningi á hráum eggjum samanber rök við bann við innflutningi á hráu kjöti. Sbr. 13. gr. EES samningsins. Og leggur til að 32. gr. a. liður hljóði svo: hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar, **hrá egg og ógerilsneyddan eggjamassa**, alidýraáburð og rotmassa blandaðan alidýraáburði.

virðingarfyllt,  
fyrir hönd Félags eggjaframleiðenda



Hildur Traustadóttir  
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/784*  
*komudagur 17.9.2009*

Reykjavík, 16. september 2009

**Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 147. mál, matvælalöggjöf, EES-reglur.**

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 24. ágúst 2009 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 147. mál, matvælalöggjöf, EES-reglur.

**Almenn umsögn**

Fyrirliggjandi frumvarp hefur áður komið til umsagnar hjá félaginu og hafa verið gerðar athugasemdir við þá þætti sem skipta heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna í landinu mestu máli, sem eru breytingar á matvælalögunum nr. 93/1995. Ekki hafa orðið efnislegar breytingar á flestum þeim þáttum sem félagið gerði athugasemdir við í síðustu umsögn og sendist hún því að mestu óbreytt. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa lýsir yfir vonbrigðum sínum yfir því að ekki skuli vera brugðist betur við athugasemdum við augljósa ágalla á frumvarpinu hvað varðar heilbrigðiseftirlit í landinu.

Sumar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu virðast ganga lengra en það sem krafist er í reglugerðum ESB, t.d. hvað varðar tilfærslu á eftirlitsverkefnum frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna til Matvælastofnunar. Þegar hefur orðið rýrnun á tekjustofnum Hes við flutnings eftirlits með fiskvinnslum en með þessum breytingum bætast kjötvinnslur við. Rökin fyrir flutningi eftirlitsins eru m.a. þau að koma eigi í veg fyrir skörun eftirlits. Benda má á að þessir fyrirtækjaflokkar eru einnig starfsleyfis skyldir skv. mengunarvarnarreglugerð og heilbrigðisnefnd mun því þurfa að hafa eftirlit með þeim þætti, þar af leiðandi verður alltaf tvöfalt eftirlit í fyrirtækin. Grundvallaratriði matvælaeftirlits er að tryggja neytendum örugg matvæli. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru til þess ætlaðar að skerpa á því en jafnframt er verið að auka frjálst flæði vöru frá Evrópu til Íslands og frá Íslandi til Evrópu. Athygli skal vakin á því að matvælaöryggi á Íslandi er með því besta sem þekkist í heiminum en ekki er tryggt að innflutt matvæli frá öllum löndum Evrópusambandsins verði jafnörugg og þau sem boðið er upp á hér. Þess þarf að gæta að breytingar á matvælalöggjöf rýri ekki þetta öryggi. Í nýrri 27. gr. skv. 19 gr. frumvarps eru ákvæði um skyndiskoðanir og sýnatökur á landbúnaðar og sjávarafurðum sem fluttar eru til landsins en ljóst er samt að stærstur hluti eftirlits mun fara fram á markaði. Innlend fyrirtæki þurfa starfsleyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits og þar fer fram eftirlit með framleiðslunni og vörum fyrirtækisins. Innfluttu vörurnar þarf hins vegar að skoða úti í verslunum. Mun þetta fyrirkomulag án efa hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna. Hægt er að ná inn kostnaði við sýnatöku með eftirlitsgjöldum en þau leggjast á söluaðilann meðan að innflytjandinn sem veldur aukinni eftirlitsþörf sleppur við kostnað. Eðlilegt væri að innflytjandi væri

starfsleyfisskyldur og greiddi fyrir áætlaða þörf eftirlitsrannsókna. Að mati félagsins þarf að kostnaðarreikna þennan þátt og bera undir Samband íslenskra sveitarfélaga. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að rekjanleiki verði tryggður og að áhættugreining fari fram á öllum þrepum frá hafi og haga til maga. Lögð er áhersla á að þessi atriði séu veigamikil í að tryggja örugg matvæli. Það hefur komið í ljós vegna nýlegs máls varðandi merkingar á pökkuðu grænmeti að ekki er hægt að krefjast upprunamerkingar matvæla (grænmetis) sem verið er að flytja inn í landið pakkað í umbúðir með íslenskum merkingum. Ákvæði vantar í frumvarpið sem tryggir rétt neytandans til að vita hvaðan varan kemur.

## Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

### I. kafli. Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

**2. gr. frv.:** Í setningunni sem byrjar á „Lögin ná þó til allra efna...” er orðið „þó” ofaukið þar sem öll þessi setning er úr núgildandi matvælalögum og orðið þó hafði þar hlutverk, en þar sem lagt er til að setningunni „ Lögin taka ekki til meðferðar matvæla á einkaheimilum nema þar fari fram framleiðsla matvæla til dreifingar utan heimilisins” í núgildandi lögum, verði felld niður að þá hefur þetta orð ekki neitt að vísa til vísa til og því ekki neinn tilgang.

Einnig er hér bætt við setningunni „ Jafnframt ná lögin til fæðubótarefna ”. Mikilvægt að tekið sé fram að lögin nái líka til fæðubótarefna en vísað er til athugasemda við 3. gr. hér að neðan hvað varðar orðið fæðubótarefni og mikilvægi þess að skorið verði úr um hvaða aðili skuli hafa eftirlit og þvingunarvald með vöru sem inniheldur lyfjavirk efni samkvæmt lista Lyfjastofnunar.

**3.gr.** Lagt er til að orðalagi verði breytt á lið 6, sem er skilgreining á hugtakinu matvælafyrirtæki: „*Matvælafyrirtæki er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem þa starfsar í ágóðaskyni eður ei, og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki*“. Lagt er til að þessi grein orðist svo: „*Matvælafyrirtæki er hvert það fyrirtæki og hver sá aðili sem annast framleiðslu og dreifingu matvæla.*“ Þessi skilgreining er þannig orðuð í reglugerð nr. 522/1994 um matvæli og telur félagið að m.t.t. samræmis beri að halda sig við þá skilgreiningu. Einnig eru fæðubótarefni skilgreind sérstaklega. Athuga þarf að heitið fæðubótarefni getur verið brot á reglugerð um merkingar matvæla. Er verið að fullyrða að viðkomandi efni bæti fæðuna? Þessi skilgreining eyðir ekki óvissu um það grúa svæði sem verið hefur um það, hvaða eftirlitsaðili skuli hafa eftirlit með vöru sem inniheldur efni sem Lyfjastofnun hefur flokkað sem lyfjavirkt efni eða efni sem getur eftir atvikum verið lyfjavirkt og eru því lyf samkvæmt lyfjalögum. Lyfjastofnun hefur sagt að vegna aðstæðna hjá sér geti hún ekki haft eftirlit með þessum vörum eins og t.d. danska lyfjastofnunin gerir í Danmörku. Áfram mun standa í matvælalögum að: „Lyf, sbr. lyfjalög, tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir, og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga.“ Samkvæmt því hefur heilbrigðiseftirlitið ekki leyfi til aðgerða gegn ofangreindum vörum. Eyða þarf þessari óvissu og kveða skýrt á um hvaða aðili skuli hafa eftirlit með ofangreindum vörum og þar með heimild til að taka vöru af markaði.

**4.gr.** Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram að eftirlit með kjötvinnslum og mjólkurstöðvum verði fært frá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna (Hes) til Matvælastofnunar (MAST). Ekkert í lögum og reglugerðum ESB krefst þess. Tekið er fram að dýralæknar skuli vegna menntunar sinnar hafa eftirlit með sláturhúsum, kjötstykkiunarstöðvum og með villibráð. ( Það er gert til að tryggja að ekki fari á markað kjöt af sjúkum dýrum ).Um annað eftirlit ákveður hvert land fyrir sig hver skuli fara með eftirlitið. Ekki verður með breytingunni aukin samfella í eftirliti eins og

gefið er í skyn, heldur færast samfellan til. Samfellan er nú annars vegar frá býli til sláturhúss og hins vegar frá kjötvinnslu til verslunar. Þessi fyrirtækjaflokkur er einnig starfsleyfisskyldur skv. mengunarvarnareglugerð og mun Hes eftir sem áður hafa eftirlit með þeim þætti. Ef þessi breyting nær fram að ganga missir Hes tekjustofna, þegar hefur orðið rýrnun vegna flutnings fiskvinnsla til MAST, vert væri að endurskoða þá breytingu og færa eftirlitið aftur yfir til Hes.

Í sömu grein er gert ráð fyrir að MAST annist eftirlit með innflutningi og útflutningi.

Við nánari skoðun t.d. á umsögn um 19. gr. frumvarpsins, kemur fram að innflutningur frá Evrópu er í frjálsum flæði og því litið á það eins og vörur frá Íslandi ( þ.e. ekki sem innflutning eins og hann hefur verið túlkaður hingað til ) og eftirlitið skal því vera hjá Hes. Þá er eftirlitsaðila óheimilt að skylda innflytendur frá Evrópu að tilkynna um komu allra sendinga, það skal aðeins gert ef rökstuddur grunur er um áhættu vegna vörunnar. Hes hefur því markaðseftirlit með vörum sem þannig koma inn í landið en ekki er tilgreint hvernig það eftirlit skuli fjámagnað.

Einnig kemur inn ákvæði um að MAST sé heimilt að framkvæma skyndiskoðanir á þessum vörum og þá er MAST komið inn á starfsvið Hes. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna og Mattvælastofnun eru hvort um sig sjálfstætt stjórnvald og ekki ásættanlegt að mæla fyrir um skörun eftirlits með þessum hætti. Kostnaðarreikna þarf þennan þátt og bera undir Samband íslenskra sveitarfélaga.

**5. gr.** Þar er lögð skylda á „stjórnanda“ fyrirtækis. Skv. 3. gr. frv. er stjórnandi skilgreindur sem: „.....einstaklingur eða lögaðili, sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um matvæli í matvælafyrirtækjum undir hans stjórn“. Nú er það svo, að stjórnendur í fyrirtækjum geta verið margir eftir atvikum, s.s. stærð og umfangi fyrirtækis. Jafnvel geta verið margir „stjórnendur“, hver á sínu sviði í einu matvælafyrirtæki. Heppilegra er að skylda matvælafyrirtæki til að skilgreina ábyrgðarmann í umsókn í starfsleyfi, sem síðan verði skráður ábyrgur fyrir þessum þáttum.

**6.gr.** Með þessari grein er núverandi 9. gr laganna breytt og ný kemur í stað þess sem var. Vakin er athygli á að eftirfarandi ákvæði fellur niður við þessa breytingu: „*Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja ákvæði um tilkynningarskyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli og efni eða efnaþöndur sem nota á við framleiðslu og dreifingu matvæla.*“ Umrædd breyting gæti leitt til minna matvælaöryggis en ella að mati félagsins og því mælst til þess að þessu ákvæði verði haldið inni í lögunum.

**7. gr.** Í 7. gr. frumvarpsins segir m.a. að „*Ráðherra sé heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla*“, lagt er til að orðalagið verði á þann veg að „*Ráðherra er skylt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla...*“ en ekki „*heimilt*“. Það er nauðsynlegt að þessar reglur verði settar og það sem fyrst, enda óviðunandi að hver sem er geti staðið fyrir matvælaframleiðslufyrirtæki s.s. matsölustað án þess að hafa til þess minnstu þekkingu, hvað varðar meðferð matvæla, hreinlæti og örveruvöxt.

**11. gr.** Hér er notað orðalagið „*Leitast skal við að vernda hagsmuni neytenda....*“ og „*Þannig skal leitast við.....*“ í 1. mgr. Þarna þarf að kveða skýrar og aftdráttarlausar að orði t.d. með því að segja: „*Vernda skal hagsmuni neytenda....*“ og „*Fyrirbyggja skal framleiðslu og markaðssetningu svikinna matvæla.*“. Að mati félagsins er það orðalag sem lagt er til í frumvarpinu ekki fullnægjandi.

20. gr. Vakin er athygli á að við þessa breytingu á 28 gr. sem hér er lögð til að ákvæði um að ráðherra skuli hafa samráð við landlækni ef hætta er talin á að matvæli geti valdi alvarlegu heilsutjóni er felld niður. Skýra þarf vandlega í hvaða tilgangi þetta er gert. Að mati félagsins er slíkt samráð nauðsynlegt og eðlilegt til samræmingar aðgerða.

Virðingarfyllst.

---

Svava Svanborg Steinarsdóttir,  
formaður.



- fyrir íslenska verslun

Alþingi  
Erindi nr. **D** 137/792  
komudagur 2/9. 2009

Nefndasvið Alþingis  
B.t. Gautur Sturluson  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. september 2009

**Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, 147. mál. (Lagt fyrir á Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)**

Vísað er til erindis háttvirtrar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 24. ágúst 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 147. mál, matvælaöggjöf, EES-reglur.

## I. Samantekt

- FÍS leggst eindregið gegn þeirri tilætlan stjórnvalda að afnema ekki innflutningsbann á hráu kjöti.
- Með því að viðhalda innflutningsbanni fara stjórnvöld á skjön við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 en íslenska ríkið er skuldbundið til að hrinda ákvörðunum nefndarinnar í framkvæmd innanlands með réttum hætti.
- Það leiðir af lögum nr. 2/1993 og meginreglum og markmiðum EES-samningsins að íslenska ríkið getur orðið skaðabótaskyldt vegna tjóns sem einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri verða fyrir vegna vanrækslu við innleiðingu EES-reglna.
- Ef íslenska ríkið viðheldur innflutningsbanni á hráu kjöti er um að ræða ófullnægjandi lögfestingu að mati FÍS og þar með vanrækslu við innleiðingu EES-reglna.

## II. Almenn

Eins og fram kemur í frumvarpinu setti framkvæmdastjórn ESB það sem skilyrði fyrir yfirtöku Íslands á nýju matvælaöggjöfni og þátttöku í Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) að undanþága varðandi búfjárafurðir yrði endurskoðuð. Rök framkvæmdastjórnarinnar voru þau að eftir að ný matvælaöggjöf ESB öðlast gildi yrði ekki lengur hægt að greina á milli búfjárafurða, sjávarafurða og annarra matvæla þar sem samræmdar reglur skv. löggjöfni ná yfir matvælakeðjuna í heild sinni án þess að skilja á milli einstakra tegunda matvæla.



– fyrir íslenska verslun

Samkomulag er varðar endurskoðun á fyrrgreindri undanþágu komst á milli íslensku ríkisstjórnarinnar og ESB á sumarmánuðum 2007. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 endurspeglar þetta samkomulag. Ákvörðunin kveður á um, á grundvelli heilbrigðiskrafna EES-löggjafar, að heimila skuli innflutning á hluta þeirra vörutegunda sem óheimilt hefur verið að flytja til landsins eða sem einungis hefur verið heimilt að flytja inn með sérstakri heimild. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar skuldbinda ríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar.

Frumvarp það sem nú er lagt fram vísar til vikur hins vegar frá ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hvað varðar innflutningsbann á hráu kjöti skv. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim þar sem mælt er fyrir um að það verði ekki afnumið.

### III. Afstaða FÍS til frumvarpsins

FÍS leggst eindregið gegn þeirri tilætlan stjórnvalda að afnema ekki innflutningsbann á hráu kjöti. Frjáls vöruviðskipti eru ein af grundvallarreglum EES-samningsins. Innflutningsbönn og hvers konar höft ganga þvert á grundvallarmarkmið samningsaðila sem er viðhald einsleitni á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og vernd réttinda einstaklinga og aðila í atvinnurekstri á hinum sameiginlega markaði EES. Innflutningsbönn verða ekki réttlætt nema að baki liggja ítarlegur rökstuðningur sem byggir á hlutlægum rannsóknum og vísindalegum niðurstöðum.

Með breytingum á 10. gr. laga nr. 25/1993 verður meginreglan sú að heimilt verður að flytja inn flestar vörur sem rekja má til afurða úr dýraríkinu uppfylli þær evrópsk skilyrði um heilbrigðisvottun. Röksemdir fyrir því að innflutningsbann á hráu kjöti haldist eru að litlu leyti tíundaðar í athugasemdum með 32. gr. frumvarpsins. Þar kemur helst til að innflutningsbanni sé viðhaldið með það að markmiði að tryggja núverandi stöðu sjúkdóma-varna vegna dýra og manna. Þau rök vega ekki þungt. Evrópsk skilyrði um heilbrigðisvottun eru ströng og fæst ekki séð hvernig lýðheilsu Íslendinga almennt sé stefnt í hættu vegna innflutnings búfjárafurða frá ESB ef viðhafðar eru þær varúðarráðstafanir sem gert er ráð fyrir í viðskiptum með slíkar vörur innan EES. Ráðstafanir stjórnvalda til verndar lífi og heilsu manna eða dýra verða að fullnægja meðalhófsreglu og telur FÍS að hægt sé að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með öðrum vægari aðgerðum.

Viðhald innflutningsbanns á hráu kjöti getur haft miklar afleiðingar fyrir íslensk fyrirtæki í innflutningi sem þegar hafa sett mikla fjármuni í markaðssetningu. Jafnframt hafa fyrirtæki orðið fyrir tjóni vegna vandkvæða við að fullnýta innflutningskvóta á kjöti. Frumvarpið kveður á um að ráðherra muni áfram fara með valdið til að leyfa innflutning skv. ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993. Með tilliti til þessa og þeirra háu tolla sem lagðir eru á innflutning má leiða líkum að því að frosið kjöt verði ekki flutt inn í landið í miklum mæli. Er vandséð að það sé í þágu neytenda eða í þágu heilbrigðrar samkeppni.

Með því að viðhalda innflutningsbanni fara stjórnvöld á skjön við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Ákvarðanir nefndarinnar eru í eðli sínu ígildi samninga milli ríkja. Rúmar valdheimildir nefndarinnar treysta stoðir undir EES-rétti sem sjálfstæðu réttarkerfi og opna vissar leiðir til að þróa samstarf á hinu Evrópska efnahagssvæði í takt við lagaþróun innan sambandsins. Ákvörðunum nefndarinnar er síðan skylt að hrinda í framkvæmd innanlands.<sup>1</sup> Það leiðir af lögum nr. 2/1993 og meginreglum og markmiðum EES-samningsins að íslenska ríkið getur orðið skaðabótaskyldt vegna tjóns sem einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri

<sup>1</sup> Sjá Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur*, bls. 65.



verða fyrir vegna vanrækslu við innleiðingu EES-reglna.<sup>2</sup> Viðhald innflutningsbanns á hráu kjöti er ófullnægjandi lögfesting að mati FÍŚ.

Í ljósi alls framangreinds leggur FÍŚ til að stjórnvöld endurskoði þá tilætlan sína að aflétta ekki innflutningsbanni á hráu kjöti en fylgi þess í stað samkomulagi ríkisstjórnarinnar við ESB og innleiði ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar á þann hátt að fullnægjandi sé.

#### IV. Annað

Að lokum áskilur FÍŚ sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri FÍŚ

Harpa Samúelsdóttir lögfræðingur



<sup>2</sup> Sama heimild, bls. 214, sbr. einnig dóm Hæstaréttar Íslands í máli Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur (H. 1999.4916).



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 137/766**  
**komudagur 11.9.2009**

Nefndasvið Alþingis,  
sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík



.....  
**F I S K I S T O F A**

Hafnarfjörður, 09.09.2009

**Efni:** Umsögn Fiskistofu um frumvarp til laga varðandi matvælalögjöf, EES-reglur (147. mál).

Fiskistofa þakkar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd fyrir að hafa fengið ofangreint lagafrumvarp til umsagnar en gerir engar athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,

Árni Múli Jónasson  
fiskistofustjóri



16. september 2009

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 137/781*

*komudagur 17.9.2009*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 147. mál, matvælaöggjöf, EES-reglur, sbr. erindi frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis dags. 24.8.2009**

Umsögn þessi nær eingöngu til I. kafla, þ.e. kafla um breytingar á lögum um matvæli nr. 93/1995 m.s.br. Aths. eru gerðar við einstakar greinar og eru þær númeraðar hér að neðan.

#### 4. gr.

Af hálfu Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST) er því hér með harðlega mótmælt að þrátt fyrir ákvörðun um óbreytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga við stofnun Matvælastofnunar (MAST), skuli nú með breytingum á matvælaöggjöfum færa verkefni frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga (HES) til ríkisstofnunar. Hingað til hafa sveitarfélögin haft með höndum eftirlit með kjötvinnslum utan sláturhúsa og einnig kjötpökkunarstöðvum sem og mjólkurstöðvum, en skv. frumvarpinu mun verða breyting þar á.

Á bls. 33 í aths. með frumvarpinu segir að með reglugerðinni sé leitast við að gera regluverk um framleiðslu matvæla einfaldara og skilvirkara. HAUST telur mikilvægt að benda á að mörg lítil matvælafyrirtæki eru á landsbyggðinni og þeim fer fjölgandi, m.a. litlum kjötvinnslum og aðilum sem fullvinna afurðir úr eigin mjólk. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur nú heildstætt eftirlit með þessum litlu vinnslum, þ.e. eftirlit með neysluvatnsveitum, matvælaframleiðslu, fráveitu og mengunarvörnum öðrum t.d. þar sem kjöt er unnið, reykt og pakkað í neytendapakningar. Hjá HAUST er gefið út eitt kaflaskipt starfsleyfi fyrir slíkar vinnslur og reynt að samnýta eftirlitsferðir til að íþyngja rekstaraðilum sem minnst í tíma og eftirlitsgjöldum. Ef MAST yfirtekur eftirlit með kjötvinnslunum koma tveir eftirlitsaðilar að slíkum örfyrirtækjum, þar sem HES mun eftir sem áður hafa eftirlit skv. matvælaöggjöfinni með neysluvatnsveitunni og skv. mengunarvarnareglum t.d. með reykhusi og fráveitu kjötvinnslunnar. MAST er því nýr eftirlitsaðili sem kemur inn í vinnsluna í stað aðila sem eftir sem áður mun fara á vettvang í eftirlitsferðir tengdum vinnslunni. Þannig verða tveir eftirlitsaðilar í stað eins áður með litlum matvælafyrirtækjum. HES hefur aukin heldur eftirlit með framleiðsluvörnunni þegar hún fer í almenna sölu. Því verður ekki séð annað en að um þyngingu og kostnaðarauka sé að ræða fyrir lítil fyrirtæki.

Í athugasemdum með frumvarpinu á bls. 33, kafla III. segir m.a. að „Með reglugerðinni er leitast við að gera regluverk um framleiðslu matvæla einfaldara og skilvirkara. Gildir reglugerðin á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar matvæla...“ Það er mat HAUST að mikilvægt sé að einfalda eftirlit og gera það skilvirkara, en ekki sé nóg að horfa bara til matvælaeftirlits, heldur alls eftirlits í landinu og samnýta og samþætta eftirlit eftir föngum frekar en taka einn eftirlitsþátt út með þeim afleiðingum að eftirlitsbirgði lítilla aðila þyngist.

#### 6. gr.

Það er mat HAUST að skýra þurfi orðalag 5. mgr. þar sem kveðið er á um að ráðherra sé heimilt að undanskilja frá starfsleyfis- og tilkynningaskyldu matvælafyrirtæki sem ekki stunda sína starfsemi í ágóðaskyni. Í skýringu með frumvarpinu kemur fram að hér sé átt við tómstundabændur, en af orðanna hljóðan í frumvarpinu gæti þetta ákvæði átt við nánast öll matvælafyrirtæki sem rekin eru af ríki (mötuneyti sjúkrahúsa), sveitarfélögum (mötuneyti skóla) og góðgerðastofnunum (kvenfélög). Sjálfsgagt er að taka þarna af öll tvímæli.

#### 14. gr.

Í þessari grein kemur fram að MAST skuli „*sérstaklega gæta að hagkvæmi í eftirlit og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt*“

Það er mat HAUST að ekki sé um að ræða aukna skilvirkni og einföldun í eftirliti með tilfærslu verkefna frá HES til MAST, enda mikilvægt að horfa heildstætt á eftirlitið í landinu og eftirlitið með hverri starfseiningu til að ná sem mestri hagkvæmi.

#### 15. gr.

Í þessari grein er fjallað um að opinberum eftirlitsaðila sé heimilt að fela faggiltum aðilum að annast tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits. Það er mat HAUST að í þessari grein skuli jafnframt tekin af öll tvímæli um að opinberum eftirlitsaðilum, þ.e. MAST og HES, sé heimilt að fela hvert öðru að fara með tiltekin verkefni fyrir hönd hins. Með því móti væri hægt að fela HES að fara með eftirlit í litlum matvælavinnslum (kjötvinnslum, mjólkurvinnslum, fiskvinnslum) f.h. MAST þar sem það er hagkvæmt vegna ferðalaga og samnýtingar starfsmanna, jafnvel þótt ákvæðið í 4 gr. frumvarpsins um að MAST skuli hér eftir fara með eftirlit í kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum sem og mjólkurvinnslum fari óbreytt í gegn. Rétt er að nefna að HES getur einnig auðveldlega tekið að sér eftirlit með litlum fiskvinnslum, svo sem hrognavinnslum, sem starfa í takmarkaðan tíma ár hvert, enda þarf HES að viðhafa eftirlit með fráveituvörnum þeirra. Þannig væri hægt að auka hagkvæmni í eftirliti.

#### 17. gr.

Hingað til hafa sveitarstjórnir sett HES gjaldskrár fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit skv. lögum nr. 7/1998. Í þessum gjaldskrár er einnig tekið á gjöldum fyrir eftirlit í matvælafyrirtækjum. Í 3. mgr. 17. gr. kemur fram að sveitarstjórnir skuli nú setja HES gjaldskrá vegna matvælaeftirlits á grundvelli 25. gr. matvælalaga.

HAUST telur mikilvægt að unnt sé að nýta áfram eina gjaldskrá fyrir hvert heilbrigðiseftirlitssvæði, þ.e. að heimilt verði að setja eina gjaldskrá á grunni beggja laganna og að ekki sé með lagabreytingunni átt við að setja skuli HES tvær gjaldskrár, eina fyrir matvælaeftirlit á grunni matvælalaga og aðrar fyrir hollustuhátta- og mengunareftirlit á grunni hollustuháttalaga.

Í 4. mgr. kemur fram að við gerð reglugerðar og gjaldskrár skuli taka tillit til hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu og einnig þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðinu sem líða fyrir tiltekna landfræðilegar takmarkanir. Í skýringum með lagagreininni kemur fram að þetta gildi um ráðherra, þ.e. þetta á því einungis við um gjaldskrá sem ráðherra setur fyrir Matvælastofnun, enda hefur í gjaldskrárvinnu á vegum sveitarfélaga, undir leiðsögn Umhverfisráðuneytis, verið mörkuð sú stefna að raunkostnaður af eftirliti skuli borinn af hverri starfsgrein á eftirlitssvæði. Mikilvægt er að skýra orðalag og taka af allan vafa um að ákvæðið gildi um gjaldskrá MAST eingöngu, en ekki um gjaldskrár heilbrigðiseftirlitssvæðanna.

Annað ekki.

Virðingarfyllst,

  
HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
Helga Hreinsdóttir  
frkvstj. HAUST  
SVEIÐISVÆÐIS

Seint í tölvupósti til [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Afrít til SSA

Alþingi, nefndarsvið  
sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Garðabær

9. september 2009

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. Þskj. 241 – 147. mál.**

Á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þann 31. ágúst 2009 var ofangreint mál til umfjöllunar.

Heilbrigðisnefnd þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að koma að sínum sjónarmiðum og telur þörf á gera athugasemdir varðandi eftirtalin atriði vegna breytinga á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum:

1. þegar flytja á verkefni frá sveitarfélögum til ríkisstofnunar er nauðsynlegt að hafa um það samráð við sveitarfélögin,
  2. að gæta verði að hagsmunum neytenda með gangsæi í matvælaeftirliti að leiðarljósi,
  3. að lagatexti verði skýr um framkvæmd markaðseftirlits með matvælum þannig að matvælaöryggi fyrir neytendur verði ekki fyrir borð borið.
  4. að menntunarkröfur verði gerðar til starfsfólks í matvælavinnslu.
- Samkvæmt frumvarpinu fer fram flutningur verkefna frá stofnunum sveitarfélaga til ríkisstofnunar og það án samráðs við sveitarfélögin svo vitað sé. Heilbrigðisnefnd telur það vera í mótsögn við almennt boðaða stefnu stjórnvalda um að einfalda eftirlit hjá fyrirtækjum. Ekki hefur verið sýnt fram á hagræði af breyttu fyrirkomulagi sem lagt er til í gr. 4 í frumvarpinu. Þá hefur heilbrigðisnefnd efasemdir um að það sé forsenda fyrir innleiðingu evrópskra lagasetningar að framkvæmdin sé á hendi ríkisstofnunar. Mælt er með því að fella niður lið c og d í 4b. gr.

Almennar leyfisveitingar og stjórnsýsla er til muna opnari á sveitarstjórnastigi og heilbrigðisnefndir lúta í dag eftirliti Matvælastofnunar. Verið er að fjarlægja eftirlit úr nærumhverfi neytenda með því að færa daglegt eftirlit til Matvælastofnunar í jafn ríku mæli og lagt er til. Möguleiki á gagnrýnni yfirumsjón hverfur um leið.

Með lögleiðingu frumvarpsins í núverandi mynd mun gegnsæi málaflokksins minnka til muna, bæði neytendum og stjórnvöldum í óhag. Með boðuðum



breytingum hverfur eftirlit inn í eina ríkisstofnun sem sinna á bæði eftirliti og allri stjórnarsýslu. Ákvæði 14. gr. frumvarpsins um að Matvælastofnun hafi yfirumsjón með matvælaeftirliti verður þannig marklaus ef stofnuninni verður jafnframt falið að sjá um meira og minna um eftirlit á markaði og vettvangi.

- Lagatexti verður að vera skýr þegar kemur að flutningi vara innan evrópska svæðisins, þ.e. hvað varðar framkvæmd markaðseftirlits sbr. 19. gr. og 23. gr. frumvarpsins. Af frumvarpinu verður helst ráðið að aðeins sé nauðsynlegt að viðhafa skyndiskoðanir og sýnatöku til rannsókna á búfjár- og sjávarafurðum en ekki öllum matvörum. Markaðseftirlit þarf að auka hér á landi varðandi alla matvöru.

Mælt er með að ákvæðum í 19. gr. frumvarpsins verði gerð viðtækari í ljósi hagsmuna neytenda um öryggi matvæla.

- Það er mat heilbrigðisnefndar að tímabært sé að setja menntunarkröfur fyrir starfsfólk í matvælavinnslu. Í 7. gr. frumvarpsins er ráðherra veitt heimild til að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla.

Með hagsmuni neytenda að leiðarljósi er ástæða er til að kveða skýrar að orði um skyldu ráðherra til að setja slíkar reglur og stjórnendur matvælafyrirtækja að virða þær.

Virðingarfyllst,  
f. h. heilbrigðisnefndar.



Guðmundur H. Einarsson,  
framkvæmdastjóri.

Alþingi  
Erindi nr. P 137/787  
komudagur 18.9.2009





Sauðárkróki, 16. september 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra um 147. mál, frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá 1. kafla 1. viðauka við EES-samninginn.**

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra leggur fram sömu umsögn og það lagði fram um sama mál í mars í ár, en þá var það nr. 258. Ekki er að sjá að tillit hafi verið tekið til umsagna heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna um það mál er það var flutt á ný – óbreytt að því er virðist – þann 23. júlí sl. og því flutt af núverandi landbúnaðarráðherra (nánast) óbreytt frá því matvælafrumvarpi sem Jón Bjarnason þingmaður sagði „illræmt“ á Alþingi og „valda uppnámi“.

Virðingarfyllt  
  
Sigurjón Þórðarson  
heilbrigðisfulltrúi



# Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Kt. 470199-2029 · Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4431 · Fax: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is  
Húsavíkurdeild · Hafnarstétt 3 · 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 8340 · Netfang: oggi@hne.is

Akureyri, 11-09-2009

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 137/770*  
*komudagur 14.9.2009*

Nefndasvið Alþingis  
v/sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Einnig sent í tölvupósti.

**Efni: Umsögn um 147. mál, frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 auk afleiddra gerða.**

**Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra hefur á fundi sínum 09-09-2009 samþykkt eftirfarandi bókun:**

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vísar til fyrri umsagnar til Nefndasviðs Alþingis dags. 18-04-2008 um frumvarp sama efnis sem áður var lagt fram. ( tölvuútskrift fylgir með )

Heilbrigðisnefndin leggur mesta áherslu á 4 atriði frumvarpsins:


1. Í 4. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að eftirlitsverkefni eru flutt frá sveitarfélögum til ríkis án þess að nokkur ákvæði löggjafar Evrópusambandsins krefjist þess. Ekki hefur verið haft samráð um fyrirhugaðar breytingar eins og 100. gr. sveitastjórnarlaga kveður á um. Ekki hefur heldur verið skoðað hvaða fyrirtæki flytjast yfir og bent sérstaklega á að í umræðunni gleymast oft lítil fyrirtæki í hinum dreifðu byggðum.
2. Með samþykkt frumvarpsins er verið að taka upp frjálst flæði vöru frá ríkjum EB þannig að innflutningseftirlit Matvælastofnunar á matvörum frá Evrópu verður lagt af og markaðseftirlit sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna annast verður að aukast. Það mun auka vinnu og kostnað heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna í landinu og ekki er fyllilega ljós hvernig tekjur koma á móti. Eftirlitið fer fram í verslunum en kostnaður þyrfti líka að ná til þeirra aðila sem flyja inn vörunar. Svo er ákvæði í 19. gr ( 27.a í lögunum) sem heimilar MAST skyndiskoðun á búfjárafurðum. Þarna er beint verið að heimila MAST úttekt sem heyrir undir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna. Hvers vegna? Hvað varðar kostnað við markaðseftirlit hefur frumvarpið ekki verið kostnaðarmetið og hvorki eru í frumvarpinu tillögur um hvernig þessu eftirliti verður háttáð né það borið saman við eftirlit með innlendum framleiðendum sem eftirlit er haft með á framleiðslustað m.a. starfsleyfisveitingu og með merkingum vöru. T.d. kemur það hvergi fram í frumvarpinu að innflytjendur




- þurfi að framvísa vottorðum um að viðkomandi fyrirtæki hafi starfsleyfi eða varan sé undir eftirliti í viðkomandi landi og hafi staðist gæðakröfur.
3. Heilbrigðisnefnd undrast ákvæði 5. mgr. 6. gr. frumvarpsins um að einhverjir aðilar sem meðhöndla matvæli skuli vera undanþegnir starfsleyfis- eða tilkynningaskyldu. Bæði er það mismunun og ekki síður áhætta sem tekin er varðandi öryggi matvæla.
  4. Brýnast af öllu er, þegar hugað er að matvælaöryggi, að þeir sem vinna með matvæli hafi grunnþekkingu um meðferð matvæla og fyrirbyggjandi leiðir til að hindra matarsjúkdóma hjá neytendum.
- Í 5. málslið 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins (10 gr. laga um matvæli) er heimild fyrir ráðherra að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu eða dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla.
- Nefndin leggur til og telur mjög mikilvægt að orðunum “**ráðherra er heimilt**” verði breytt í “**ráðherra skal**”.
- Það er ekki nóg að hafa heimild ef ekkert er gert í að setja reglugerðina. Þetta heimildarákvæði er búið að vera í matvælalögunum í nokkurn tíma en reglugerðin hefur ekki séð dagsins ljós ennþá. Alls kostar óviðunandi er að fólk fari að vinna við framleiðslu og dreifingu matvæla án þess að hafa til að bera lágmarksþekkingu um meðferð matvæla, hreinlæti og örveruvöxt.
- Þetta er langmikilvægasta atriðið í allri umræðunni um örugg matvæli að þessar reglur verði settar og þeim komið í framkvæmd.**
- Vankunnátta eins einstaklings getur á örskotsstund eyðilagt góða vinnu fjölda annarra starfsmanna.

Þetta tilkynnist hér með.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra

  
Valdimar Brynjólfsson  
framkvæmdastjóri



# HEILBRIGÐISEFTIRLIT NORÐURLANDS EYSTRÁ

Kt. 470199-2029 · Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4431 · Fax: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is  
Húsavíkudeild · Garðarsbraut 19, 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 8340 · Fax: 464 1395 · Netfang: oggi@hne.is

Ljósrit

Akureyri, 18-04-2008

Nefndasvið Alþingis  
v/sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Einnig sent í tölvupósti.

**Efni: Umsógn um 524. mál, frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, EES-reglur, breyting ýmissa laga.**

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra telur hér að stærstum hluta um að ræða pólitíska ákvörðun um að standa við samninga sem gerðir hafa verið við EES. Þær breytingar sem felast í frumvarpinu og skipta heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna í landinu mestu máli eru breytingar á matvælalögunum nr. 93/1995, og sem fram koma í I. kafla frumvarpsins og verður því umsógnin einskorðuð við þann kafla.

**Grundvallaratriði matvælaeftirlits er að tryggja neytendum örugg matvæli.** Breytingunum er ætlað að skerpa á því en jafnframt er verið að auka frjálst flæði vöru frá Evrópu til Íslands og frá Íslandi til Evrópu og þá virðast hagsmunir er varða fiskátflutning vega mjög þungt.

**Vakin er atvigi á því að matvælaöryggi á Íslandi er með því besta sem þekkist í heiminum og ekki er tryggt að innflutt matvæli frá öllum löndum Evrópusambandsins verði jafntrygg og það sem við búum við.**

Frjálst flæði vöru skapar möguleika á því að vara sem ekki er jafn trygg og íslenskar vörur komi inn á markað frá Evrópulöndum og hvergi sér þess stað í frumvarpinu að innflytjendur þurfi að framvísa vottorðum um að viðkomandi fyrirtæki eða vara sé undir eftirliti í viðkomandi landi og hafi staðist gæðakröfur. Engar réttstafanir eru gerðar við komu matvælna til landsins heldur skal auka eftirlit á markaði. Innlend framleiðslufyrirtæki þurfa starfsleyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits og þar fer fram eftirlit með húsnöðinu, framleiðslunni og vörum fyrirtækisins.

Innfluttu vörurnar varða hins vegar eingöngu skoðaðar úti í verslunum.

Ef eingöngu eða að stórum hluta verða skoðuð innflutt matvæli í verslunum er hætt við því að raddir um samkeppnissjónarmið og mismunun gætu heyrst.

**Hér er enn verið að bæta eftirlitsverkefnum á heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna án þess að það sé kostnaðarreiknað.** Kostnaði við sýnatöku á að ná inn með eftirlitsgjöldum en á hvern leggjast þau. Það lenti trúlega á söluaðilanum en innflytjandinn sem veldur aukinni eftirlitsþörf sleppur við kostnað. Ekki væri óeðlilegt að hann þyrfti starfsleyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits og greiddi fyrir áætlaða þörf eftirlitsrannsóknna.

Hætt er við að greiðendur verði ekki glaðir með auknar álögur eftirlitsaðila.  
**Eðlilegt er að kostnaðarreikna þennan þátt og bera undir Samband íslenskra sveitarfélaga.**

Ef litið er til einstakra greina skal eftirfarandi tekið fram:

Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins kemur fram að mismunur er á hver hefur eftirlit á fyrstu stigum framleiðslukeðjunnar.

1. Uppskeyra og geymsla matjurta er undir eftirliti Matvælastofnunar en þökkun og dreifing er undir eftirliti heilbrigðisnefnda
2. Þökkun eggja er undir eftirliti Umhverfisstofnunar en dreifing þeirra hjá heilbrigðiseftirliti.
3. Mjöltun og eldi sláturdýra ásamt flutningi er hjá Umhverfisstofnun.

Þess skal einnig getið að öll þessi fyrirtæki nota vatn og vatnsveitan er undir eftirliti heilbrigðisnefnda samkvæmt reglugerð um neysluvatn.

**Þetta mismunandi fyrirkomulag þarf að koma skýrt fram, t.d. í reglugerð, þannig að það valdi ekki misskilningi þegar fyrirkomulagið verður að veruleika.**

Í 7. gr. frumvarpsins (10 gr. laga um matvæli) er heimild fyrir ráðherra að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu eða dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla. **Best væri að breyta heimild í skal.**

Það er ekki nóg að hafa heimild ef ekkert er gert í að setja reglugerðina. Alls kostar óviðunandi er að fólk fari að vinna við framleiðslu og dreifingu matvæla án þess að hafa til að bera lágmarkspækingu um meðferð matvæla, hreinlæti og örveruvöxt. **Þetta er langmikilvægasta atriðið í allri umræðunni um örugg matvæli að þessar reglur verði settar og þeim komið í framkvæmd.**

Vankunnátta eins einstaklings getur á örskotsstund eyðilagt góða vinnu fjölda annarra starfsmanna.

Í 13. gr. er ráðherra heimilt að ákveða að tilteknar rannsóknarstofur skuli vera tilvísunarstofur og er nefnd ein á hverju sviði. Þetta er hið besta mál til að hafa eina rannsóknarstofu tilbúna til að bregðast við ef alvarleg eða stór tilvik koma upp t.d. matarsýking eða matareitrun. **Það má þó ekki gerast þannig að útiloki notkun faggiltra rannsóknarstofa í héraði með því að niðurgreiðsla ríkisins á rannsóknum sé bundin við eina rannsóknarstofu.**

Í 15. gr. 2. mgr. er fjallað um viðbótareftirlit. Mjög mikilvægt er að sama viðmiðun sé um allt land og við sambærilegt eftirlit. Það þarf einnig að vera ljóst að endurtekið eftirlit vegna eins einstaks sýnis sem kom illa út þarf ekki að vera viðbótareftirlit eða rannsókn. Þetta er vegna þess að eitt tilfallandi sýni er aðeins viðmiðun en ekki marktæk rannsókn á vörunni.

Í 15. gr. 3. mgr. þarf að hafa orðalag mun skýrara en er í frumvarpinu. **Ekki kemur nægilega skýrt fram hvaða setningar vísa til allra gjaldskráa, hverjar eingöngu til gjaldskrár Umhverfisstofnunar og hverjar til gjaldskrár Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna.**

Þá er í greininni talað um að eftirlitsgjald skuli ekki hærra en raunkostnaður við eftirlitið og aftur að gjald fyrir eftirlit skal ekki nema lægri tölum en fram koma í reglum Evrópuþingsins og ráðsins. Fer þetta saman?

Þá skal vakin athygli á að í 21. gr. d) kemur fram að Matvælastofnun skal sjá um samþæfingu aðgerða þegar upp koma bráðar eða alvarlegar matarsýkingar og tilkynna yfirmanni heilsugæslustöðvar eða sóttvarnarlækni.

Samkvæmt sóttvarnarlögum lýtur sóttvarnarlæknir svo á að slík tilvik séu í höndum hans embættis og hefur það orðið til þess að heilbrigðiseftirlit hefur oft verið kallað of seint til til að ná raunhæfum sýnum af grunuðum matvælum.

Brýnt er að hafa þann aðila sem er á staðnum með í aðgerðum frá fyrsta augnabliki. Hlífstýri kerfi geta stýrt aðgerðaráætlunum til lengri tíma en koma aðeins í staðinn fyrir staðarþekkingu og nánd heilbrigðiseftirlitsins.

Að lokum er vakin athygli á óeðlilegri íslenskunotkun í 5.gr. frumvarpsins þar sem verður 8.gr. a í lögnum.

Núverandi setning er: "Matvæli sem eru ekki örugg, þ.e. heilsuspillandi eða óhæf til neyslu, er óheimilt að markaðssetja". Þar sem hér er annkannanleg uppröðun orða í setningunni er lagt til að hún verði eftirfarandi:

**Óheimilt er að markaðssetja matvæli sem ekki eru örugg, þ.e. heilsuspillandi eða óhæf til neyslu.**

Í 1. mgr. 8. gr b) kemur tvívegis fyrir að stjórnandi matvælafyrirtækis bera ábyrgð o.s.frv.

Löggjafinn þarf að ákveða sig hvort hér á að vera eintala eða fleirtala og láta það gilda fyrir bæði orðin.

Þetta tilkynnist hér með.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra

  
Valdimar Brynjólfsson  
frankvæmdastjóri



Austurvegur 56 - 800 Selfoss

Sími 480 8220 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Alþingi  
Erindi nr. P 137/758  
komudagur 8.9.2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
b/t Gautur Sturluson  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Selfossi, 2. september 2009  
0903005HS SG/sg

**Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um 147. mál, frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, matvælalöggjöf, EES-reglur.**

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur móttengið bréf dags. 24. ágúst sl. varðandi umsögn um frumvarp til laga, 147. mál, um breytingar á ýmsum lögum er varða matvælaeftirlit. Þær breytingar í frumvarpinu sem mestu máli skipta fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eru breytinga á matvælalögum nr. 93/1995 sem koma fram í I. kafla frumvarpsins og verður því umsögnin einskorðuð við þann kafla.

**Neðangreind umsögn er ítrekun á umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 2. mars 2009, enda hefur frumvarpið ekki tekið þeim breytingum sem athugasemdirnar beinast að.**

**Almennt um frumvarpið:**

Í ljósi þess að frumvarpið byggir á ESB löggjöf og er sérstaklega ætlað að skýra hugtök, meginreglur og málsmeðferð er gerð alvarleg athugasemd við það að með frumvarpinu er einnig verið að breyta fyrirkomulagi opinbers eftirlits og þannig flytja til verkefni frá sveitarfélögum yfir til ríkisins. Í aðildarlöndum Evrópusambandsins er opinbert eftirlit með ýmsum hætti enda kveður reglugerðin, sem matvælahluti frumvarpsins byggir á; einungis um það að ..., (aðildarlöndin) skuli halda úti kerfi opinbers eftirlits og annarri starfsemi eftir atvikum, þmt. upplýsingar til almennings um öryggi og áhættu í tengslum við matvæli og fóður, eftirliti með öryggi matvæla og fóðurs og önnur vöktunarstarfsemi sem tekur til framleiðslu, vinnslu og dreifingar á öllum stigum. Rök fyrir tilflutning verkefna til ríkis frá sveitafélögum eru auk þess mjög veik ef horft er til þess að **verkefnatilflutningurinn kemur til með að auka skörun, óhagræðingu og kostnað eftirlitsþega og eftirlitsaðila.**



Greinargerð með frumvarpinu kemur ennfremur fram að kostnaður við opinbert eftirlit muni aukast með gildistöku frumvarpsins. Því er hins vegar mótmælt að sá kostnaður falli ekki á opinbert eftirlit enda má áætla að með auknu markaðseftirliti verður meira um tilfallandi eftirlit og eftirlit vegna ábendinga frekar en reglubundið eftirlit sem kostað er af starfsleyfishafa.

Varðandi ákvæði til gjaldtöku og setningu gjaldskráar skv. 17. grein frumvarpsins telur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands eðlilegt að sveitarfélögin haldi áfram að gefa út eina gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga þó svo gjaldtakan byggir á tveimur lögum í stað einum eins og er í dag.

Matvælastofnun hefur fengið yfirumsjónarhlutverk, sem var áður á hendi Matvælasviðs Umhverfisstofnunar sem nú hefur verið lagt niður. Með þessu eru nú tvær ríkisstofnanir í stað einnar með umsjónar- og samræmingarhlutverk með verkefnum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga þ.e. Umhverfisstofnun með hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlit og nú Matvælastofnun með það sem snýr að matvælafyrirtækjum. Er mikilvægt að fullt traust ríki milli þessara tveggja stjórnvalda. Bæði heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Matvælastofnun vinna að sama marki þ.e. öryggi matvæla.

Eftirfarandi eru athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

1. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að orðalagi verði breytt á lið 6, sem er skilgreining á hugtakinu matvælafyrirtæki: „*Matvælafyrirtæki er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem þá starfar í ágóðaskyni eður ei, og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki*“. Lagt er til að þessi grein orðist svo: „***Matvælafyrirtæki er hvert það fyrirtæki og hver sá aðili sem annast framleiðslu og dreifingu matvæla.***“

Þessi skilgreining er þannig orðuð í reglugerð nr. 522/1994 -matvælaeðlugerðinni og gerir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands að tillögu sinni að sú skilgreining verði notuð áfram enda í fullu gildi. Enda er um óþarfa orðalengingar að ræða, sem er í raun vinnuþýðing úr frumgerð reglug. EB nr. 178/2002.

2. Um 4. gr. frumvarpsins: Því er harðlega mótmælt að færa eigi matvælaeftirlit frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til ríkisins með þeim hætti sem gert er skv. lið. 4. c. og 4. d. og er þar átt við matvælaeftirlit með kjötvinnslum og mjólkurstöðvum.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hefur heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eftirlit með umhverfis- og mengunarvörnum matvælafyrirtækja s.s. í kjötvinnslum og mjólkurstöðvum og þar verður engin breyting á eftir breytingu á lögum um matvæli. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur einnig haft með höndum matvælaeftirlit í kjötvinnslum og mjólkurstöðvum og bent á í því sambandi að stór hluti eftirlits snýr að merkingum matvæla og þvingunaraðgerðum þar að lútandi. Í þeirri lagastoð sem matvælahluti þessa frumvarps byggir á er ekkert sem



segir til um fyrirkomulag opinbers eftirlits og **engar kröfur að hálfu Evrópusambandsins um tilflutning verkefna frá sveitarfélögum til ríkisins.** Löggjöfinni er ætlað að skýra og samræma hugtök, meginreglur og málsmeðferð aðildarríkjanna en ekki ætlað að hafa áhrif á fyrirkomulag opinbers eftirlits þeirra. Sú tilfærsla verkefna sem lagt er upp með hér er einnig í andstöðu við einföldun í eftirliti, órofna matvælakeðju og eykur á skörun í eftirliti. **Aukin skörun og tilkostnaður, bæði opinbers eftirlits og eftirlitsþega verður meiri þar sem heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga kemur til með að hafa áfram eftirlit með umhverfis- og mengunarmálum þessara fyrirtækja.**

Ennfremur er bent á að í 14. grein frumvarpsins, síðustu málsgr. þar sem segir m.a.: „Matvælastofnun skal...,...*sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir...*” Ofanefndar tillögur um verkefnatilflutning eru ekki til þess fallnar að ná fram hagkvæmni og fyrirbyggja tvíverknað sbr. hér að ofan.

Það er ekki til þess fallið að skapa nýrri stofnun traust hjá Heilbrigðisnefndum að hefja samvinnu með því að auka skörun og óhagkvæmni fyrir alla aðila.

**3. Í 6. grein frumvarpsins** segir að matvælafyrirtæki sem annast m.a. frumframleiðslu matjurta þurfi ekki starfsleyfi heldur einungis að tilkynna starfsemi sína til Matvælastofnunar.

Samkvæmt ESB reglugerð nr. 852/2004 sem tekur gildi með frumvarpi þessu eru frumframleiðsluvörur - *vörur sem fást í frumframleiðslu, þ.m.t. afurðir akuryrkju og búfjárafurðir og afurðir sem fást með veiði og fiskveiði.* Í kaflanum um frumframleiðslu segir ennfremur: Gildir um: *flutning, geymslu og meðhöndlun frumframleiðsluvara á framleiðslustað svo fremi sem þetta leiðir ekki til verulegar breytingar á eðli þeirra.* Rétt er að benda á að skv. íslenskum ákvæðum eru garðyrkjubændur í dag starfsleyfis- og eftirlitsskyldir hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Þrátt fyrir það verða þeir áfram undir eftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á grundvelli laga og reglna um eiturefni og hættuleg efni. Í því ljósi er eðlilegra að **þeir tilkynni starfsemi sína til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga** með sömu rökum og áður, þ.e. til einföldunar á opinberu eftirliti, hagræðingar allra aðila og til að minnka skörun milli eftirlitsaðila.

Í 6. grein er einnig heimild til að undanskilja frá starfsleyfis- og tilkynningarskyldu aðila sem ekki stunda starfsemi í ágóðaskyni. Í greinargerðinni sem fylgir með þessari setningu er einungis fjallað um tómstundabændur sem „starfsemi án ágóða“ en hér getur svo miklu meira verið undir. Starfsemi án ágóða getur t.d. verið mótuneyti hjálpræðishersins, skólamótuneyti, mótuneyti sjúkrahúsa og fleira mætti telja. Það getur varla verið ætlun lögjafans að gefa þannig þeim sem meðhöndla matvæli án ágóða svo frítt spil að engin formleg vitneskja opinberra aðila sé um starfsemina né kröfur til hennar gerðar. **Starfsemi án ágóða er mjög mismunandi og þetta ákvæði**



Aría til neins fallið en að skapa óljós mörk yfir kröfur að teknu tilliti til hagnaðar fyrirtækisins.

4. Um 7. gr. Frumvarpsins, sem er um matvælafyrirtæki. Þar er tilgreint að ráðherra sé **heimilt** að setja reglur um að: „þeir sem starfi við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla.“ Farið er fram á að fastar sé að orði kveðið og orðað þannig að ráðherra sé **skvlt** að setja reglur þar að lútandi.

Mikilvægt að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla séu meðvitaðir um þá ábyrgð sem þeim er falin. Einungis með fræðslu er unnt að tryggja öryggi matvæla. Sem frekari rökstuðning er bent á 1. gr. frumvarpsins um hvernig ná skuli fram tilgangi laganna: „...Þessu skal ná með innra eftirliti, áhættugreiningu, rekjanleika afurða og vara, varðurðaraðgerðum, **fræðslu**, upplýsingamiðlun, rannsóknnum...”

5. Í 11. grein frumvarpsins er óljóst orðalag sem leiðir til óvissu, ósamræmis og marklausra ákvæða.

Gerðar eru athugasemdir við orðalagið þar sem segir að „leitast skal við að vernda hagsmuni neytenda og leitast við að fyrirbyggja framleiðslu m.a. svikinna matvæla“. Við útfærslu og framfylgni á orðalagi af þessu tagi er erfitt að vinna með. Í reglugerð ESB sem þetta frumvarp er unnið upp úr segir að aðildarríkin skuli leitast við að setja slík ákvæði inn. Hér hefur þýðingin verið tekin beint en ekki sett inn neitt ákvæði um ofangreint. Hér þarf að setja inn reglur um hvernig eigi að vernda hagsmuni neytenda og hvernig eigi að fyrirbyggja ótrygg matvæli.

6. Um 19. grein

Í 19. grein kemur fram að Matvælastofnun hefur inngríp í markaðseftirlit fyrirtækja sem eru annars undir eftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Þó svo slíkt inngríp sé háð „rökstuddum grun“ er gerð athugasemd við þetta fyrirkomulag og bent á að Matvælastofnun, samkvæmt yfirumsjónarhlutverki sínu, á að tilkynna viðkomandi heilbrigðiseftirliti þennan „grun“ og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga framkvæmi þessar skyndiskoðanir og sýnatökur enda hinn opinberi eftirlitsaðili. Ekki er neitt í reglum ESB um þetta fyrirkomulag og því **alls ekki skylda Íslands að hafa slík inngrípsákvæði ríkisins á starfsemi sveitarfélaganna.** Færa má rök fyrir því að inngríp af þessu tagi varði ákvæði um sjálfstjórnarétt sveitarfélaga og vald þeirra yfir eigin verkefnum. Það sama á við um leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem Matvælastofnun gefur út og heilbrigðisnefndum beri að fylgja. Telja verður óeðlilegt að ríkisstofnun geti með útgáfu slíkra leiðbeininga sagt sveitarfélögunum fyrir verkum.

7. Um 23. grein


Í d. lið 23. greinar er fjallað um heimild Matvælastofnunar til að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað. Matvælastofnun ber að tilkynna slíkar aðgerðir til viðkomandi heilbrigðisnefndar.





Hér eru gerðar sambærilegar athugasemdir og við 19. greinina. Augljóst er að þar sem það er hlutverk Matvælastofnunar að samræma aðgerðir verður að gera greinarmun á skyldum hennar gagnvart dreifingu á hættulegri vöru á landsvísu eða heimild til lokunar einstakra fyrirtækja sem eru með starfsleyfi og eftirlit frá viðkomandi heilbrigðisnefnd. Það er óeðlilegt inngríp ríkisins á valdssvið sveitarfélaga að heimila Matvælastofnun að loka fyrirtæki sem er hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Hér verður að horfa til þess að verkefni eru á mismunandi stjórnsýslustigum og inngríp af þessu tagi er óeðlilegt. Lokun/stöðvun einstakra fyrirtækja verður að vera gerð af viðkomandi opinbera eftirliti þó svo að aðrar reglur geta gilt um stöðvun á dreifingu vöru eða bann við notkun á landsvísu eigi heima hjá Matvælastofnun í einstaka tilfellum.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

  
Elsa Ingjaldsdóttir  
framkvæmdastjóri

  
Sigrún Guðmundsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

Alþingi  
Erindi nr. D 137/778  
komudagur 16.9.2009

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 16. september 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Mál 147

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanbágum frá I. kafla I. viðauka við EES – samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópubingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiðdra gerða.**

Ljóst er að frumvarpið virðist lagt óbreytt fram og því er notast við sömu umsögn og gefin var við frumvarpið er það hafði málsnúmer 258 og gefin var með bréfi dagsettu 3. mars 2009.

Eingöngu eru skoðaðar þær breytingar sem lúta að matvælalögum og verksviði heilbrigðis-efirlits. Þetta er mjög mikilvæg löggjöf sem snertir hvern einasta Íslending, því öryggi matvæla er grunnur að velferð þjóðarinnar. Í dag búum við við matvælaöryggi sem er eitt það besta sem þekkt er. Öryggi matvæla verður að vera megin markmið með þessari lagasetningu. Í engu má kvika frá þeirri stöðu sem við höfum í dag. Fjögur atriði vil ég að verði skoðuð nánar.

1. Færsla verkefna frá sveitarfélögum til ríkisstofnunar. 4. gr.
2. Óljóst ákvæði varðandi starfsemi sem starfa án ágóða 6. gr.
3. Ekki er gerð krafa um menntun starfsfólks 7. gr.
4. Gjaldskrárákvæði sem standast ekki jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga 17. gr.

1. Í 4. grein er boðaður flutningur verkefna frá sveitarfélögum til ríkisstofnunar þar sem matvælaeftirlit með kjötvinnslum og mjólkurstöðvum er fært frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og yfir til matvælastofnunar ríkisins (MAST). Í greinargerð er komið fram með þrenns konar rök fyrir þessum flutningi verkefna. a) til að fyrirbyggja skörun b) vegna þess að ekki séu allstaðar starfandi dýralæknar á öllum eftirlitssvæðum og þetta sé krafa í evrópulöggjöfinni. c) samræming eftirlits með því að fela það einum aðila. Við nánari skoðun kemur í ljós að þessi rök halda ekki fyrir þessum flutningi og því er hér komið aftan að sveitarfélögum með ríkisvæðingu matvælaeftirlits í smá skömmtum. a) Flutningur þessara verkefna kemur ekki í veg fyrir skörun, heilbrigðiseftirlit verður eftir sem áður með eftirlit með þessum fyrirtækjum vegna hollustuhátta og mengunarvarna. Því er verið að fjölga eftirlitsaðilum með fyrirtækjum um einn. Sérstaklega kemur þetta illa við þá bændur sem eru þessa dagana að setja upp litlar kjötvinnslur þar sem í stað eins eftirlitsaðila þurfa tveir að mæta á staðinn. Skilja má af greinargerð að heilbrigðiseftirlit hafi ekki eftirlit í þeim mjólkurstöðvum sem hafa útflutningsleyfi. Þetta er rangt heilbrigðiseftirlit fer alfarið með eftirlit í þessum húsum, en einu sinni á ári hefur komið fulltrúi frá Mast og farið yfir sama gátlistann og heilbrigðiseftirlitið notar og kvittað uppá að eftirlitið hafi farið fram. b) Dýralæknir er ekki starfandi við heilbrigðiseftirlit Vestfjarða en það hefur ekki komið í veg fyrir að eftirlitið hafi farið fram og verið ágætlega sinnt. Ekkert í löggjöf Evrópusambandsins gerir kröfu um að dýralæknar sinni matvælaeftirliti. Þegar

kjötskoðunardýralæknir hefur stimplað kjötið er hann að votta að viðkomandi vara sé ekki af sjúku dýri. Um annað eftirlit ákveður hvert land fyrir sig hver skuli fara með eftirlit Hringlandaháttur eins og hér er boðaður er ekki til að auka samfellu í eftirliti. c) Tvær stofnanir hafa í dag það hlutverk að samræma og hafa yfirumsjón með starfsemi heilbrigðiseftirlits. Að auki hafa heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga með sér samtök þ.e. Samtök heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga SHÍ. SHÍ hefur unnið ötullega að samræmingu milli heilbrigðiseftirlitssvæða. Á vettvangi samtakanna hefur verið tekið á þeim málum sem upp hafa komið þar sem ekki hefur verið gætt samræmis. Nokkuð furðulegt er því að sjá í greinargerð að verið sé að fela eftirlitið einum aðila, en framar í greinargerðinni kemur fram að matvælastofnun hafi dýralækna í öllum héruðum til að sinna þessu.

**Þar sem ekki er hægt að benda á minni skörun, og þar sem ekki er krafa í evrópu-löggjöf að dýralæknar sinni þessu eftirliti og þar sem hægt er að samræma eftirlit án þess að færa það til ríkisins er lagt til að c og d liður 4. gr í frumvarpinu verði felldir niður.**

2. í 6. gr er starfsleyfisskylda matvælafyrirtækja mjög til bóta frá fyrri drögum. **Hinsvegar set ég spurningarmerki við undanþáguákvæði vegna þeirra sem ekki stunda starfsemi í ágóðaskyni. Þetta ákvæði er mjög loðið og teygjanlegt. Í greinargerð er tekið dæmi um frístundabúskap, en það sem kom fyrst upp í huga minn voru t.d. máltíðagjafir hjá hjálpræðisher.**

3. Ekki er gerð krafa um menntun starfsfólks í matvælaíðnaði en í 7. grein er heimildar-ákvæði um að ráðherra geti sett reglur. Vænlegra væri að ráðherra skuli setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið. Það er löngu tímabært að setja reglur varðandi þjálfun starfsfólks í matvælaíðnaði. Þekkingarskortur þeirra sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla er alltof oft veikasti hlekkurinn. Gera þarf sérkröfur til stjórnenda og lágmarkskröfur til starfsfólks. Það þarf próf til að stjórna lyftara í vinnslunni en sá sem stýrir og stjórnar vinnslunni þarf engin próf.

**4. Gjaldskrárákvæði í 17. gr. stenst hugsanlega ekki jafnræðisreglu stjórnsýslulaga.**

Í 17 grein skal við gjaldskrárgerð taka tillit til fyrirtækja með litla framleiðslu og fyrirtækja sem líða fyrir tiltekna landfræðilegar aðstæður. Það er ekki hlutverk opinbers eftirlitsaðila að mismuna eftir framleiðslugetu og staðsetningu. Allt eftirlit er kostnaðarrikt á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði fyrir sig þar sem litið er til stærðar fyrirtækja, áhættu samkvæmt áhættumati og ferðakostnaðar innan svæðis sem er sá sami óháð staðsetningu. **Þar sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga gefur væntanlega áfram út eina gjaldskrá fyrir hollustuháttaeftirlit, mengunareftirlit og matvælaeftirlit er æskilegt að gjaldskrárákvæði séu samræmd við ákvæði í lögum um Hollustuhætti og mengunareftirlit nr. 7 frá 1998.**

**Fh. Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða**

---

**Anton Helgason**  
**Heilbrigðisfulltrúi**

# Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Borgarbraut 14, Borgarnesi

Stíllholti 16-18, Akranesi

kt. 550399-2299

Símar: 433-7117 433-1070

Alþingi

Erindi nr. P 137/786

komudagur 18.9.2009

Borgarnesi, 16. september 2009.

Nefndasvið Alþingis  
v/sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn um þingskjal 241 – 147. mál, frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28 janúar 2002 auk afleiddra gerða.**

Heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur s.l. tveimur árum fjallað um þrjú frumvörp til laga sem fjallað hafa um breytingu á lögum um matvæli nr. 93/1995 til samræmis við Evrópusambýktir.

Heilbrigðisnefndin sendi athugasemdir til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar við tvö fyrri frumvörpin með bréfum dags. 30. apríl 2008 og 4. mars 2009.

Nú er komið fram þriðja frumvarpið um sama efni. Ekki verður séð við lestur þess að það hafi tekið miklum efnislegum breytingum frá fyrri frumvörpum og því hafi ekki verið tekið tillit til athugasemda sem heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur gert við fyrri frumvörp.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands vísar því til fyrri bréfa sem send voru sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og væntir þess að nú verði eitthvað tekið tillit til athugasemdanna.

Virðingarfyllst,

f.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands



#### Fylgiskjöl:

Bréf HeV til sjávarútvegs – og landbúnaðarnefndar, dags. 30.04.2008.

Bréf HeV til sjávarútvegs – og landbúnaðarnefndar, dags. 04.03.2009.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
Aðalstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 3. júní 2009

## Athugasemd við matvælafrumvarpið, 258 mál, 136. þingi.

Hvalur hf. óskar eftir því að koma á tveimur ábendingum við endurskoðun matvælalöggjafarinnar, sbr. 258. mál, sem lagt var fram á síðasta þingi.

Íslensk matvælalöggjöf verður eftir samþykkt bandormsins samræmd löggjöf Evrópusambandsins til að uppfylla kröfur EES samningsins um óhindruð viðskipti með sjávarafurðir og önnur matvæli inn á Evrópska efnahagssvæðið. Matvæli eru engu að síður flutt á aðra markaði utan Evrópusambandsins og mikilvægt að skýrt sé hvaða reglur gildi um útflutning frá Íslandi á aðra markaði.

Í matvælafrumvarpið vantar almennt ákvæði um útflutning matvæla í lög um matvæli nr. 93/1995, eins og kveðið er á um í 12. gr. reglugerðar 178/2002/EB. Þetta er sambærileg athugasemd og er að finna á bls. 38 í álitsgerð sem unnin var fyrir Bændasamtök Íslands frá 3. september 2008.

Tillaga að nýrri lagagrein sem 20. gr. a, í lögum nr. 93/1995:

„Þau matvæli og fóður sem flutt eru frá landinu til landa utan Evrópusambandsins skulu uppfylla ákvæði þessara laga, nema annars sé krafist af innflutningslandi.

Ef samþykktur hefur verið tvíhliða samningur milli Íslands og innflutningslandsins utan Evrópusambandsins, þá má flytja út matvæli og fóður til innflutningslandsins sem uppfyllir ákvæði þess samnings.

Viðurkennd skjöl og vottorð skulu fylgja sendingum með matvælum og fóðri sem flutt er inn eða út eða er í flutningi milli landa.“


Í matvælafrumvarpið þarf jafnframt að áréttu gildandi ákvæði um að heimilt sé að nota hvaðaafurðir í fóður á innanlandsmarkað. Um þetta er fjallað í núgildandi reglugerð 105/1949, um umbúnað og vinnslu hvalkjöts. Samkvæmt henni er hvalkjöt flokkað í þrjá flokka, en í þriðji flokkurinn tekur til þess kjöts sem fellur til vinnsluna og er heimilt að nota til fóðurgerðar.

Tillaga að nýrri málsgrein í 7. gr.b., í lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota dýraprótein sem unnið er úr fiski og sjávarspendýrum sem fóður eða til fóðurgerðar fyrir búfé og eldisfisk.

Með þessum hætti er verið að staðfesta gildandi reglugerð um vinnslu hvalkjöts í endurskoðaða fódurlöggjöf.

Virðingarfyllst,  
f.h. Hvalur h.f.,

  
Kristján Lofsson

Afrit: Hr. Baldur P. Erlingsson, SLR.

### Hjálagt:

- Tilvísun til 12. gr. reglugerðar 178/2002/EB
- Ljósrit úr álitsgerð frá 3. september 2008, sem unnin var að beiðni Bændasamtaka Íslands
- Reglugerð nr. 105/1949, um umbúnað og vinnslu hvalkjöts

Aðsetur/Head office:  
Reykjavíkurvegi 48  
220 Hafnarfjörður  
Ísland/Iceland

Pósthólf/Postal address:  
P.O. Box 233  
222 Hafnarfjörður  
Ísland/Iceland

Sími/Tel.: + 354 555 0565  
Bréfasími/Fax: + 354 555 1741  
Kt.: 650169-6549  
kl@hvalur.is

Banki/Bankers:  
Landsbanki Íslands hf.  
Aðalstræti 11  
Reykjavík, Ísland/Iceland

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 178/2002**

frá 28. janúar 2002

**um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37., 95. og 133. gr. og b-lið 4. mgr. 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. í sáttmálanum <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Frjálsir flutningar öruggra og heilnæmra matvæla er ein af grunnstoðum innri markaðarins og stór þáttur í því að vernda heilsu og velsæld þjóðfélagsþegnanna og félagslega og efnahagslega hagsmuni þeirra.
- 2) Við framkvæmd stefnumála Bandalagsins ber að tryggja lífi og heilsu manna víðtæka vernd.
- 3) Flutningar matvæla og fódurs innan Bandalagsins geta því aðeins orðið frjálsir að ekki ríki verulegt ósamræmi milli krafna aðildarríkjanna um öryggi matvæla og fódurs.
- 4) Mikið ósamræmi ríkir milli laga aðildarríkjanna um matvæli að því er varðar hugtök, meginreglur og

málsmeðferð. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanir um matvæli getur slíkt ósamræmi hindrað frjálsa flutninga matvæla og leitt til ójafnra samkeppnisskilyrða og haft með þeim hætti bein áhrif á starfsemi innri markaðarins.

- 5) Því er nauðsynlegt að samræma hugtök, meginreglur og málsmeðferð til að mynda sameiginlegan grundvöll fyrir ráðstafanir sem gerðar eru í aðildarríkjum og á grundvelli Bandalagsins og varða matvæli og fódur. Þó er nauðsynlegt að gefa nægilegan tíma til að aðlagða ósamrýmanleg ákvæði í gildandi löggjöf, jafnt í einstökum aðildarríkjum sem á grundvelli Bandalagsins, og sjá til þess að viðeigandi löggjöf sé beitt með hliðsjón af meginreglum þessarar reglugerðar þar til þessari aðlögun er lokið.
- 6) Þar eð vatns er neytt beint eða óbeint í líkingu við önnur matvæli á það sinn þátt í þeim heildarváhrifum sem neytendur verða fyrir frá efnunum sem þeir innbyrða, svo sem aðskotaefnum og örverum. Þegar hafa verið settar reglur um neysluvatn í tilskipunum ráðsins 80/778/EBE <sup>(5)</sup> og 98/83/EB <sup>(6)</sup> og því nægir að taka vatnið til greina frá og með þeim stað þar sem það skal vera í samræmi við tiltekin gildi eins og um getur í 6. gr. tilskipunar 98/83/EB.
- 7) Í lögum um matvæli er rétt að setja kröfur um fódur, t.d. um framleiðslu þess og notkun, ef fódrið er ætlað dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis. Þetta hefur ekki áhrif á samsvarandi kröfur sem gerðar hafa verið fram til þessa og sem gerðar verða í síðari löggjöf um fódur sem tekur til allra dýra, þ.m.t. gæludýra.
- 8) Bandalagið hefur kosið að hafa víðtæka heilsuvernd að leiðarljósi við samningu laga um matvæli sem beitt skuli án mismununar, hvort sem viðskiptin með matvælin eða fódrið fara fram á innri markaðnum eða á alþjóðavettvangi.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 96 E, 27.3.2001, bls. 247.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 155, 29.5.2001, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Álit var skilað 14. júní 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 12. júní 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 17. september 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. desember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 21. janúar 2002.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 229, 30.8.1980, bls. 11. Tilskipunin var felld niður með tilskipun 98/83/EB.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32.

## 7. gr.

**Varúðarreglan**

1. Í sérstökum tilvikum, þar sem mat á fyrirliggjandi upplýsingum leiðir í ljós möguleika á heilsuspillandi áhrifum en vísindaleg óvissa ríkir áfram, er heimilt að samþykkja nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir í áhættustjórnun til að tryggja þá viðtæku heilsuvernd sem Bandalagið hefur kosið sér uns fengist hafa frekari vísindalegar upplýsingar fyrir umfangsmeira áhættumat.

2. Ráðstafanir, sem eru samþykktar á grundvelli 1. mgr., skulu vera í réttu hlutfalli við markmiðið og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er til að ná fram þeirri viðtæku heilsuvernd sem Bandalagið hefur kosið sér, að teknu tilliti til tæknilegrar og efnahagslegrar hagkvæmni og annarra þátta sem nauðsynlegt er að skoða í viðkomandi máli. Ráðstafanir skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma miðað við eðli þeirrar áhættu fyrir líf eða heilbrigði manna, sem greind hefur verið, og þá tegund vísindalegra upplýsinga sem þarf til að eyða vísindalegri óvissu og til að framkvæma umfangsmeira áhættumat.

## 8. gr.

**Vernð hagsmuna neytenda**

1. Í lögum um matvæli skal leitast við að vernda hagsmuni neytenda og gefa neytendum kost á upplýstu vali með tilliti til matvællanna sem þeir neyta. Í lögnum skal leitast við að fyrirbyggja:

- a) sviksamlegar eða villandi starfsvenjur,
- b) svikin matvæli, og
- c) aðrar starfsvenjur sem gætu villt um fyrir neytendum.

## 2. ÞÁTTUR

**MEGINREGLUR UM GAGNSÆI**

## 9. gr.

**Samráð við almenning**

Við undirbúning, mat og endurskoðun á lögum um matvæli skal hafa opið og gagnsætt samráð við almenning, beint eða við fulltrúa hans, nema málið sé svo brýnt að því verði ekki við komið.

## 10. gr.

**Upplýsingar til almennings**

Leiki rökstuddur grunur á um að tiltekin matvæli eða fóður hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra skulu opinber yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir, sem

miðast við eðli, alvarleika og umfang þessarar áhættu, til að upplýsa almenning um eðli áhættunnar fyrir heilbrigði og tilgreina, eins nákvæmlega og unnt er, matvælin eða fóðrið sem um er að ræða, tegund matvæla eða fóðurs, þá áhættu sem kann að vera á ferðum og ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða verða gerðar á næstunni til að fyrirbyggja, draga úr eða eyða þessari áhættu, sbr. þó ákvæði gildandi laga Bandalagsins og aðildarríkjanna um aðgang að skjölum.

## 3. ÞÁTTUR

**ALMENNAR SKYLDUR Í VIÐSKIPTUM MEÐ MATVÆLI**

## 11. gr.

**Matvæli og fóður sem eru flutt inn í Bandalagið**

Matvæli og fóður, sem eru flutt inn í Bandalagið til setningar á markað í Bandalaginu, skulu uppfylla viðeigandi kröfur í lögum um matvæli eða skilyrði, sem Bandalagið viðurkennir að minnsta kosti sem jafngild, eða kröfur í sérsamningi milli Bandalagsins og útflutningslandsins ef slíkur samningur hefur verið gerður.

## 12. gr.

**Matvæli og fóður sem eru flutt út frá Bandalaginu**

1. Matvæli og fóður, sem eru flutt út eða endurútlutt frá Bandalaginu til setningar á markað í þriðja landi, skulu uppfylla viðeigandi kröfur í lögum um matvæli nema annars sé krafist af yfirvöldum innflutningslandsins eða samkvæmt lögum, reglugerðum, stöðlum, reglum um starfsvenjur og annarri lagalegri eða stjórnsýslulegri málsmeðferð sem kann að vera í gildi í innflutningslandinu.

Í öðrum tilvikum, nema þegar matvæli eru heilsuspillandi eða fóður er ekki öruggt, er aðeins hægt að flytja út og endurútflytja matvæli og fóður ef lögbær yfirvöld ákvörðunarlandsins hafa veitt beint leyfi til þess eftir að hafa fengið ítarlegar upplýsingar um ástæðurnar og aðstæðurnar sem leiddu til þess að ekki var hægt að markaðssetja viðkomandi matvæli eða fóður í Bandalaginu.

2. Þegar ákvæði tvíhliða samnings milli Bandalagsins eða eins aðildarríkja þess og þriðja lands eiga við skulu matvæli og fóður, sem eru flutt út frá Bandalaginu eða viðkomandi aðildarríki til viðkomandi þriðja lands, uppfylla þessi ákvæði.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/3149**  
**komudagur 11.9.2008**



Reykjavík, 11. september 2008  
EBI/hó

**Efni: Efni: Beiðni um umsögn BÍ um: Þskj. 825 — 524. mál. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiðdra gerða. (Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)**  
*Tilv: 2008040009*

Á stjórnarfundum Bændasamtaka Íslands þann 10. september sl. var gengið frá umsögn Bændasamtaka Íslands vegna ofangreinds frumvarps og fylgir umsögnin hér með.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

*Eiríkur Blindell*



greinar mættu vera skýrari til að fullnægja ákvæðum 11. gr. reglugerðar 178/2004 að álitum undirritaðra.

Því er lagt til að setja nýja grein í frumvarpið, en nota má eftirfarandi texta sem tillögu:

Matvæli og fóður sem flutt er til landsins skal uppfylla ákvæði þessara laga og þeirra reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og ef alþjóðsamningur er milli útflutningslands og Íslands má flytja inn matvæli og fóður á grundvelli ákvæða þess samnings svo framarlega sem slíkt brýtur ekki gegn ákvæðum um matvælaöryggi.

#### D.

Í frumvarpið vantar ákvæði um útflutning, eins og kveðið er á um í 12 gr. reglugerðar 178/2004. Þetta skiptir máli fyrir matvælaeiðnaðinn þar sem komið er í veg fyrir að framleiddar séu lággæða vörur til útflutnings til landa utan EES. Slíkur útflutningur gæti skaðað ímynd íslenskrar matvælaframleiðslu. ESB -reglur kveða einnig á um þann möguleika að gerðir séu sérstakir samningar við einstök lönd sem hafa aðrar kröfur en gilda innan EES.

Eftirfarandi texti er settur fram sem tillaga í þremur liðum sem gæti verið grunnur að nánari útfærslu:

x

Þau matvæli og fóður sem flutt eru frá landinu til landa utan EES skulu uppfylla ákvæði þessara laga nema annars sé krafist af innflutningslandi svo framarlega sem matvælin uppfylla ákvæði um matvælaöryggi.

Ef samþykktur hefur verið alþjóðsamningur milli Íslands og innflutningslandsins, þá má flytja út matvæli og fóður til innflutningslands sem uppfyllir ákvæði þess samnings, svo framarlega sem þau uppfylla ákvæði um matvælaöryggi.

y

Alþjóðlega viðurkennd skjöl og vottorð skulu fylgja sendingum með matvælum og fóðri sem er flutt inn eða út eða er í flutningi milli landa.

Skjöl og vottorð sem getið er um í 1. mgr. skulu vera frumrit sem auðkennd eru með hlaupandi númeri og skrifuð á skrifuð á íslensku og tungumáli innflutningslandsins.

z

Matvæli sem flutt eru til landsins og eru ætluð til neyslu um borð í millilandafarartækjum eru undanþegin ákvæðum fyrri greina. Ráðherra setur nánari reglur um meðferð slíkra matvæla.

Matvæli og matvælaleifar sem flutt eru til landsins um borð í millilandafarartækjum og ætluð voru til neyslu um borð skal meðhöndla eins og kveðið er á um í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með áorðnum breytingum.

#### E.

Í reglugerðum ESB er lögð áhersla á að aðstoða lítil og meðalstór fyrirtæki. Það er þekkt staðreynd að það getur verið erfitt og flókið fyrir stjórnendur þeirra að setja upp innra eftirlit. Því hefur ESB útbúið eigin leiðbeiningar auk þess sem heimildir finnast í reglugerðum til að nota leiðbeiningar sem starfsgreinar útbúa sjálfar. Þetta gæti t.d. verið nokkurs konar staðlað innra eftirlit þar sem er að finna allar verklagsreglur og eyðublöð. Slíkar leiðbeiningar hafa verið gefnar út og eru í notkun í aðildarríkjum ESB.

Ákvæði af þessu tagi eru talin mikilvæg fyrir landbúnaðinn og úrvinnslufyrirtæki. Það horfir því til bóta að vísa til slíkra reglna með einhverjum hætti í löggjöf. Því er lagt til að bæta við frumvarpið grein um þetta efni.

#### F.

Í frumvarpinu er hvergi getið um nýfæði, fæði sem ætlað er sykursjúkum né erfðabreytt matvæli. Það getur verið mikilvægt fyrir íslenskan landbúnað að þessar fæðutegundir séu skilgreindar þannig að hægt sé ákveða hvernig þær verða meðhöndlaðar.

Lagt er til að bæta greinum við frumvarpið sem skilgreina þær annars vegar og fjalla um meðhöndlun þeirra hins vegar.

#### G.

Lagt er til að bæta í lögum nýrri grein um að Matvælastofnun útbúi neyðaráætlun (sjá 13 gr. 882/2004). Það er mikilvægt atriði fyrir alla, ef upp koma alvarleg tilfelli svo sem matareitranir eða -sýkingar, að málin séu tekin fyrir án tafa og á skipulega hátt. Ákvæði um þetta vantar í frumvarpið.

Lagt er til að bæta við eftirfarandi grein:

Matvælastofnun ber að setja upp neyðaráætlun sem nota skal ef fólki eða dýrum stafar bráð hættu af matvælum eða föðri sem ekki er hægt að koma í veg fyrir með gildandi ákvæðum. Áætlunin skal fjalla um aðstæður sem gætu leitt til aðgerða, verklag, upplýsingaflæði og samskipti.

**REGLUGERÐ****um vinnslu og umbúnað á hvalkjöti.****I. KAFLI****Almenn ákvæði.****1. gr.**

Hvalkjöt, sem ætlað er til sölu, skal farið með og búið um samkvæmt reglum þessum.

**2. gr.**

Hvalveiðimönnum og þeim, sem verka og búa um hvalkjöt, er skylt að hlýta þeim reglum, sem atvinnumálaráðuneytið setur í samráði við dýralækna og eftirlitsmenn á þessu sviði.

**II. KAFLI****Blóðtæming, kviðrista og hvaldráttur.****3. gr.**

Alla hvali, sem dregnir eru á land til vinnslu, skal blóðtæma, svo fljótt sem auðið er, þó aldrei síðar en  $\frac{1}{2}$  klst. eftir aflífun. Blæðingin skal framkvæmd á þann hátt, að opna hinar stóru hálsslagæðar.

**4. gr.**

Á stórhveli skal strax gerð 2 metra löng kviðrista, svo að innfli losni meðan á drættinum stendur og sjór geti leikið um kviðholið til hreinsunar og kælingar. Smáhveli skal einnig rista á kvið, sé það ekki skorið strax um borð.

**III. KAFLI****Hvalskurður á landi.****5. gr.**

Hvalskurður skal hafinn um leið og hvalurinn er kominn að landi á þar til gerðum skurðfleti.

**6. gr.**

Skurðflötur verður að vera hreinn og hafa nægilegan halla, svo að vatn og blóð o. fl. geti runnið af honum. Kjötið má ekki snerta skurðflöt. Það skal skorið í hæfilega stór stykki og lagt í körfur, kassa eða vagna til flutnings beint í kælírum.

Í kælírumi skal kjötið strax eftir skurð hengt upp á króka úr alumínium eða ryðvörðum vír. Í kælírumi skal vera gegnumblástur og kjötið kælt þar í 5 til 3 gráður Celsius.

**IV. KAFLI****Flutningur kjötsins til umbúastöðva og frystihúss.****7. gr.**

Frá kælírumi skal kjötið flutt í alumíniumkössum eða þvillikum hreinlegum umbúðum til umbúastöðva. Meðan á flutningi stendur skal svo um kjötið búið, að hvorki regn, ryk eða önnur óhreinindi komist að því.

## V. KAFLI

105

Matskröfur við afhendingu í hvalveiðistöð.

30. júlí

## 8. gr.

Hvalkjötsskoðun skal dýralæknir hafa á hendi. Allt óheilnæmt hvalkjöt skal dæma óhæft til manneidis, svo og ef eftirtaldir sjúkdómar eru fyrir hendi:

1. Blóðleysi (anæmia).
2. Mör-stór, með eða án dreps (gangræn).
3. Snikjudýr (parasítar) víða í kjöti.
4. Bjúgur í stórum stíl.
5. Megurð, megn.
6. Hitasótt (acut).
7. Gula.
8. Illkynja æxli.
9. Júgurbólga (acut, septic).
10. Melanosis (general).
11. Legbólga (acut, septic).
12. Þvag í blóði eða þvaglykt af kjöti.
13. Pericarditis (septic).
14. Lungnabólga (gangrænous).
15. Pyæmia.
16. Septicæmia eða septiskar eitranir.

## 9. gr.

Við afhendingu á verkunarstöð skal kjötið vera nýtt og laust við spik, þykkar himnur, lausar eða stórar sínar, fituhnykla, innyfli og hvítu himnuna milli spiklags og kjöts.

## VI. KAFLI

Vinnustöðvar.

## 10. gr.

Vinnuherbergi, þar sem hvalkjöt er verkað og um það búið, skulu vera heilnæm og hjört, með vatnsleiðslum eða aðgangi að sjó, sem hægt sé að dæla inn eftir þörfum. Dýralæknar og eftirlitsmenn skulu hafa eftirlit með vinnuherbergjum. Sýnishorn af vatni má taka til rannsóknar. Reynist vatnið óhreint má stöðva starfsemi, þar til bót er á því ráðin. Til þess að vinnuherbergi geti talizt heilnæmt, verður gólf þess, veggir og loft að vera úr efni, sem auðvelt er að halda hreinu og beflausu. Sama gildir og um áhöldin, sem notuð eru.

## 11. gr.

Strangasta hreinlæti verður að hafa við alla vinnu við hvalskurðinn. Vinnuherbergi og áhöld skulu vandlega hreinsuð dag hvern að verki loknu. Allan úrgang skal tafarlaust fjarlægja frá þeim stöðum, þar sem hvalkjöt er verkað, geymt eða sett í umbúðir. Fólk, sem verkar og býr um kjöt, skal vera hreinlátt og þrifalega til fara. Bannað er að reykja og hrækja á vinnustöðvum. Skytt er og að gæta þrifnaðar úti umhverfis vinnustöðvar.

## VII. KAFLI

Móttaka, hreinskurður, mat o. fl.

## 12. gr.

Við móttöku hvalkjöts, vigtun, flokkun og umbúnað skal forðast, að það sóttmengist eða rýrni að gæðum.

105

30. júlí

Kjötið skal hreinskorið á þar til gerðum borðum. Hið hreinskorna kjöt skal lagt á ristar, ef þörf gerist, og verður að vera vel kælt áður en það er sett í umbúðir.

13. gr.

14. gr.

Hvalkjöt er flokkað þannig:

A. Til manneldis:

I. flokkur: Steikarkjöt.

II. flokkur: Pylsukjöt.

B. Til skepnufóðurs eða áburðar:

III. flokkur: Úrgangskjöt.

Með steikarkjöt í I. flokki er átt við bita af hreinskornu hvalkjöti, skorið úr hrygg og síðuvöðvum hvalsins. Í því mega ekki vera himnur, spik, brjósk eða breiðar sinalengjur. Af minni sinatægjum má eigi vera nema mjög lítið í kjötinu.

Fita má ekki sjást í steikarkjöti.

Pylsukjöt er smáskorið kjöt og tungukjöt.

Allt annað kjöt er notað sem skepnufóður eða áburður.

15. gr.

Það er á valdi dýralæknis, sem kjötskoðunina annast, að banna að afhenda slæmt hvalkjöt til manneldis.

16. gr.

Gæðamat á hvalkjöti annast kjötmatmenn undir umsjón yfirkjötmatsmanns og ber þeim að hlíta þeim fyrirmælum, sem hann gefur. Kjötmatmenn skulu skipaðir af hlutaðeigandi lögreglustjóra eftir tilnefningu yfirkjötmatsmanns.

Á hvalveiðistöð skal ætíð starfa kjötmatmaður. Hann metur kjötið og flokkar strax og kjötskurður hefst, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er þar á staðnum. Kjötmatmaður skal starfa á þökkunar- og frystistað og framkvæmir þar endanlegt mat og flokkun á kjötinu og sér um, að vinnubrögð þar séu öll hin beztu.

Kostnað við matið greiði hlutaðeigandi hvalveiðistöð, svo og þann kostnað, sem yfirmatsmaður kann að hafa varðandi eftirlitið o. þ. u. l.

17. gr.

Við framkvæmd hvalkjötsskoðunarinnar hafa dýralæknar og matsmenn aðgang að öllum vinnustöðvum og geymslustöðum. Þeir hafa og rétt til að opna umbúðir með hvalkjöti og taka sýnishorn af því til rannsóknar.

18. gr.

Skoðunarmenn geta stöðvað sendingar, ef verulega er brugðið út af settum reglum um vinnslu hvalkjötsins, umbúnað, frystingu eða flutning.

## VIII. KAFLI

### Umbúnaður á nýju og ísvörðu hvalkjöti.

19. gr.

Nýtt hvalkjöt, sem sent er og selt til manneldis innanlands, skal setja í hreina, nýja kassa af ákveðinni stærð eða aðrar umbúðir, sem viðurkenndar eru af yfirmatsmanni. Taki flutningur kjötsins lengri tíma en sólarhring, skal smámulinn ís látinn í kassana, ef aðrar kæliaðferðir eru ekki notaðar. Undir kassalokinu skal pergament- eða pergaloïdpappír látinn hylja kjötið.

Séu kassar með ísvörðu kjöti ekki sendir þegar af stað, verður að geyma þá á 105 svo köldum stað, að isinn bráðni ekki, nema að nýr is sé settur í kassana áður en 30. júlí þeir eru sendir af stað. Ekki má negla lokin á kassana fyrr en rétt áður en flutningur hefst.

## IX. KAFLI

Verkun á frosnu hvalkjöti, umbúnaður, frysting og geymsla.

20. gr.

Í frystingu má aðeins láta gott hvalkjöt, sem verkað hefur verið samkvæmt settum reglum. Kjötið skal fryst strax og það er komið í umbúðir.

21. gr.

Við frystinguna má kjötið ekki koma í snertingu við kælivökva eða kælivélar.

22. gr.

Kjötið skal vera gegnfrosið innan 4 klukkustunda.

23. gr.

Hvalkjöt skal fryst og geymt í sérstökum kæliklefum. Hvalkjöt, sem ætlað er til skepnufóðurs, skal geymt út af fyrir sig í sérstökum klefum.

Skyt er verkstjórum hraðfrystihúsa að sjá um, að hvalkjötskössunum sé þannig hlaðið, að þeir séu að minnsta kosti 5—10 cm frá gólfi, veggjum og kælivélum. Kjötið skal geymt í 15 gr. C. kulda eða þar yfir.

## X. KAFLI

Umbúðir og merking.

24. gr.

Hvalkjötsumbúðir skulu merktar:

1. Kjöttegund, sbr. 14. gr.
2. Þyngd.
3. Dagsetning frystingar, sé um hana að ræða.

Til merkingar skal notað: Brennimörk, gúmmistimpla eða merki úr málmí.

## XI. KAFLI

Flutningur á nýju og frystu hvalkjöti.

25. gr.

Fara skal varlega með hvalkjöt i kössum og öðrum umbúðum.

Við flutninga á landi og útskipun ber að varast harkalega og óhreinlega meðferð. Ekki má setja kassa með ísvörðu hvalkjöti upp á endann. Sérstaklega ber að forðast að láta lítt kælt kjöt liggja í umbúðum umfram það, sem nauðsynlegt er.

## XII. KAFLI

Bann gegn innanlandssölu og útflutningi ýmsra tegunda hvalkjöts.

26. gr.

Ekki má flytja til útlanda aðra flokka hvalkjöts en steikarkjöt og pylsukjöt, sbr. 14. gr.

1949

218

105

27. gr.

30. júlí Bannað er að flytja út hvalkjöt, sem ekki er fryst samkvæmt fyrirmælum reglugerðar þessarar.

28. gr.

Bannað er að afhenda hvalkjöt, sem við skoðunina reynist ekki heilnæmt og nýtt eða vegna óbragðs getur ekki talizt hæf verzlunarvara.

29. gr.

Hvalkjöt, sem ætlað er til manneidis, skal við afsendingu vera þannig, að ætla megi það hæft til manneidis, þegar það er komið á ákvörðunarstað.

### XIII. KAFLI

#### Undanþáguákvæði m. m.

30. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett nánari reglur og veitt undanþágu frá reglugerðarákvæðum þessum, ef það telur ástæðu til.

31. gr.

Prentað eintak þessarar reglugerðar skal vera á áberandi stað á öllum hvalveiðistöðvum og á öðrum vinnustöðvum, þar sem unnið er að hagnýtingu hvalkjöts.

32. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92/1935 og lögum nr. 26/1949, til að öðlast gildi þegar i stað.

*Atvinnumálaráðuneytið, 30. júlí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

106

4. ágúst Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Sturlu Jónssonar, kaupmanns í Reykjavík, til minningar um foreldra hans, Jón Pétursson háyfirdómara og Sigprúði Friðriksdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. ágúst 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

### SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Sturlu Jónssonar, kaupmanns í Reykjavík, til minningar um foreldra hans, Jón Pétursson háyfirdómara og Sigprúði Friðriksdóttur.

1. Sjóðurinn nefnist Gjafasjóður Sturlu Jónssonar til styrktar fátækum börnum, er þarfnast spítalavistar á barnaspítala þeim, er kvenfélagið Hringurinn í Reykjavík gengst fyrir byggingu á.

2. Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — í 1. veðréttar-

Alþingi  
Erindi nr. **D** 137/799  
komudagur 22.9.2009



Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Control Agency  
Eiðistorg 13-15, 172 Seltjarnarnes  
P.O. Box 180; Kennitala: 670900-2740  
Tel: +(354)-520-2100, Fax: +(354)-561-2170  
[www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is) - [lyfjastofnun@lyfjastofnun.is](mailto:lyfjastofnun@lyfjastofnun.is)

Seltjarnarnes, 21. september 2009  
Tilvísun: 061-1 / Málsnr:2009080256

### Umsögn Lyfjastofnunar um 147. mál;

frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Vísað er til erindis frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, dags. 24. ágúst sl., þar sem óskað er umsagnar Lyfjastofnunar um frumvarpið. Aðkoma Lyfjastofnunar að málinu er tengd umfjöllun þess um fæðubótarefni. Stofnunin hefur áður skilað inn efnislegri umsögn um málið þegar það var lagt fram sem 524. mál á 135. löggjafarþingi. Efnislega hafa athugasemdir Lyfjastofnunar verið teknar til greina, sbr. orðalag 8. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þá grein.

### Um 8. gr.:

Eitt atriði stendur eftir sem getur valdið misskilningi; Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins er óheimilt að flytja til landsins eða markaðssetja matvæli eða fæðubótarefni sem innihalda lyf eða lyfjavirk efni *sem falla undir ákvæði lyfjalaga*. Því er skilmerkilega lýst í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins að vara sem hefur verið markaðssett og kynnt sem fæðubótarefni og inniheldur lyfjavirkt efni eða efnasamband sé ólöglegt fæðubótarefni og slíka vöru skuli taka af markaði á grundvelli *matvælalaga*. Í fyrrgreindri umsögn Lyfjastofnunar er tekið fram að það sé álit Lyfjastofnunar að til þess að efni eða efnasamsetning falli undir skilgreiningu lyfjalaga á hugtakinu lyf, þurfi efnið eða efnasamsetningin að hafa verið framleitt sem lyf og markaðssett sem lyf að undangenginni veitingu markaðsleyfis Lyfjastofnunar, sbr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994. Það sé því álit Lyfjastofnunar að jafnvel þótt fæðubótarefni innihaldi lyfjavirkt efni eða efnasamband þá falli slík vara ekki undir skilgreiningu á hugtakinu lyf samkvæmt lyfjalögum, þ.e. að um sé að ræða fullbúið lyf, heldur sé varan enn fæðubótarefni sem fellur undir reglugerð nr. 624/2004, enda hefur hún verið markaðssett og kynnt sem fæðubótarefni, en ekki sem lyf í skilningi lyfjalaga.


Með vísan til framangreinds er það mat Lyfjastofnunar að skáletruðu orðin „*sem falla undir ákvæði lyfjalaga*“ séu óþörf í 8. gr. frumvarpsins og til þess fallin að flækja réttarstöðuna.




Hinar ágætu skýringar sem fram koma í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins skýra stöðuna, þ.e. að á málunum sé tekið á grundvelli matvælalaga, en skáletraður texti frumvarpsins er ekki í fullu samræmi við þann skilning.

**Tillaga að 8. gr.:**

Óheimilt er að flytja til landsins eða markaðssetja matvæli eða fæðubótarefni sem innihalda lyf eða lyfjavirk efni.

  
Rannveig Gunnarsdóttir

  
Helga E. Þórisdóttir

Til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis.

Með bréfi dagsettu 24/8 2009 óskar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn undirritaðrar um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá 1. kafla 1. viðauka við EES-samninginn, 147. mál, matvælalöggjöf, EES reglur. Skál nú reynt að verða við þeirri ósk.

Ég hef áður samið þrjú álit vegna eldri gerða frumvarpa um þetta sama efni. Árið 2008 samdi ég tvö álit vegna fyrstu gerðar frumvarpsins, annað að beiðni sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, hitt að beiðni Bændasamtakanna, sem þá unnu að álitu, er þau sendu Alþingi íseptember 2008.

Bændasamtökin birtu álit mitt óstytta í Bændablaðinu 23/9 '08.

Ég leit svo á, að ég væri beðin um þessar umsagnir vegna langrar starfsreynslu í sýklafræði og við sóttvarnir og reyndi þar að benda á ýmislegt, sem við yrðum að taka tillit til við breytingar á löggjöf okkar. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan ég samdi þessar umsagnir og mikil nýliðun varð á Alþingi eftir síðustu kosningar. Vegna þeirra nýju þingmanna, sem koma nú í fyrsta skipti að þessu máli leyfi ég mér hér með að leggja þessar umsagnir fram að nýju og merki þær fylgiskjöl 1 og 2 með þessu álitu.

Í desember veturinn 2008 var önnur gerð frumvarpsins lögð fram, og í febrúar 2009 var ég aftur beðin að senda umsögn til þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Ég bar þá þessa nýju gerð frumvarpsins eins vel og mér var unnt saman við meín-gallaða fyrstu gerð frumvarpsins. Ekkert, sem kom sóttvörnum og sýkingarhættu við, hafði breyttst, svo að þessi gerð frumvarpsins var að mínu mati engu betri en frumgerðin. Þann 14. mars 2009

sendi ég þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd umsögn, sem ég legg hér með og merki Fylgiskjal 3. Þar vísa ég alveg sérstaklega til 10. greinar gildandi íslenskra laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, laga no. 25/1993, sem ætlunin var að fella niður EES undanþágu fyrir, og galopna þar með allar gáttir fyrir óheftum innflutningi á hrámeti og húðum úr sláturhúsum í þeim 27 löndum, sem nú eru í Evrópusambandinu.

Ísland getur ekki gengist undir svona löggjöf. Eyja lengst norður í Atlantshafi með mjög fáa landlæga sýklstofna, ef miðað er við þéttbýlið og náttúrufarið í mun hlýrra loftslagi á meginlandi Evrópu, og búfjárstofna, sem voru fluttir hingað á landnámsöld og hafa búið hér með okkur síðan í einangrun frá öðru búfé, hlýtur að verða fyrir tjóni af slíkum glannaskap. Hefur ekki þegar orðið hér nóg tjón af mannavöldum og skorti á löggjöf, sem kemur í veg fyrir slys.

Við þriðju gerð frumvarpsins, sem liggur nú fyrir Alþingi og núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd óskar umsagnar um, hefur verið gerð á frumvarpinu sú nauðsynlega grundvallar-breyting að 10. grein gildandi íslenskra laga um varnir gegn dýrasjúkdómum er ætlað að gilda áfram og hefta hættulegan innflutning á hrámeti úr erlendum sláturhúsum væntanlega á þeirri EES undanþágu, sem við fengum í upphafi og verðum að halda inni í væntanlegum aðildarviðræðum. Ég sakna þess þó að ekki er lengur minnst sérstaklega á húðir og skinn í frumvarpinu, og veit ekki hvort þær vörur eru bara almennt taldar sláturafurðir. Ég nefni þetta vegna þess að talið er að ósútuð hrá skinn í skæði hafi á sínum tíma borið hingað miltisbrand, sem er hér enn í jarðvegi þar sem hræ af sýktum dýrum

voru grafin fyrir áratugum síðan. Þetta er mjög lífseig og hættuleg baktería, og ekki gott að fá meira af henni hingað.

Á síðari árum hafa risið hér upp nýjar búgreinar, kjúklinga- og svínabú, sem hafa náð glæsilegum árangri, þegar litið er til hreinleika afurðanna miðað við það, sem gerist í öðrum löndum. Um hreinlæti og sóttvarnir á svína- og hænabúum hér hafa gilt strangari reglur en gilt hafa í Evrópusambandinu. Hér hefur kampylobakteríu- og salmonellusýkingum verið haldið í algjöru lágmarki síðustu 10 árin. Er það mun meiri neytendavernd en í Evrópusambandslöndunum, þar sem nær ekkert er gert til að forðast kampylobakteríur og salmonellufaraldrar standa stundum lengi, t.d. faraldur í Danmörku nokkur allra síðustu árin. Ef reglur Evrópusambandsins verða teknar upp hér í svína- og hænabúum minnkar neytendaverndin hér til muna og sú mikla vinna, sem lögð hefur verið í hana á undanförunum árum, verður að engu. Það er nefnilega stundum hægt að gera betur á einu afmörkuðu svæði en hægt er að komast yfir í heilli heimsálfu þar sem hreinlætisaðstæður eru mismunandi. Mér sýnist á frumvarpinu að ætlunin sé að innleiða mikið af hráu regluverki Evrópusambandsins, og legg til, að fyrst verði allt það regluverk sem á að innleiða vandlega borið saman við gildandi lög og reglur hér, svo að við getum haldið áfram því, sem betur er gert hér, án þess að starfsmennirnir séu að brjóta lög.

Í fylgiskjali 3 með þessari umsögn er að finna bréf frá prófessor Karli G. Kristinssyni, yfirlækni sýkladeildar Landspítalans, um ástand salmonellusýkinga árið 2008. Ég legg einnig hér með ljósrit af athyglisverðri grein, sem var í Morgunblaðinu 28/5 '08 (Fylgiskjal 4), þegar frumgerð þessa frumvarps var til umræðu á Alþingi.

Ofarlega á bls.34 í þessari þriðju gerð frumvarpsins, þ.e. neðst í 3. kafla athugasemdanna, er þess getið, að ESB og EES reglur geri ráð fyrir því, að unnt sé að grípa til neyðarráðstafana undir sérstökum kringumstæðum, en sönnunarbyrði ríkis, sem það gerir, sé rík, Nú ætla ég að biðja hvern lesanda þessarar umsagnar að staldra við, taka upp fylgiskjal 1, sem ég legg hér með, og lesa þar bls.1-4. Sá texti er að mestu um kúariðu og hvernig reglur Evrópusambandsins verkuðu á útbreiðslu hennar. Hvernig þarf sú sönnun eiginlega að vera til að undanþága frá innflutningi fáist, þegar ekki dugar til, að í gangi sé banvænn og ólæknandi lömunarsjúkdómur, sem búinn er að drepa tugi ungs fólks, eins og kúariðan gerði í Bretlandi, að ekki sé nú talað um kúadauðann sjálfan, sem hafði verið þar um allt land í mörg ár og engin hjörð var laus við. Stundum er betra fyrir eitt land að hafa ekki afsalað sér fullveldi sínu til að ráða eigin sóttvörnum.

Oftrú á vottorð og skriffinnsku er eitt af einkennum ESB. Ekki er einu sinni óhætt að treysta upprunavottorðum matvæla, sem þaðan koma. Þau þýða aðeins, að meirihluti vörusendingar sé framleiddur í upprunalandinu, en útflytjandinn má bæta í byrgðir sínar vörum framleiddum annars staðar í ESB löndum, þar sem aðstæður til hreinlætis geta verið aðrar og verri en í meintu upprunalandi. Oft hefur komið fyrir, að sýklar, t.d. salmonellur, hafi vaxið úr vörum, sem eru vottaðar hreinar skv. ESB reglum. Bæði Finnar og Svíar hafa staðfest þetta.

Á seinni árum hafa orðið loftslagsbreytingar, svo að hlýnað hefur á norðurhveli jarðar. Nú koma þar upp sjúkdómar, sem áður fundust aðeins á heitari svæðum. Sláturdýr, sem eru einkennalausir smitberar slíkra eð annarra nýrra sjúkdóma á nýju svæði geta orðið vandamál í matvælaíðnaðinum á næstu árum, rétt eins

og kýr, sem bera í sér kúariðusýkla og sýkja menn, sem borða af þeim kjötið. Sóttvarnafólk þarf að vera í viðbragðsstöðu í framtíðinni og má ekki vera bundið í staðlað regluverk sýndar-  
eftirlits, sem gerir ekki ráð fyrir skjótum viðbrögðum, ef þau hindra frjálst flæði vöru. Þegar hætta steðjar að, verður að vera hægt að bregðast við henni með öllum tiltækum ráðum.

Þeim peningum er á glæ kastað, sem verja á í meiri gagnslausa skriffinnsku en þegar er gert. Það er einnig óþarfi að kosta uppá sérstakar eftirlitsstöðvar fyrir innflutning frá ríkjum utan ESB, sem oft hafa á boðstólnum miklu hreinni vöru en þar sem fæst, t.d. andfætlingar okkar í Eyjaálfu, sem hefur fábreytta sýklaflóru rétt eins og við. Það er svæði, sem við ættum að taka okkur til fyrirmyndar. Þar hafa stjórnvöld gætt þess vel að flytja ekki inn búfjársjúkdóma, heldur flytja út ósýkt matvæli. Það gætum við líka gert, ef rétt er á málum haldið.

Reykjavík 16/9 2009,

  
Margrét Guðnadóttir, veirufræðingur.

Fylgiskjöl:

- 1, Umsögn send sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis 24/4 '08.
2. Umsögn send Bændasamtökunum í ágúst 2008.
3. Umsögn send sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis 4/3 '09.
4. Grein úr Morgunblaðinu 28/5 2008.



Nefndasvið Alþingis  
Landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. september. 09

## Lög um matvæli 147. mál, (breytingar)

Umsögn Matvæla og veitingafélags Íslands (MATVÍS) um frumvarp til laga um breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum. Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafafþingi 2009

MATVÍS leggur áherslu á mikilvægi þess að lög um matvæli skulu tekin til gagn Gerrar endurskoðunar og að rekjanleiki og varúðaraðgerðir komi inn. MATVÍS telur þó að lengra hefði mátt ganga varðandi kröfuna um innihaldsmerkingar og innihaldslýsingu. Þó ber að fagna að í lagafrumvarpinu eru ákvæði um merkingar á erfðabreyttum matvælum og erfðabreyttu fóðri.

Það er ástæða til að áréttta að innan matvæla- og veitingageirans eru löggiltar iðngreinar þar sem iðnmeistarar eru ábyrgir fyrir því handverki sem unnið er.

Það ber einnig að hafa í huga að aukinn innflutningur á matvælum getur haft veruleg áhrif á innlenda matvælaframleiðslu og þá starfsöryggi þeirra sem starfa við slíka framleiðslu. Tryggja verður að breytingar á matvælaöggjöf hafi ekki í för með sér veikari stöðu innlendar matvælaframleiðslu gagnvart innfluttum matvælum. Ef við stöndum frammi fyrir því að verk- og hugvit í landbúnaði og framleiðslu matvæla hér á landi glattist vegna fækkunar í þessum greinum, verður þeirri þróun ekki snúið við á einni nóttu komi til enn frekari hækkana eða þrenginga á heimsmarkaði með matvæli.

Hjálögð fylgir grein sem birtist í fréttabréfi MATVÍS 2008, þar sem fram kom ýmsar hugleiðingar um matvælaöryggi og stöðu innlendar matvælaframleiðslu í umhverfi ört hækkandi matvælaverðs í heiminum, nefndarmönnum til ánægju og upplýsingar.

MATVÍS gerir að tillögur að eftirtöldum breytingum á texta við frumvarpið..

## I. KAFLI Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum

Í 6. gr. frumvarpsins segir m.a.:  
„Heimilt er að binda starfsleyfi tilteknum skilyrðum.“

### Áherslur MATVÍS

MATVÍS bendir á að með þessu ákvæði er verið að opna fyrir heimild til að binda starfsleyfið ákveðnum skilyrðum án þess að þau skilyrði séu nánar tilgreind. Nauðsynlegt er að skilyrði fyrir starfsleyfi séu skýr og sýnileg öllum þeim sem starfa í matvælafyrirtækjum. MATVÍS gerir það að tillögu sinni að við þessa grein bætist: „SVO sem gera kröfu til menntunar starfsmanna og að meistari sé ábyrgur samkvæmt lögum nr. 42/1978 fyrir því að farið sé að kröfum.“

Í 6. gr. frumvarpsins segir einnig: „Í starfsleyfi skal tilgreina stjórnanda og staðsetningu....“

### Áherslur MATVÍS

MATVÍS gerir það að tillögu sinni að við þessa grein bætist: „meistara ef um löggilta iðngrein er að ræða“ þannig að greinin hljóði svo: „Í starfsleyfi skal tilgreina stjórnanda / meistara ef um löggilta iðngrein er að ræða, og staðsetningu....“

Í 7. gr. frumvarpsins segir m.a.: „Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð .....“

Þar segir einnig: „Starfsfólk, sem starfar við framleiðslu matvæla eða dreifir þeim, skal gæta hreinlætis við störf sín. Það skal hafa þekkingu á meðferð matvæla. Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á að fræðsla fari fram fyrir starfsfólkið. Ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið.....“

### Áherslur MATVÍS

MATVÍS leggur áherslu á að forsenda þekkingar sé menntun. Það verður að koma skýrt fram í lögum að ábyrgð sé þeirra sem menntunina hafa enda í einhverjum tilfellum um löggiltar starfsgreinar að ræða.

MATVÍS gerir að tillögu sinni að við þessa grein bætist við: „Stjórnendur/meistarar matvælafyrirtækja bera ábyrgð .....“

Einnig: „Starfsfólk, sem starfar við framleiðslu matvæla eða dreifir þeim, skal gæta hreinlætis við störf sín. Það skal hafa menntun/ þekkingu á meðferð matvæla. Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á að fræðsla fari fram fyrir starfsfólkið. Ráðherra er heimilt að skal setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið sé ekki gerð krafa til sveinsréttinda eða annarra starfréttinda .....“



Í 11. gr. frumvarpsins segir m.a.: „Leitast skal við að vernda hagsmuni neytenda og gefa neytendum kost á upplýstu vali með tilliti til matvælananna sem þeir neyta.“

Þar segir einnig: „Þannig skal leitast við að fyrirbyggja framleiðslu og markaðssetningu svikinna matvæla, sviksamlegar eða villandi starfsvenjur og aðrar starfsvenjur sem gætu villt um fyrir neytendum.“

### **Áherslur MATVÍS**


MATVÍS leggur á það áherslu skýrt sé með hvaða hætti hagsmunir neytenda séu tryggðir og hvernig upplýsingar séu lagðar fram til að gefa neytendum kost á upplýstu vali. Á neytandi td. kröfu á framleiðanda matvöru vegna íblöndunar- eða bindiefna sem sprautað er í kjöt og þess ekki getið í innihaldslýsingu? Hver er skylda framleiðanda eða söluaðila erfðabreyttrar matvöru til að upplýsa neytandann um innihald slíkrar vöru?

MATVÍS hefði vilja sjá skýringar á því hverjar aðrar starfsvenjur sem gætu villt um fyrir neytendum gætu verið, falli þær ekki undir sviksamlegar eða villandi starfsvenjur eins og segir í frumvarpinu.

### **Að lokum.**

Það verður að vera tryggt að ekki sé verið að tefla á tæpasta vað varðandi áhættu á að fá inn til landsins áður óþekkt sjúkdóma í okkar viðkvæmu náttúru og dýralíf. Til þess að fyrirbyggja fjölgun á sjúkdómstilfellum vegna neyslu matvæla hefði verið eðlilegra að sjá ákvæði um skyndiskoðun og sýnatöku til rannsóknar á búfjár- og sjávarafurðum væri framkvæmd strax við komuna til landsins. Það er nokkuð seint að taka sýni og setja í rannsókn þegar afurðir eru komnar í verslun, á veitingastaði eða heimili neytenda.

Virðingarfyllst



Níels S. Olgeirsson  
Formaður MATVÍS

## Fæðuöryggi þjóðarinnar

### Þjóðrækni eða sjálfbærni

Eigum við að velja íslenskar landbúnaðarafurðir vegna hollustu þeirra eða hollustu okkar við íslenska framleiðslu? Á nýafstöðnu búnaðarþingi fjallaði Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson um hversu mikilvægt það væri að við Íslendingar byggjum við fæðuöryggi. Hann hvatti til þess að gerður yrði sáttmáli við bændur landsins sem tryggði fæðuöryggi þjóðarinnar þótt þróunin í veröldinni væri óhagstæð. Hvað felst í hugtakinu fæðuöryggi? Það er þýðing á enska hugtakinu „Food security“ og vísar til þess að samfélag hafi aðgang að nægum matvælum. Í hugtakinu getur því falist að við sem þjóð séum sjálfum okkur næg er varðar matvælaframleiðslu. Það getur líka þýtt að við höfum aðgang að mörkuðum sem tryggja okkur nægt framboð matvæla. En er það svo tryggt að viðskipti við aðrar þjóðir veiti okkur þetta fæðuöryggi? Það kann að vera að afnám tolla og viðskiptasamningar geri okkur sem neytendum kleyft að nálgast ódýrari matvöru og fjölbreyttari. Staðan er þó sú að samkeppnin í heiminum um matvæli fer harðnandi. Stórar þjóðir eins og sú kínverska eru farnar að flytja inn matvæli, áburð og kjarnfóður í stórum stíl. Þetta hefur valdið hækkandi heimsmarkaðsverði. Hækkun á áburði, kjarnfóðri og aðföngum bitnar jafnt á erlendum bændum sem og íslenskum. Því er allt útlit fyrir áframhaldandi hækkun á matvælaaverði í heiminum. Þar til viðbótar bætist sú þróun að farið er að brenna matvælum sem nota mætti til mannelis. Þar er átt við lífræna eldsneytið sem koma á í staðin fyrir hluta af jarðefnaeldsneyti. Ræktun á korni til eldsneytisframleiðslu þýðir einfaldlega að nota þarf land sem þegar er í ræktun eða brjóta þarf nýtt land undir framleiðsluna. Er þá helst horft til ruðnings skóglendis og þá sérstaklega í Suður Ameríku. Á tímum hlýnunar vegna losunar gróðurhúsa lofttegunda hlýtur það að vekja upp áhyggjur.

### Sérstaða íslensks landbúnaðar

Íslenskur landbúnaður státar sig af hreinleika og sjálfbærni. Sjálfsagt má færa fyrir því rök að svo sé. Við höfum hreint vatn, hreint loft og notkun eiturefna er í minna mæli en hjá mörgum öðrum þjóðum. Það eru lífsgæði sem hafa ber í huga þegar matvælaframleiðsla hér á landi er borin saman við innflutt matvæli. Það leiðir hugann að hugtakinu matvælaöryggi sem er þýðing á enska hugtakinu „Food safety“, en það felur í sér að matvæli séu örugg og heilnæm. Laus við eiturefni og óheilnæm aðskotaefni. Þar er komið inn á kröfuna um rekjanleika og innihaldslýsingu, að neytandinn sé upplýstur um hvernig vöru hann er að kaupa. Eitthvað af matvöru sem kemur erlendis frá skortir merkingar um innihald, hvort hún eða hluti hennar er erfðabreytt afurð eða upplýsingar um rekjanleika. Íslenskar landbúnaðarvörur eru ekki undanskildar þessari kröfu. Stór hluti af því kjarnfóðri sem fluttur er til landsins er erfðabreyttur án þess að þess sé nokkurs staðar getið í innihaldslýsingu fóðurs og því síður á búfjárafurðum sem framleiddar eru með slíku fóðri. Við verðum í ljósi matvælaöryggis og neytendaverndar að eiga innistæðu fyrir yfirlýsingum um hreinleika íslenskrar matvælaframleiðslu.

Í ljósi hækkunar heimsmarkaðsverðs á tilbúnum áburði hljóta að liggja tækifæri í lífrænum landbúnaði, sem ekki er eins háður aðföngum og hækkunar á þeim. Það ásamt því að lífræn ræktun fer betur með jarðveg hlýtur að leiða hugann að því hvort ekki sé tími til kominn að stjórnvöld komi betur til móts við og styrki þá bændur sem eru í lífrænum búskap eða hafa hug á því að skipta yfir úr hefðbundnum búskap. Sá tími sem fer í aðlögun og bið eftir því að ræktunarlandið hljóti vottun fæli einhverja frá því að hefja lífræna ræktun ef ekki kemur til stuðningur hins opinbera, því bændur verða fyrir tekjutapi þennan tíma. Norsk stjórnvöld hafa aukið til muna stuðning sinn við lífrænan landbúnað og þess má geta að Danmörk hefur verið valið land ársins í á BioFach 2009 vörusýningunni, ekki síst vegna lífrænnar þróunar þar í landi. Íslenskur landbúnaður hefur alla burði til að framleiða lífræna og vottaða vöru, því ólíkt löndunum í kring um okkur eru ytri aðstæður, svo sem hreint vatn og jarðvegur, hagstæðari þeim sem vilja skipta yfir í lífrænan búskap. Ef ekki væri fyrir þrautseigju og dugnað framleiðendanna sem hér stunda lífræna framleiðslu, starf landsráðunautar í lífrænni ræktun, og þróunarstarf vottunarstofunnar Túns sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar væri staða lífræns landbúnaðar jafnvel en verr sett. Neytendur eru líka að vakna til vitundar um holla vöru vottaða og upprunamerkta. Það ætti því að vera hagur bænda og neytenda að þessi grein landbúnaðarins fái að dafna og njóti sama stuðnings og hefðbundinn búskapur.

Sigurður Magnússon

Alþingi  
Erindi nr. P 137/767

komudagur 14.9.2009

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT



NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8 – 10.  
150 Reykjavík


Reykjavík, 10. september 2009.

**Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá 1. kafla 1. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, 147. mál.**

Neytendasamtökin telja brýnt, og í samræmi við stefnu og áherslur í Evrópurétti að innflutningur matvæla sé sem frjálsastur, enda leiði slíkt til aukinnar samkeppni sem er til hagsbóta fyrir neytendur. Þá verður ekki séð, enda markmið reglugerðarinnar ekki síður að auka matvælaöryggi, að frjáls innflutningur feli í sér sérstaka hættu á heilsutjóni. Enn fremur hefðu neytendur þá val um að kaupa fremur íslenskar en erlendar vörur. Því hvetja samtökin til þess að heimild ráðherra til að fresta innleiðingu efnisákvæða er varða kjöt, mjólk og egg, en sú heimild kemur fram í 30. gr. frumvarpsins, verði felld burt.

Að öðru leyti er það skoðun Neytendasamtakanna að þær breytingar sem hér er lagt til gerðar verði á löggjöf um matvæli, matvælaeftirlit og fleira séu til bóta miðað við gildandi lög. Samtökin mæla því með samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir



# NORÐURÞING

KETILSBRAUT 7-9 • 640 HÚSAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 137/772*  
*komudagur 15.9.2009*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Húsavík, 11. september 2009  
nr. erindis 200908069


Efni: Alþingi-Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, frumvarp ósk um umsögn

Á fundi framkvæmda- og þjónustunefndar 9. september sl. var eftirfarandi bókun gerð:

*“Byggðarráð vísar þessu erindi til framkvæmda- og þjónustunefndar. Frumvarpið er til laga um endurskoðun á undanþágum frá 1. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 147. mál, matvælalöggjöf, EES-reglur.*

*Nefndin telur sér ekki fært að veita umsögn um erindið.”*

Virðingarfyllst,

  
Tryggvi Jóhannsson  
framkvæmda- og þjónustufulltrúi  
Norðurþings



Reykjavíkurborg  
Borgarlögmaður

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 137/779*  
*komudagur 17.9.2009*

Reykjavík, 15. september  
2009  
R09080063  
175

Alþingi - sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Gautur Sturluson, nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

***Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla viðauka við EES samninginn - 147. mál, matvælalöggjöf, EES reglur.***

Með bréfi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, dags. 24. ágúst, var óskað umsagnar Reykjavíkurborgar um ofangreint þingmál.

Umhverfis- og samgöngusvið sendi, f.h. Reykjavíkurborgar, umsögn um sama mál, dags. 3. mars sl. Þar sem efnisbreytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu síðan þá þykja ekki gefa tilefni til nýrrar umsagnar um málið er umsögn Reykjavíkurborgar frá 3. mars í fullu gildi og sendist hér meðfylgjandi.

Kristbjörg Stephensen, hdl.

Hjálagt:  
Umsögn Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, dags. 3. mars 2009.



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og samgöngusvið

Reykjavíkurborg -Borgarlögmaður  
Ásthildur Sigurðardóttir  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2009  
Tilvísun: 2009020340

**Umsögn um 258. mál, frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. Kafla viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar auk afleiddra gerða.**

**Almennt um frumvarpið:**

Í umsögn þessari er einungis fjallað um breytingar á matvælalögum nr. 93/1995 með síðari breytingum, þar sem mjög skammur frestur var veittur til að veita umsögn. Það er umhugsunarefni, hversu lítið samráð hefur verið haft við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga við vinnslu frumvarpsins, þrátt fyrir óskir um annað og fyrirheit stjórnvalda um nánara samráð.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusvið fagnar þeirri ákvörðun, sem fram kemur í frumvarpinu, að halda fast í að matvælafyrirtæki skuli hafa gilt starfsleyfi um rekstur sinn og leggur áherslu á, að þannig ákvæði haldi sér.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusvið leggur áherslu á, að þrátt fyrir þær breytingar, sem lagðar eru til með frv., að matvælaöryggi verði ávallt haft í fyrirrúmi og gætt verði ýtrustu varúðar þegar frjálst flæði matvæla kemst á hér landi. Matvælaöryggi á Íslandi er eitt hið mesta í heiminum í dag og því dýrmætt að reyna eftir fremsta megni að halda því við.

Það er ljóst, að með tillögnum í frv. mun markaðseftirlit þurfa að stóraukast hér á landi. Markaðseftirlit er í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna og mun kostnaðarauki verða talsverður frá því sem nú er, þegar innflutningseftirlit, sem hefur verið á höndum ríkisvaldsins, fellur niður. Sýnatöku þarf að auka verulega frá því sem nú er og sýnatöku fylgir tilheyrandi rannsóknarkostnaður. Ekki er fullljóst af ákvæðum frv., hvornig fer með þann kostnað og það verður að vera alveg ljóst, hver á að bera þann kostnað. Þá er ljóst, að stórauka verður fræðslu til almennings og fyrirtækja um hollustu og gæði matvæla, matvælamerkingar og annað upplýsandi efni um matvælaöryggi. Gera verður ráð fyrir talsverðum kostnaði við þá fræðslu, sem þarf að vera markviss og stöðug.

Kaflinn um gjaldskrár og innheimtu gjalda vegna eftirlits er óljós og óskýr. Þannig má ráða, að í engu sé verið að breyta gjaldtöku heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, en engu að síður er þar að finna ákvæði um gjaldtöku, sem stangast á við reglur 12. gr. 1. nr. 7/1998 um hollusthætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Þannig er gert ráð fyrir því að viðhalda þeirri grunnreglu um þjónustugjöld, að ekki megi innheimta meira en sannanlega kostnað fyrir eftirlitið, en jafnframt, að gjöld megi ekki vera lægri en kemur fram í reglum Evrópuþingsins og ráðsins. Þarna þarf að skýra, hvaða



## Reykjavíkurborg

Umhverfis- og samgöngusvið

Ákvæði eigi við um gjaldtöku heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusvið lítur svo á, ekki sé ætlast til að sett verði sérstök gjaldskrá fyrir matvælaeftirlit af heilbrigðisnefndum, heldur verði áfram byggt á einni gjaldskrá, sem gildi jafnt fyrir matvælaeftirlit og hollustuháttaeftirlit. Til dæmis má nefna að eftirlit með veitingahúsum felst í því, að sinna hefðbundnu matvælaeftirliti, auk eftirlits með hollustuháttum (salerni, aðstaða gesta o.s.frv.) og fer það eftirlit fram samtímis.

Í athugasemdum með frumvarpinu er staðhæft, að breytingarnar hafi ekki í för með sér aukakostnað fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, þar sem eftirlitsþegar greiði raunkostnað við eftirlitið. Þetta er því miður ekki rétt, þar sem reynslan sýnir, að alls ekki er unnt að reikningsfæra alla vinnu vegna aukins markaðseftirlits og sýntöku, auk þess sem kostnaður vegna fræðslu stóreykst. Ef allt markaðseftirlit og sýnataka færi fram í reglubundnu eftirliti, gæti þetta verið á rökum reist, en svo er bara alls ekki.

Kaflinn um þvingunarúrræði er góðra gjalda verður, skýr og vel framsettur. Þó skortir á í tengslum við þennan kafla, hver eru úrræði eftirlitsþeganna, þegar þeir sætta sig ekki við ákvarðanir eftirlitsaðila. Í lögum nr. 7/1998 er að finna skýr ákvæði um kæruheimildir, þ.e. ákvarðanir má kæra beint til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. 32. gr. og ákvarðanir varðandi starfsleyfi má kæra beint til umhverfisráðherra. Lagt er til að samsvarandi ákvæði verði tekið upp í matvælalögin.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir samræmingarhlutverki Matvælastofnunar og hlutaverki stofnunarinnar lýst nánar í þeim efnunum. Þar er kveðið á um að heilbrigðisnefndir skuli fara að fyrirmælum stofnunarinnar. Ekki er ljóst, að þannig ákvæði standist þegar litið er til sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaganna. Miklu heppilegra er að samræmingarhlutverkið sé með sama hætti og hjá Umhverfisstofnun, enda sé þá öllum ljóst, að þessar stofnanir þurfa fjármagn og mannafla til sinna þessu samræmingarhlutverki sínu, en á því hefur verið misbrestur.

Í frumvarpinu er lagt til að matvælaeftirlit með öllum kjötvinnslum og mjólkurbúum verði fært til Matvælastofnunar. Í greinargerð með frumvarpinu er annarsvegar vísað til þess að þetta sé nauðsynlegt vegna löggjafar Evrópusambandsins og hins vegar vegna þess að þetta komi í veg fyrir skörun eftirlits, það er að bæði Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) hafi eftirlit með sama fyrirtækinu.

Einnig er það nefnt að auðveldara sé að samræma eftirlitið með þessum hætti og að þetta sé í samræmi við það fyrirkomulag sem er við eftirlit með sjávarafurðum. Þá er og nefnt að þessi fyrirtæki dreifi matvælum um allt land og geti dreift á EES svæðinu.

Hið rétta er að ekkert í löggjöf Evrópusambandsins kallar á þessa breytingu. Þetta mun auk þess ekki einfalda eftirlitið með þessum fyrirtækjum. Færa má fyrir því rök að þessi breyting leiði til kostnaðarauka fyrir fyrirtækin. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga mun áfram hafa eftirlit samkvæmt hollustuhátta og mengunarvarnareglugerð með þessum fyrirtækjum og mun því eftir sem áður þurfa að heimsækja þau, auk eftirlitsaðila frá Matvælastofnun. Varðandi sjávarafurðir var gerð breyting á 6 gr.laga um matvæli nr.93/1995 á árinu 2007 og þetta eftirlit flutt til Matvælastofnunar. HES hefur eftir sem áður eftirlit samkvæmt hollustuhátta og mengunarlöggjöf með þessum sömu fyrirtækjum. Enginn rökstuðningur var fyrir þessum breytingum og ekki er að sjá að þær hafi verið til að einfalda eftirlitið eða að samræming matvælaeftirlitsins með þessum fyrirtækjum sé meiri nú en áður. Í niðurstöðum ESA úttekta með þessu eftirliti kemur fram hörð gagnrýni á framkvæmd þess.





## Reykjavíkurborg

Umhverfis- og samgöngusvið

Ef sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og Matvælastofnun hafa svo miklar áhyggjur af samræmingu matvælaeftirlits í landinu eins og fram kemur í greinargerðinu væri heilladrjúgra að sinna því verkefni, sem er eitt af skilgreindum verkefnum Matvælastofnunar, betur en nú er gert og tryggja að nauðsynlegur mannaflí og fjármagn sé til staðar í þetta mikilvæga verkefni.

Rétt er þó að taka fram að almennur árangur matvælaeftirlits í landinu hefur verið góður og því ekkert þar sem kallar á þessa breytingu.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur haft matvælaeftirlit sem og hollustuhátta og mengunareftirlit með þessum fyrirækjum, sem dreifa vörum um allt land og sem eru í útflutningi bæði til EES landa og annarra svæða. Þetta eftirlit hefur ýmist verið í samstarfi við Matvælastofnun eða eitt sér hjá HES og hefur árangur verið góður.

Því mótmælir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þessu harðlega og telur jafnframt að ofangreind breyting geti verið aðför að fjárhagsgrundvelli Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga sérstaklega á landsbyggðinni.

### Athugasemdir við einstakar greinar frv.

**2. gr. frv.:** Í setningunni sem byrjar á „Lögin ná þó til allra efna...” er orðið „þó” ofaukið þar sem öll þessi setning er úr núgildandi matvælalögum og orðið þó hafði þar hlutverk, en þar sem lagt er til að setningunni „ Lögin taka ekki til meðferðar matvæla á einkaheimilum nema þar fari fram framleiðsla matvæla til dreifingar utan heimilisins” í núgildandi lögum, verði felld niður að þá hefur þetta orð ekki neitt að vísa til vísa til og því ekki neinn tilgang.

Einnig er hér bætt við setningunni „ Jafnframt ná lögin til fæðubótarefna ”. Mikilvægt að tekið sé fram að lögin nái líka til fæðubótarefna en vísað er til athugasemda við 3. gr. hér að neðan hvað varðar orðið fæðubótarefni og mikilvægi þess að skorið verði úr um hvaða aðili skuli hafa eftirlit og þvingunarvald með vöru sem inniheldur lyfjavirk efni samkvæmt lista Lyfjastofnunar.

**3. gr. frv.:** Hér er eldri skilgreining á matvælum felld niður og ný skilgreining sett fram. Einnig eru fæðubótarefni skilgreind sérstaklega. Athuga þarf að heitið fæðubótarefni getur verið brot á reglugerð um merkingar matvæla. Er verið að fullyrða að viðkomandi efni bæti fæðuna? Þessi skilgreining eyðir ekki óvissu um það gráa svæði sem verið hefur um það, hvaða eftirlitsaðili skuli hafa eftirlit með vöru sem inniheldur efni sem Lyfjastofnun hefur flokkað sem lyfjavirkt efni eða efni sem getur eftir atvikum verið lyfjavirkt og eru því lyf samkvæmt lyfjalögum. Lyfjastofnun hefur sagt að vegna aðstæðna hjá sér geti hún ekki haft eftirlit með þessum vörum eins og t.d. danska lyfjastofnunin gerir í Danmörku. Áfram mun standa í matvælalögum að: „Lyf, sbr. lyfjalög, tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir, og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga.“ Samkvæmt því hefur heilbrigðiseftirlitið ekki leyfi til aðgerða gegn ofangreindum vörum. Eyða þarf þessari óvissu og kveða skýrt á um hvaða aðili skuli hafa eftirlit með ofangreindum vörum og þar með heimild til að taka vöru af markaði.

**4.gr. frv.:** Hér lagt til að verkefni verði flutt frá HES til Matvælastofnunar. Þessu er mótmælt harðlega sbr. hér að ofan. Réttast væri að leiðrétta þær breytingar sem gerðar voru 2007 á 6. gr. matvælaganna og færa þær fiskvinnslur, sem voru áður undir matvælaeftirliti HES aftur þangað.



**5. gr. frv.:** Þar er lögð skylda á „stjórnanda“ fyrirtækis. Skv. 3. gr. frv. er stjórnandi skilgreindur sem: „..... einstaklingur eða lögaðili, sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um matvæli í matvælafyrirtækjum undir hans stjórn“. Nú er það svo, að stjórnendur í fyrirtækjum geta verið margir eftir atvikum, s.s. stærð og umfangi fyrirtækis. Jafnvel geta verið margir „stjórnendur“, hver á sínu sviði í einu matvælafyrirtæki. Heppilegra er að skylda matvælafyrirtæki til að skilgreina ábyrgðarmann í umsókn í starfsleyfi, sem síðan verði skráður ábyrgur fyrir þessum þáttum.

**6.gr. frv.:** Þar er núverandi 9. gr. breytt og ný kemur í stað þess sem var.

Vakin er athygli á að eftirfarandi ákvæði fellur niður við þessa breytingu: „ Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja ákvæði um tilkynningarskyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli og efni eða efnablöndur sem nota á við framleiðslu og dreifingu matvæla.“ Varla er þarna um meðvitaða ákvörðun um niðurfellingu að ræða, heldur mistök, þar sem breytingin gæti leitt til minna matvælaöryggis en ella.

Í 5. mgr. frv. er lagt til að undanþiggja megi tiltekna aðila starfsleyfis skyldu. Ekki sést tilgangurinn með þessari tillögu. Það, að afla sér starfsleyfis er ekki íþyngjandi fyrir þessa aðila, enda eru lagðar á þá sömu skyldur og aðra til að gæta matvælaöryggis. Miklu fremur dregur undanþágan úr skilvirkni eftirlits með þessum aðilum og hugsanlegum þvingunaraðgerðum eftirlitsaðila, verði brotalöm á starfsemi. Nær væri að undanþiggja þessa aðila greiðslu fyrir starfsleyfið.

**7. gr. frv.:** Í stað orðanna „Ráðherra er heimilt að setja reglur um fræðslu starfsfólks,...“ í 6. málslíð 2. mgr. er heppilegra að orða sem svo: „Ráðherra skal setja reglur... og s.frv.“ Telja verður nauðsynlegt að settar verði skýrar reglur um kröfur til menntunar þeirra sem starfa við matvælaframleiðslu til að auka matvælaöryggi.

**8. gr. frv.:** Ath ný grein um að ekki megi flytja inn fæðubótarefni sem innihaldi lyf eða lyfjavirk efni. Vísað er til athugasemda að ofan um fæðubótarefni.

**11. gr. frv.:** Þar er notað orðalagið „Leitast skal við að vernda hagsmuni neytenda....“ og „Þannig skal leitast við.....“ í 1. mgr. Þarna þarf að kveða skýrar og afdráttarlausar að orði t.d. með því að segja: „Vernda skal hagsmuni neytenda....“ og „Fyrirbyggja skal framleiðslu og markaðssetningu svikinna matvæla.“

**14.gr.frv.:** Hér er lögð til breyting á 22.gr matvælalaga í þá veru að ef bæði Matvælastofnun og heilbrigðisnefnd hafa eftirlitsskyldur með sama fyrirtæki eigi ráðherra að úrskurða hvor aðjilinn fari með eftirlit og leyfisveitingu.

Þetta ákvæði er óþarft ef fallist verður á þau rök sem fram koma í almenna kafla þessarar greinargerða og áréttað er að hér er mögulega verið að færa verkefni frá HES til Matvælastofnunar. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur leggur því til að fyrstu setningu þessarar greinar í frumvarpinu verði sleppt.

**20. gr. frv.:** Vakin er athygli á að við þessa breytingu á 28 gr. sem hér er lögð til að ákvæði um að ráðherra skuli hafa samráða við landlækni ef hættu er talin á að matvæli geti valdi alvarlegu heilsutjóni, er fellt niður. Skýra þarf vandlega í hvaða tilgangi þetta er gert.



## Reykjavíkurborg


Umhverfis- og samgöngusvið

**26. gr. frv.:** Í greininni er lagt til að með mál út af brotum skv. Lögnum skuli farið að hætti opinberra mála. Vakin er athygli á því, að samsvarandi ákvæði hefur verið fellt úr lögum nr. 7/1998 um hollusthætti og mengunarvarnir með síðari breytingum með lögum nr. 156/2008. Sú niðurfelling er óskiljanleg og brýnt að það ákvæði verði endurvakið og samræmis gætt með lögum um matvæli og hollustuháttalögum.

Virðingarfyllst

f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Örn Sigurðsson  
Skrifstofustjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 137/718  
komudagur 13.8.2009

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. sjávarútvegs- og  
landbúnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. ágúst 2009

0902074SA GB  
Málalykill: 087

**Efni: Umsögn um frv. til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I.  
viðauka við EES-samninginn, 147. mál**

Samband íslenskra sveitarfélaga óskar eftir því að koma á framfæri athugasemdum við ofangreint frumvarp, sem nú er til umfjöllunar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis.

Ekki verður séð að neitt tillit hafi verið tekið tillit til athugasemda í umsögn sambandsins og umsögnum heilbrigðiseftirlitsnefnda sveitarfélaga við nánast samhljóða frumvarp sem lagt var fram á 136. löggjafarþingi. Ekkert samráð var haft við sveitarfélögin af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis um það frumvarp sem nú liggur frammi þótt rík ástæða hafi verið til þess að boða þau til fundar um málið. Þessum vinnubrögðum mótmælir sambandið harðlega.

Þá hefur frumvarpið ekki enn verið kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögum. Kostnaðaráhrif felast einkum í þeirri breytingu að innflutt matvæli munu ekki lengur sæta innflutningseftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Þess í stað verður tekið upp markaðseftirliti á vegum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, sem er að áliti sambandsins mun flóknara í framkvæmd. Ekki liggur fyrir hvort sveitarfélögum verður bættur sá kostnaðarauki sem þau munu verða fyrir vegna þessa nýja verkefnis en ljóst er að gjaldtaka mun ekki bæta þann kostnað að fullu.

Jafnframt bendir sambandið á að sú tilfærsla verkefna frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Matvælastofnunar sem lögð er til í frumvarpinu fellur undir 100. gr. sveitarstjórnarlaga og ber að hafa formlegt samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um slíkar tillögur áður en þær eru lagðar fram á Alþingi.


Að öðru leyti vísast til umsagnar sambandsins um sama mál frá 27. febrúar 2009 sem lögð er fram sem fylgiskjal með þessari umsögn.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræðisviðs

fylgiskjal  
Umsögn dags. 27. febrúar 2009



# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi sjávarútvegs- og  
landbúnaðarnefnd  
b.t. Gauts Sturlusonar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. febrúar 2009

0902074SA JF  
Málalykill: 087

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn**

Vísað er til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið kveður á um lagabreytingar vegna breytinga á I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar EES-löggjafar um matvæli og fóður. Frumvarp með sama heiti var lagt fram á 135. löggjafarþingi, 524. mál en gerðar hafa verið nokkrar efnislegar breytingar frá ákvæðum þess frumvarps.

## 1. Almennt um frumvarpið

Sambandið vekur athygli á því að frumvarpið hefur ekki verið kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögunum. Meginbreytingin á verkefnum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga felst í því að innflutt matvæli munu ekki lengur sæta innflutningseftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Þess í stað verður tekið upp markaðseftirlit, sem er að áliti sambandsins mun flóknara og kostnaðarsamara í framkvæmd og mun leiða til hækkunar matvælavæðs. Hvorki hefur farið fram kostnaðarmat á markaðseftirliti né verið ákveðið hvernig sveitarfélögunum verður bættur sá kostnaðarauki sem af slíku eftirliti hlýst. Sama máli gegnir um færslu verkefna frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Matvælastofnunar. Sambandið leggur ríka áherslu á að hér er um verkefnaflutning á milli ríkis og sveitarfélaga að ræða sem ber að hafa samráð við sambandið um sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Í markaðseftirliti felst að starfsmenn heilbrigðiseftirlits leita að innfluttum matvælum í verslunum og kanna gæði og heilbrigði þeirra eftir að þau eru komin á markað. Reynsla af markaðseftirliti með fæðubótarefnum hefur leitt í ljós að slíkt eftirlit er bæði erfitt í framkvæmd og kostnaðarsamt. Ætla má að í Reykjavík einni þurfi að ráða 2–3 nýja starfsmenn til að sinna markaðseftirlitinu, verði frumvarpið óbreytt að lögum, og yrði þrátt fyrir það erfitt að sinna eftirlitinu með fullnægjandi hætti. Hlutfallsleg kostnaðaraukning á öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum er mögulega enn meiri. Að þessu leyti hefur frumvarpið því veruleg fjárhagsleg áhrif fyrir sveitarfélögin.

Þessum aukna kostnaði munu heilbrigðisnefndir reyna að mæta með i gjaldtöku. Ljóst er að innflytjendur og söluaðilar munu velta þeim aukna



kostnaði yfir á neytendur. Af þessum sökum er vert að leita leiða til þess að halda kostnaði við eftirlit í lágmarki. Mætti t.d. kanna hvort unnt er að nýta sérstöðu Íslands þannig að eftirlit með innfluttum matvælum fari fram strax við komu þeirra til landsins. Ekki þyrfti að vera um aukið eftirlit að ræða heldur kynni slík framkvæmd að vera mun einfaldari og hagkvæmari leið fyrir alla aðila en markaðseftirlit. Mikilvægt er að fyrirbyggja fjölgun sjúkdómstílfella vegna neyslu matvæla og eðlilegra væri að ákvæði um skyndiskoðun og sýnatöku til rannsóknar á búfjár- og sjávarafurðum væri framkvæmd strax við komuna til landsins. Rannsóknir og sýnatökur eru bæði dýrar og erfiðar framkvæmdar þegar afurðirnar eru komnar í verslanir, veitingastaði eða til neytenda. Þá er einnig rétt að benda á að eðlilegt væri að innflytjandi matvæla beri kostnað af eftirlitinu frekar en smásalar. Með hliðsjón af hagsmunum neytenda, þ.e. varðandi kostnað og vegna heilbrigðissjónarmiða leggur sambandið til að ekki verði horfið frá rannsóknum við landamæri a.m.k. fyrst um sinn.

Samband Íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á, að þrátt fyrir þær breytingar, sem lagðar eru til með frv., að matvælaöryggi verði ávallt haft í fyrirrúmi og gætt verði ýtrustu varúðar þegar frjálst flæði matvæla kemst á hér landi. Þá er mikilvægt að neytendur geti greint á milli innlendrar og erlendrar framleiðslu. Matvælaöryggi á Íslandi er eitt hið mesta í heiminum í dag og því dýrmætt að reyna eftir fremsta megni að halda því við.

Einnig telur sambandið mikilvægt að Alþingi gangi úr skugga um að þær breytingar á reglum um innflutning matvæla sem lagðar eru til í frumvarpinu hafi ekki neikvæð áhrif á landbúnað og fullvinnslu dýraafurða hér á landi. Sama máli gegnir um mögulega fækkun starfa á landsbyggðinni sem m.a. kann að leiða af ákvæðum III. kafla frumvarpsins.

## 2. Um einstakar greinar

### Um 4. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að matvælaeftirlit með öllum kjötvinnslum og mjólkurbúum verði fært til Matvælastofnunar og eftirlit með inn- og útflutningi búfjárafurða verði fært frá ríki til sveitarfélaga með markaðseftirliti. Líkt og fram hefur komið hefur ekki farið fram neitt kostnaðarmat á þessum verkefnaflutningi og ekki leitað eftir samkomulagi um málið við sveitarfélögin. Sambandið mótmælir því þessum breytingum og leggur til að fallið verði frá þeim.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að breytingarnar eigi sér stoð í löggjöf Evrópusambandsins og þeim sé ætlað að koma í veg fyrir skörun eftirlits, þ.e. að bæði Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafi eftirlit með sama fyrirtækinu. Verkaskipting Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits er mjög óljós t.d. varðandi heimildir til skyndiskoðana. Úrskurðarvald ráðherra skv. 14. gr. frumvarpsins í þeim tilvikum sem eftirlit skarast sýnir að ekki er tryggt að eftirlit muni ekki skarast með þessum breytingum heldur virðist beinlínis gert ráð fyrir því að eftirlit þessara aðila skarist og að það verði leyst með því úrskurði ráðherra.



Ekki verður séð að þetta séu nauðsynlegar breytingar á grundvelli löggjafar Evrópusambandsins. Um annað eftirlit en eftirlit dýralækna með sláturhúsum, kjötstykkjunartöðvum og villibráð ákveður hvert land fyrir sig hver skuli fara með eftirlitið. Færa má rök fyrir því að þessar breytingar hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir fyrirtækin þar sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga mun áfram hafa eftirlit á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og verður því um tvo eftirlitsaðila að ræða í stað eins. Ekki verður séð að breytingin leiði til aukinnar samfellu í eftirliti en með núverandi eftirliti er samfella annars vegar frá býli til sláturhúss og hins vegar frá kjötvinnslu til verslunar.

Almennur árangur matvælaeftirlits í landinu hefur verið góður og því ekkert þar sem kallar á þessa breytingu. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur haft matvælaeftirlit sem og hollustuhátta- og mengunareftirlit með þeim fyrirækjum, sem dreifa vörum um allt land og sem eru í útflutningi bæði til EES landa og annarra svæða. Eftirlitið hefur ýmist verið í samstarfi við Matvælastofnun eða einungis á vegum heilbrigðiseftirlitsins og árangur þess verið góður. Þær breytingar sem lagðar eru til eru einnig til þess fallnar að grafa undan rekstargrundvelli heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem færri fyrirtæki verða til að standa undir föstum kostnaði við rekstur heilbrigðiseftirlitsins.

#### Um 5. gr.

Lagt er til að matvælafyrirtæki verði skyldug til að tilgreina ábyrgðarmann þeirra þátta sem ákvæðið lýtur að í umsókn um starfsleyfi.

#### Um 7. gr.

Mjög mikilvægt er að ráðherra setji reglur um að þeir sem starfi við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla. Því er lagt til að í stað þess að kveðið sé á um að ráðherra sé heimilt að setja reglur í 5. málslíð 2. mgr. 7. gr. verði ráðherra *skylt* að setja reglur þar að lútandi.

#### Um 11. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um að leitast skuli við að vernda hagsmuni neytenda. Sambandið telur nauðsynlegt að hér sé kveðið á með skýrum og afdráttarlausum hætti að vernda skuli hagsmuni neytenda.

#### Um 14.gr.

Í 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um úrskurðarvald ráðherra í þeim tilvikum sem bæði Matvælastofnun og heilbrigðisnefnd hafa eftirlitsskyldur með sama fyrirtækinu. Ítrekað er að í frumvarpinu felast verkefnaflutningar á milli heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar og er því nauðsynlegt að samráð sé haft við sveitarfélögin áður en til lögfestingar þess kemur. Ákvæðið sýnir berlega að mikil hætta er á tvöföldu eftirliti og að eftirlitsskyldur heilbrigðiseftirlits og Matvælastofnunar kunni að skarast.



**Um 26. gr.**


Í 3. mgr. 26. gr. er kveðið á um að með mál vegna brota á 1. og 2. mgr. skuli farið að hætti opinberra mála. Vakin er athygli á því, að samsvarandi ákvæði hefur verið felld úr lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum með lögum nr. 156/2008. Lagt er til að þeim lögum verði einnig breytt og samræmis milli laga um matvæli og laga um hollustuhætti og mengunarvarna verði tryggt.

**Um 33. gr.**

Í 2. mgr. 33. gr. er kveðið á um að sækja þurfi um leyfi til Matvælastofnunar til að starfrækja stöðvar sem annast vinnslu úrgangs úr sjávar- og eldisafurðum, t.d. lífgas- og myltingarstöðvar. Hér er um að ræða endurvinnslu úrgangs sem fellur undir ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, en samkvæmt henni er heilbrigðisnefndum sveitarfélaga ætlað að veita starfsleyfi fyrir slíka starfsemi. Ef ákvæðið verður lögfest óbreytt kunna því lagaákvæði að stangast á þannig að sækja þurfi um tvöfalt leyfi fyrir viðkomandi starfsemi. Sama athugasemd á við um leyfi til flutnings úrgangs til endurvinnslu eða urðunar, sbr. 1. mgr. 33. gr.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræðisviðs





Erindi nr. P 137/793  
komudagur 18.9.2009

Alþingi  
b/t allsherjarnefnd.  
Austurstræti 8-10 150 Reykjavík

Seyðisfirði 14. sept 2009

**Efni : Umsögn SSA um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar ,149. mál.**

Framkvæmdastjóri SSA hefur 25. ágúst sl. óskað eftir umsagnarfresti.

Stjórn SSA tók frumvarpið fyrir á fundi sínum á Vopnafirði 26. ágúst.sl.  
Samþykkt var að formaður SSA og framkvæmdastjóri veiti umsögn með vísan í umræður á stjórnarfundinum. Til hliðsjónar verði höfð m.a umsögn Sambands isl. sveitarfélaga.

**Umsögn stjórnar SSA :**

\*Tekið er undir það megingjónarmið frumvarpsins að auka beri áhrif kjósenda á hvaða einstaklingar verði kjörnir til setu í sveitarstjórnnum .

\*Góðan tíma þarf til að undirbúa breytingar og efasemdir eru uppi um að rétt sé að "prufukeyra" svo viðamiklar breytingar í næstu sveitarstjórnar kosningum eftir 9. mánuði.

\*Rétt getur verið að kveða á um heimild til sveitarfélaga um að viðhafa persónukjör fremur en að skylda öll sveitarfélög til þess.

\*Svo virðist sem erfitt geti verði að fá einstaklinga til að bjóða sig fram til setu í sveitarstjórnnum t.d á landsbyggðinni á vori komandi , sérstaklega í lykilsæti. Nýtt kosninga-fyrirkomulag kann að auka á þá erfiðleika.

\*Svo er að sjá að með breytingunni fari prófkjör fram samhliða sveitarstjórnarkosningum.

\*Sú kosningaaðferð sem lögð er til í frumvarpinu mun torvelda það að stjórn málahreyfingar sameinist um framboð ,en slíkt hefur verið nokkuð algengt t.d á landsbyggðinni.

\*Með persónukjörinu felst ekki trygging milli kynja í efstu sætum lista.

\*Skýra þarf betur t,d. framkvæmd utankjörfundar atkvæðagreiðslu.

\*Talning atkvæða mun verða tímafrek.

\*Ef persónukjör nær fram að ganga við sveitarstjórnarkosningarnar í maí nk. tekur stjórn SSA undir með stjórn Sambands isl. sveitarfélaga að eðlilegt sé að gera þá kröfu að ríkissjóður bæti sveitarfélögunum þann viðbótarkostnað sem af frumvarpinu leiðir.

\*Almenn umræða og kynning hefur engin verið Stefnan er sett á að bæta úr því t.d með kynningum fyrir sveitarstjórnarmenn á aðalfundum landshlutasamtakanna nú í haust.

f.h. stjórnar SSA

Sign: Bj. Halþór Guðmundsson form. stjórnar SSA.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri SSA

Alþingi  
Erindi nr. P 137/807  
30.9.2009

THE ICELANDIC DAIRIES' ASSOCIATION, BITRUHÁLSKOMMUNDAAGAR, ICELAND.  
TEL.: (+354) 569 2219. FAX: (+354) 569 2210 E-MAIL: sam@sam.is



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

29.9.2009

**Efni: Umsögn um þingskjal 241 - 147. mál; Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanbágum frá I. kafla I. viðauka við EES samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.**

Í umsögnum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf (SAM) um frumvörp sama efnis frá 4.3.2009 og 5.5.2008 lögðu samtökin mikla áherslu á að hreinleiki íslenskra landbúnaðarafurða er eitt helsta samkeppnisforskot sem íslenskur landbúnaður og úrvinnslugreinar hans hafa í samkeppni við erlendar matvörur. Hreinleika afurðanna er mikilvægur þáttur í samkeppnis-stöðu íslenskra mjólkurafurða bæði hér heima og erlendis.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf fagna því að nú er lagt til að óheimilt sé að flytja til landsins m.a. hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar.

Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf (SAM) telja að í frumvarpinu sé enn gengið of skammt í banni við innflutningi á vörum sem kunna að valda smithættu fyrir íslenskt búfé. Þess vegna vilja SAM sérstaklega taka undir athugasemd Bændasamtaka Íslands um að í 32. grein frumvarpsins þurfi að bæta inn banni við innflutningi á hráum eggjum og ógerilsneyddum eggjamassa, ógerilsneyddri mjólk og vörum unnum úr henni og óhitameðhöndlaðri gróðurmold – en öll þessi atriði eru tilgreind í nógildandi lögum.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf vilja einnig taka undir aðrar athugasemdir um frumvarpið.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf,

Magnús Ólafsson  
Stjórnarformaður



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. september 2009

**Efni:** Umsögn um stjórnarfrumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiðdra gerða, 147. mál.

Samtök atvinnulífsins, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva styðja eindregið að leidd skuli í lög hér á landi matvælalöggjöf Evrópusambandsins.

Meginatriði löggjafarinnar er að ekki er lengur greint á milli sjávarafurða, búfjárafurða og annarra matvæla heldur gilda í meginatriðum sömu kröfur um framleiðslu matvæla. Þetta tryggir jafnari samkeppnisstöðu íslenskrar matvælaframleiðslu gagnvart framleiðslu á EES svæðinu og skapar fyrirtækjum aukna möguleika til að flytja inn hráefni til framleiðslu sinnar, aukna möguleika til nýsköpunar, vöruþróunar og almennra viðskipta. Að auki greiðir löggjöfin leið heilnæmra íslenskra landbúnaðarafurða á innri markaðinn í Evrópu.

Góð reynsla er af þeim lögum sem tryggja aðgengi sjávarafurða að mörkuðum í Evrópu. Afleiðingar þess að taka ekki upp endurskoðaða matvælalöggjöf ESB yrðu sjávarútvegi mjög þungbærar og geta leitt til þess að íslenskar sjávarafurðir eigi ekki óhindrað aðgengi að mörkuðum í Evrópusambandinu og að Ísland yrði flokkað sem svo kallað þriðja ríki gagnvart ESB. Það myndi leiða til gríðarlegs óhagræðis vegna verulega aukins eftirlits við innflutning inn á evrópska efnahagssvæðið. Því fylgja tafir í kjölfar eftirlits og sýnatöku. Stór hluti útflutnings byggir á því að koma ferskri vöru til neytenda eins hratt og kostur er og því gæti þetta ógnað tilveru fyrirtækja og atvinnulífs víða um land auk þess sem tengdar greinar myndu bíða skaða af.

Það er krafa samtakanna að Matvælastofnun geri samninga við skoðunarstofur um eftirlit skv. lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða með síðari breytingum þannig að skoðunarstofurnar hafi svipuðu hlutverki að gegna framvegis eins og þær hafa gegnt undanfarin ár. Skoðunarstofur eru óháðar í dag og verða það áfram með óbreyttum lögum. Þær verða ekki meira óháðar við það að gera fyrst samning við stjórnvöld um að sinna eftirliti gagnvart fyrirtækjum, en að gera beint samning við fyrirtæki um eftirlit hjá því. Í báðum tilfellum er eftirlitsaðilinn undir eftirliti stjórnvaldsins sem getur afturkallað starfsleyfi eftirlitsaðilans ef ástæða er til. Það ætti því að vera sérstök ástæða til að einmitt að tryggja eftirlit stjórnvaldsins með því að greina á milli aðila eins og gert er í dag. Mikil ánægja hefur ríkt með þetta fyrirkomulag og engar ástæður til að þar verði breytingar á enda engar slíkar kröfur að finna í reglugerðum ESB.

Auk þessa telja samtökin að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga standist ekki kröfur sem gerðar eru til þess (reglugerð ESB 8832/2004) að eftirlitsaðilar séu óhlutdrægir og að engir hagsmunaaðrekstrar eigi sér stað við framkvæmd eftirlitsins. Til þess eru sveitarfélögin allt of tengd fjölbreyttri atvinnustarfsemi sem hafa á eftirlit með auk þess að stunda margs konar eftirlitsskyldan rekstur. Matvælastofnun hefur að auki ekkert formlegt boðvald yfir heilbrigðisnefndum. Endurskoðun

heilbrigðiseftirlits er afar brýnt verkefni og í raun nauðsynlegt til að markmið matvælalöggjafarinnar geti náð fram að ganga.

Á Íslandi er rekið víðtækara starfsleyfakerfi en kunnugt er um í nálægum löndum. Að auki hafa eftirlitsaðilar nánast ótakmarkaða möguleika til að endurskoða starfsleyfin og þau þar að auki tímabundin. Miklir möguleikar eru til einföldunar með því að gefa út samræmdar reglur um skilyrði til atvinnurekstrar og tilkynningarskyldu í stað starfsleyfa. Fyrirtækin hafa þá samþykki stjórnvalda til reksturs á meðan þau uppfylla skyldur sínar en eftirlitsaðilar fylgjast með því að svo sé á hverjum tíma. Starfsleyfin hafa í för með sér íþyngjandi reglubyrði sem í flestum tilvikum er langt umfram það sem eðlilegt getur talist með hliðsjón af umfangi og eðlis viðkomandi reksturs.

Samkvæmt reglugerð ESB (882/2004) á opinberu eftirliti að vera sinnt reglulega og nægilega oft, byggjast á áhættumati og taka tillit til þekkrar hættu, skráðra heimilda um stjórnendur fyrirtækjanna um hvort þeir hafi farið að lögum og reglum, áreiðanleika innra eftirlits og upplýsinga sem geta bent til þess að ekki sé farið að reglum. Í reglugerð (854/2004) er að finna sambærileg ákvæði um að úttektir í einstökum starfsstöðvum skuli miðast við metna áhættu og mati á hvort lýðheilsu og heilbrigði dýra sé hættu búin, mati á velferð dýra í sláturhúsum, mati á framleiðsluferli og afköstum og mati á því hvort stjórnandi hafið farið að lögum til þessa. Samkvæmt þessu er unnt að draga úr opinberu eftirliti hjá fyrirtækjum sem standa sig vel, þar sem innra eftirlit er í góðu lagi og áhætta lítil. Þessi ákvæði eru komin að hluta í frumvarpið, en mikilvægt er að meginsjónarmið áhættugreiningar endurspeglar í frumvarpinu.

Matvælalöggjöfmið leiðir einnig til þess að landbúnaðarafurðir frá ESB eiga greiðari aðgang að íslenskum markaði en þurfa að sjálfsögðu að uppfylla kröfur um gæði og vera lausar við sýkingar eins og lýst er í frumvarpinu og greinargerð með því. Þetta getur skapað innlendum framleiðendum búfjárafurðir ný tækifæri til útflutnings afurða á markaði ESB auk þess sem innlendir framleiðendur geta með auðveldari hætti fengið hráefni til framleiðslu sinnar frá ESB en áður. Það er þó mikilvægt að hugað sé rækilega að samkeppnishæfni íslenskrar landbúnaðar- og matvælavinnslu þannig að henni verði ekki ógnað. Auk þeirrar tollverndar sem greinin mun njóta áfram er mikilvægt að gætt verði þess að fyrirtækjunum verði ekki íþyngt meira en nauðsyn ber til með alls kyns ákvæðum um eftirlit, leyfisveitingar og refsingar. Mikilvægt er að tíminn fram að gildistöku ákvæða um búfjárafurðir verði nýttur til þess að meta áhrif þeirra breytinga sem verið er að innleiða, kynna þær fyrir atvinnugreininni og ráðast í þær úrbætur sem nauðsynlegar eru á starfsumhverfinu.

Frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum frá því það var fyrst lagt fram á og hefur m.a. verið tekið tillit til nokkurra athugasemda sem samtökin gerðu í umsögnum sínum frá 6. maí 2008 og 4. mars 2009. Þannig hafa ákvæði um eftirlitsgjöld verið löguð að reglugerðum ESB, ákvæði um áhættumat hafa verið styrkt og eins er opinberum eftirlitsaðilum (Matvælastofnun og heilbrigðisnefndum) heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum að annast verkefni við framkvæmd eftirlits, en sú breyting gekk ekki nógu langt.

Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagna samtakanna um hliðstætt frumvarp og sendar voru til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Aipingsis.

Virðingarfyllst,



Samtök atvinnulífsins



Landssamband íslenskra  
útvegsmanna

Samtök fiskvinnslustöðva



**SHÍ**

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

**Alþingi**  
Erindi nr. P/37/780  
komudagur 17.9.2009

**Nefndasvið Alþingis**  
**Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Selfossi 17. september 2009

**Efni: Umsögn SHÍ um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 147. mál, matvælaöggjöf, EES reglur.**


Á aðalfundi SHÍ þann 10. september sl. var tekið fyrir bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar þar sem meðfylgjandi matvælafrumvarp var sent til umsagnar. Á fundinum var samþykkt eftirfarandi bókun sem umsögn samtakanna um frumvarpið:

*„Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi haldinn að Hótel Glym í Hvalfirði 10. september 2009 beinir þeim eindregnu tilmælum til Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis að taka til ítarlegrar skoðunar umsagnir heilbrigðiseftirlitssvæðanna á Íslandi en í þeim er að finna samhljóm sem samtökin taka að fullum þunga undir. Umsagnir heilbrigðiseftirlitssvæðanna byggja á mikilli reynslu, útfærslu laga og reglugerða á þessu sviði auk faglegra raka um einföldun stjórnslu, bætt matvælaöryggi og hagkvæmni við framkvæmd þess.“*

Með ofangreindri bókun vilja Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi leggja áherslu á að tekið verði tillit til umsagna þeirra tíu heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfa á landinu.

Þannig leggur SHÍ þunga sinn á þær umsagnir og gerir þær að sínum.

F.h. SHÍ,

  
Elsa Ingjaldsdóttir



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 17. september 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, 147. mál.**

Samtök iðnaðarins styðja eindregið að matvælaeftirlit í landinu verði samræmt og gert skilvirkara og að sömu reglur gildi á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, frá hafi og haga til maga. Samkvæmt frumvarpinu er kveðið skýrt á um að Matvælastofnun skuli hafa yfirumsjón með matvælaeftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og að stofnunin skuli gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur til að tryggja samræmt eftirlit. Þetta telja Samtökin vera skref í rétta átt en augljóst er að mikið óhagræði felst í því að matvælaeftirlit í landinu skuli vera á hendi svo margra aðila. Samtökin telja að skrefið eigi að stíga til fulls og færa allt opinbert matvælaeftirlit undir Matvælastofnun. Einnig telja Samtökin mikilvægt að heimildir til að fela faggiltum skoðunarstofum matvælaeftirlit verði nýttar þar sem það á við.

Samkvæmt hinni nýju löggjöf á matvælaeftirlit að byggjast á áhættumati. Jafnframt er gefið í skyn að innra eftirlit fyrirtækja geti verið þáttur í opinberu eftirliti. Samtökin leggja áherslu á að skýrar heimildir verði í lögnum til að draga úr opinberu eftirliti hjá fyrirtækjum sem hafa innra eftirlit í góðu lagi og þar sem áhætta er lítil.

Í frumvarpinu er fjallað um kostnað við matvæla- og fóðureftirlit og ljóst er að heildarkostnaður við eftirlitið mun aukast umtalsvert. Útgangspunktur í þessari nýju löggjöf er neytendavernd og verður að teljast eðlilegt að hið opinbera standi að stórum hluta straum af hinum aukna kostnaði. Í frumvarpinu eru heimildir til að taka sérstakt tillit til þarfa fyrirtækja með litla framleiðslu og sem búa við sérstakar landfræðilegar aðstæður. Færa má rök fyrir því að öll íslensk fyrirtæki falli í þennan flokk í samanburði við risavaxna erlenda samkeppnisaðila. Því leggja Samtökin áherslu á að ráðherra nýti þessar heimildir eins og kostur er og að eftirlitsgjöldum verði eins stillt í hóf og löggjöfin framast leyfir.

Samtökin leggja mikla áherslu á að ráðherra hafi samráð við hagsmunaaðila við setningu gjaldskrár fyrir opinbert eftirlit og fagna því að inn í frumvarpið frá í fyrra hefur verið bætt ákvæði um að leitað skuli umsagnar hagsmunaaðila. Samráð verður að hafa við hagsmunaaðila hvort sem um er að ræða gjaldskrár vegna eftirlits Matvælastofnunar eða heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Að öðru leyti vísa Samtök iðnaðarins til fyrri umsagna um frumvörp sama efnis og lýsa yfir stuðningi við umsögn Samtaka atvinnulífsins og fleiri samtaka varðandi skipan matvælaeftirlits, skráningarskyldu og eftirlitsgjöld.



Samtökin fara eindregið fram á að taka þátt í þeirri endurskoðun á heildarlöggjöf um matvæli sem blasir við verði þetta frumvarp að lögum. Jafnframt óska Samtökin eftir að fá rúman umsagnarfrest um Evrópuregiugerðirnar, sem hér um ræðir, þegar þær verða innleiddar í íslenska löggjöf.

Virðingarfyllst,  
SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jón Steindór'.

Jón Steindór Valdimarsson,  
framkvæmdastjóri

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ragnheiður Héðinsdóttir'.

Ragnheiður Héðinsdóttir,  
forstöðumaður matvælasviðs

Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. september 2009

**Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. Kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða“.**

Hér verður fjallað um tiltekna þætti frumvarpsins en almennt styðja Samtök verslunar og þjónustu, SVP, að leidd skuli í lög hér á landi matvælalöggjöf Evrópusambandsins. Sérstök áhersla er þó lögð á mikilvægi þess að flytja megi inn til landsins hrátt ófrosið kjöt til að skapa eðilega samkeppni og styðja frjálsa verslun. Ennfremur vekja samtökin sérstaka athygli á 11. athugasemd að neðan sem varðar lög 22/1994 m.t.t. frjáls flæðis dýrafóðurs.

Samtök verslunar og þjónust gera eftirfarandi athugasemdir við umrætt frumvarp:

1. athugasemd 2. gr. *“...til einkanota eða til vinnslu, meðferðar eða geymslu á matvælum til einkaneyslu”.* Vakin er athygli á óskýru orðalagi greinarinnar, þ.e. nú er sett inn í málsgreinina „eða til vinnslu.” Almennt er orðið vinnsla látið skýra hluta af framleiðsluferli innan fyrirtækja.
2. athugasemd. 4. gr. Hér er undir b-lið vísað til kjötvinnslna sem starfræktar eru í smásöluverslunum. Við vörum við notkun á orðinu kjötvinnsla í þessu samhengi. Kjötvinnsla nær yfir margskonar ferli, s.s. að skrokkar eða hlutar af skrokkum séu úrbeinaðir og unnir til t.d. skinkuframleiðslu eða til reykingar, og í þessu tilviki í búðum. Það gengur engan veginn að eiginleg kjötvinnsla (sem starfsemi) geti verið innan smásöluverslunar. Því verði að skerpa á hugtakinu kjötvinnsla.
3. athugasemd 8. gr. Hér lokað á hugsanlegan innflutning matvæla (þ.m.t. fæðubótarefni) sem innihalda “lyfjavirkefni”. Velt skal upp þeirri spurningu hvort matvæli sem innihalda þessi efni kunni að vera markaðssett með löglegum hætti ef styrkur efnanna er undir skilgr. hámarksgildum fyrir matvæli.



4. athugasemd  
17. gr. (b.liður) *“...þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar”* sbr. liður b.  
Heimild til innheimtu eftirlitsgjalda, skv. skilgr. í greininni er of opin.  
Við viljum ennfremur vekja athygli á mikilvægi þess að gjaldsrkárheimildir séu skýrar. „Tengdur kostnaður” er víðtækt hugtak.
5. athugasemd  
17. gr. *“Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal taka tillit til eftirfarandi atriða: a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta:”*  
Hér er óljóst hvað átt er við með „viðkomandi áhættuþáttum”. Hvaða kröfur eru gerðar þegar ákveðið er um tilvist áhættuþátta? Hvaða almennu skilyrði þurfa að vera uppfyllt?  
Hér er ennfremur áréttað mikilvægi þess að samræmi sé í gjaldskrár Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda og að öll fyrirtæki sitji við sama borð hvað varðar gjöld og tíðni eftirlits.
6. athugasemd  
19. gr. Löggö er áhersla á að fyrirhöfn og kostnaður sem lagður sé á fyrirtæki vegna “tilkynninga” sé sem minnstur. Ennfremur er mikilvægt að Matvælastofnun bjóði upp á sem skilvirkasta þjónustu þannig að ekki sé um óbeina viðskiptahindrun að ræða þegar kemur að tilkynningum um innflutning.
7. athugasemd  
21. gr. Það virðist vera skörun milli ákvæða í 1. mgr. 21. gr. og c-liðar 5. gr. (8. gr. c) hvað varðar hlutverk og skyldur stjórnanda matvælafyrirtækis og eftirlitsaðila varðandi upplýsingagjöf til neytenda og aðgerðir ef rökstuddur grunur er um að vörur sem ekki uppfylla öryggiskröfur eru á markaði. Hér þarf að áréttta mikilvægi samvinnu (e.t.v. í reglugerð), þ.e. hver geri hvað og á hvaða forsendum.  
Tryggja verður með skýru orðavali upplýsingargjöf aðila á öllum stigum matvælakeðjunnar og að hún sé gagnkvæm í báðar áttir.
8. athugasemd  
21. gr. Ákvæði 2. og 3. mgr. um opinbera birtingu þarfnast klárlega góðrar kynningar frá hendi stjórnvalda þar sem hér er um nýjung að ræða. Hvaða aðferðir verða notaðar?
9. athugasemd  
23. gr. *“.....að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef rökstuddur grunur er um að matvæli séu heilsuspillandi, óhæf til neyslu eða valdi tjóni á öðrum hagsmunum”.*

Við viljum vekja athygli á að orðalagið er óskýrt: Hverjir kunna þessir “aðrir hagsmunir” að vera? Þetta má túlka með víðum hætti.

10. athugasemd  
30. gr.

“...fresta efnisákvæða reglugerða sem getið er í 3. mgr. 31. gr. a og varða kjöt, mjólk og egg til 1. maí 2011”


Samtök verslunar og þjónustu mótmæla harðlega því hvernig frelsi í verslun er skert með þessu ákvæði um 18 mánaða aðlögunartíma. Með þessu er frelsi til verslunar verulega skert án nægilegs rökstuðnings. Frelsi til innflutnings búfjárafurða á að byggja á sama lagagrunni hvaða varðar heilbrigðisreglur eins og bæði fiskur og fiskafurðir.

11. athugasemd  
Lög 22/1994

Vísað er til breytinga á lögum nr. 22/1994. Athygli vekur að í þessum breytingapakka er ekki á nokkurn hátt hreyft við núverandi reglum um innflutning á gæludýrafóðri (hunda- og kattamat, sem innheldur dýraafurðir) og þannig tryggt frjálst flæði innan EES svæðisins. Enn þarf að skrá vörur hjá Matvælastofnun með ítarlegum upplýsingum beint frá framleiðanda áður en varan er keypt og flutt inn. Þetta felur í sér viðskiptahindrun því innfytjendur gætu annars keypt vöruna af vöruhúsi innan svæðisins og flutt inn til landsins á mun ódýrari hátt.

Virðingarfyllst,

F.h. SVÞ



Ólafur Reynir Guðmundsson

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 137/802**  
**komudagur 24.9.2009**

Alþingi - Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



**UMHVERFISSTOFNUN**


Reykjavík, 22. september 2009  
Tilvísun: UST20090800078/sá

**Umsögn - frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 147. mál.**

Með bréfi, dags.24. ágúst 2009, sendi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 147. mál.

Umhverfisstofnun vísar til meðfylgjandi umsagnar um frumvarp sama efnis frá 4. mars 2009.

Virðingarfyllt

  
Kristín L. Arnadóttir  
Forstjóri

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

Alþingi - Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 4. mars 2009  
Tilvísun: UST20090200116/sá


**Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn-258. mál.**

Með bréfi, dags. 18. febrúar 2009 var Umhverfisstofnun sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Í 33. gr. frumvarpsins er fjallað um aukaafurðir dýra. Ákvæðið er sett til innleiðingar reglugerð (EB) nr. 1774/2002 um sama efni. Segir í 3. mál. 1. mgr. 33. gr. frumvarpsins að ef aukaafurðir dýra teljist til úrgangs gildi um starfsemina ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Í almennum athugasemdum, kafla V. bls. 36 segir að samkvæmt reglugerð (EB) 1774/2002 verði íslensk yfirvöld skuldbundin til þess að farga úrgangi sem tilkominn er vegna riðu með brennslu. Jafnframt verði að álykta svo að yfirvöldum sé skylt að sjá til þess að slík aðstaða sé fyrir hendi en svo sé ekki hér á landi. Í athugasemdum með 33. gr segir enn fremur að hafa verði í huga að reglur um eyðingu úrgangs sem eigi sér stað í brennslustöðvum lúti valdsviði umhverfisráðuneytisins og eftirliti Umhverfisstofnunar. Í kostnaðarmati sem fylgir frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir kostnaði við að útvega þá aðstöðu sem gert er ráð fyrir í athugasemdum með frumvarpinu. Í bréfi sem samráðshópur um kaup á færanlegum brennsluofni sendi sóttvarnalækni þann 26. september 2008, sbr. fylgisjal dags. 15. ágúst 2008, kemur fram að kostnaður við kaup á slíku tæki sé um 21,4 m. kr. miðað við gengi bandaríkjadollars sem þá var 92 kr. Ekki liggur fyrir mat á rekstrarkostnaði tækisins. Meðfylgjandi er bréf samráðshópsins ásamt fylgigögnum. Einnig er meðfylgjandi svar Sóttvarnalæknis til formanns hópsins, dags. 20. nóvember 2008. Ljóst er að ekki verða starfræktar brennslustöðvar innan hvers sóttvarnarsvæðis og því er nauðsynlegt að hafa færanlega brennslustöð til taks svo ekki komi til óæskilegs flutnings slíks úrgangs yfir varnarlinur. Umhverfisstofnun telur með vísun til þess sem að framan segir að ekki sé unnt að framfylgja 33. gr. frumvarpsins, verði það að lögum, nema gert verði ráð fyrir kostnaði við kaup og rekstri á færanlegri brennslustöð.

Virðingarfyllst

  
Kristín Linda Árnadóttir

  
Sigrún Agústs dóttir